ANNA SÓLEY EYJÓLFSDÓTTIR

*Notar fermingarkápuna við fínni tækifæri*

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




VELJUM ÍSLENSKT

*Hönnun, smíði, listsköpun og ræktun*

Sérblaðið Veljum íslenskt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. apríl 2009 — 96. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


FIMMTUDAGUR



**Vex með hverju ári**

Listahátíðin List án landamæra sett í sjöunda sinn.

TÍMAMÓT 30



**Stjörnur fengu hjörtu**

Forsetafrú Íslands gaf Cherie Blair og Mariu Shriver hjörtu Andreu Róberts.

FÓLK 50

**Þriggja kosta völ?**

„Frakkar fórnuðu frankanum, Þjóðverjar markinu og þannig áfram land úr landi til að girða fyrir gengissveiflur“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 22



**Aftur á toppinn**

Man. Utd skaust aftur á toppinn í enska boltanum í gær með sigri á Portsmouth.

ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Í dag verður allhvasst af austri syðst og af norðaustri á Vestfjörðum annars 5-10 m/s. Skúrir sunnan til, slydda fyrir hádegi á Vestfjörðum annars bjart með köflum, einkum eystra.

VEÐUR 4

# Stór vígi hrynja hjá Sjálfstæðisflokknum

**Sjálfstæðisflokkurinn tapar um 20 prósentustigum í Reykjavík suður og í Suðvesturkjördæmi, samkvæmt nýjum könnunum Fréttablaðsins og Stöðvar 2.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn hefur aðeins 23,1 prósents fylgi í Suðvesturkjördæmi og 20,4 prósent fylgi í Reykjavíkurkjördæmi suður, samkvæmt nýjum skoðanakönnunum Fréttablaðsins og fréttastofu Stöðvar 2. Það þýðir að í kjördæmunum tveimur fengi flokkurinn einungis fjóra kjördæmakjörna þingmenn, tvo í hvoru kjördæmi, en hefur nú tíu. Að auki var Ragnheiður Ríkharðsdóttir kjörin á þing sem jöfnunarmaður í Suðvesturkjördæmi.

Höfuðborgarsvæðið hefur verið sterkasta vígi Sjálfstæðisflokksins, sérstaklega Suðvesturkjördæmi. Í síðustu kosningum hlaut flokkurinn 42,6 prósent atkvæða í Suðvesturkjördæmi, sem er kjördæmi bæði formanns flokksins og varaformannsins. Flokkurinn hlaut 39,2 prósent atkvæða í Reykjavíkurkjördæmi suður. Samkvæmt þessum könnunum er Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar þriðji stærsti flokkurinn í hvoru kjördæmi og tapar um 20 prósentustigum í hvoru fyrir sig.

Borgarahreyfingin fengi mann kjörinn í hvoru kjördæmi fyrir sig og í báðum kjördæmum er Samfylking stærsti flokkurinn. Í Reykjavíkurkjördæmi suður segjast 39,4 prósent myndu kjósa Samfylkinguna en fylgi flokksins er 32,2 prósent í Suðvesturkjördæmi.

Vinstri græn bæta einnig verulega við sig fylgi í báðum kjördæmum. 24,1 prósent styður flokkinn í Reykjavíkurkjördæmi suður og hefur hann sama fylgi í Suðvesturkjördæmi.

- ss/ sjá síður 4 og 18

Gömul hefð aflögð eftir slys:

## Hálsbrotnaði í gangaslag MR

**SLYS Hræðilegt slys varð þegar gangaslagur Menntaskólans í Reykjavík fór fram á þriðjudag. Ragnar Stefánsson hringjari skólans fékk högg á hálsinn í miðjum slagnum og síðar kom í ljós að hann hafði hálsbrotnað.**

**„Við erum öll í losti hérna. Bekkjarfélagar, skólafélagar og starfsfólk skólans,“ segir Yngvi Pétursson, rektor MR. Líðan Ragnars er eftir atvikum góð.**

**Gangaslagur hefur viðgengist í MR síðan seint á nítjándu öld. Í slagnum reyna elstu bekkingar að hringja bjöllu en yngri bekkingar reyna að varna því. Þetta alvarlega slys setur þó strik í reikninginn. „Þetta er búið að vera á skilorði síðustu þrjú árin. Ég geri ráð fyrir að þetta verði lagt af,“ segir Yngvi Pétursson.**

-hdm / sjá síðu 50



**ÞÖGLI MINNIHLUTINN** Þessir kátu nemar brugðu sér í gervi Charlie Chaplin í gær í tilefni af dimmisjón í Menntaskólanum í Reykjavík. Nú styttist óðum í að þeir þreyti síðustu prófin við menntaskólann og því ærið tilefni til að sletta svolítið úr klaufunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kosning utan kjörstaðar:

## Raðir mynduðust í gærdag

**KOSNINGAR** „Það hafa myndast raðir en ekki mjög langar. Fólk gæti þurft að bíða í tíu til tuttugu mínútur eftir að komast að. Menn hafa verið að gera því skóna að fólk sé að lengja helgina hjá sér og fara út úr bænum vegna sumardagsins fyrsta,“ segir Rúnar Guðjónsson, sýslumaðurinn í Reykjavík. Í gær höfðu um 7.000 kosið utankjörfundar í alþingiskosningunum að meðtöldum aðsendum atkvæðum.

Rúnar segir aðsókn í utankjörfundarkosninguna vera svipaða og í kosningunum fyrir tveimur árum. „Venjan hefur verið sú að aðsóknin aukist eftir því sem nær dregur kjördegi. Ég býst fastlega við að sú verði einnig raunin nú,“ segir Róbert.

Utankjörfundarkosningin fer fram í Laugardalshöllinni frá 10 til 22 alla daga fram að kosningum og er opin öllum þeim sem ekki komast á kjörstað á kjördag. Hinn 25. apríl, á kjördag, er opið frá 10 til 18, en einungis fyrir kjósendur utan höfuðborgarsvæðisins. - kg




Hugsanlega óeðlilegar styrkveitingar eftir að lög voru sett um stjórnmálaflokka:

# Ríkissaksóknari skoðar styrki

**STJÓRNMÁL** Ríkissaksóknari skoðar nú styrki til stjórnmálaflokka, sem veittir voru eftir að lög um fjármál stjórnmálasamtaka voru sett.

Lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra voru samþykkt í desember 2006 og tóku gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör tóku gildi 1. júní sama ár.

Hingað til hefur ekkert verið rætt um háar eða óeðlilegar styrkveitingar til flokkanna, eftir gildistöku laganna.

Ríkissaksóknari, Valtýr Sigurðsson, segist þó ekki hafa til skoðunar styrki til einstaklinga, svo sem vegna prófkjara, né heldur styrkina, sem þekktir eru úr fréttum síðustu vikna, og sem veittir voru fyrir setningu laganna.

Valtýr segir ekkert hafa komið fram sem bendi til þess að þeir geti flokkast undir mútur.

„En ef það eru einhverjar heimildir [um að svo sé] þá er bara að koma þeim á framfæri,“ segir Valtýr. Sem stendur virðist eldri styrkirnir „bara hluti af fjármögnun flokkanna, sem hefur farið yfir strikið á einhverjum tíma“. - kóp






## SPURNING DAGSINS



*Haraldur, verða fulltrúar frá ÖSE á staðnum?*

„Nei, það yrðu þá frekar fulltrúar frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.“

Börn fá færi á að ganga til kosninga um yfirskrift á sumarsýningu Minjasafnsins á Akureyri í dag, þar sem Haraldur Þór Egilsson er safnstjóri. Fulltrúar frá kosningaeftirliti ÖSE, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, fylgjast með framgangi alþingiskosninganna á laugardag.

Aðgangur að miðum nefndur í bréfi bresks ráðherra um hugsanlegar ESB-viðræður:

# Ekki mat á samningsafstöðu

**UTANRÍKISMÁL** „Aðgangur að fiskimiðum“ er meðal mála sem líklega yrðu rædd ef til viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu kæmi, segir í bréfi sem Caroline Flint, Evrópumálaráðherra Bretlands, sendi breskum þingmanni á dögunum.

Bréfið er nú orðið opinbert eftir að þingmaðurinn Austin Mitchell frá Grimsby áframsendi það til meðlima Indefence-hópsins, sem safnaði undirskriftum til að mótmæla því að bresk stjórnvöld skyldu hafa beitt hryðjuverkalögum gegn íslenskum bönkum og stjórnvöldum.

Mitchell, sem er formaður Íslandstengslanefndar breska þingsins, er kunnur fyrir andúð sína á Evrópusambandinu og sameiginlegri fiskveiðistefnu þess sérstaklega.

Ian Whitting, sendiherra Breta á Íslandi, segir mikilvægt að hafa í huga það samhengi sem þetta bréf sé skrifað í; í því sé Evrópumálaráðherrann aðeins að benda, í svari við fyrirspurn frá breskum þingmanni, á þau málefni sem hún telji líklegt að verði viðfangsefni hugsanlegra aðildarviðræðna við Ísland. Í þeirri upptalningu felist „ekkert mat á því hver samningsafstaða eða stefna breskra stjórnvalda yrði í slíkum hugsanlegum viðræðum“. - aa



**CAROLINE FLINT** Sendi breskum þingmanni bréfið.

Fulltrúar í borgarráði:

## Farið verði yfir styrkveitingar

**BORGARSTJÓRN** Borgarfulltrúar Vinstri grænna og Ólafur F. Magnússon leggja til að innri endurskoðun fari yfir og upplýsi um fjárstyrki þeirra borgar- og varaborgarfulltrúa sem þess óska, sem kjörnir voru í kosningunum 2006 og tóku þátt í forvali. Tillögunni var vísað til forsætisnefndar.

Ólafur hefur áður lagt til að þetta verði gert opinbert. Í bókun flutningsmanna segir að það að tveir kjörnir fulltrúar hafi beðið innri endurskoðun um úttekt á störfum sínum eigi að vera borgarstjórn hvatning til að skapa farveg fyrir aðra borgarfulltrúa til að gera það sama. - kóp



**STRÍÐIÐ Á GAZA** Ásakanir um stríðglæpi kannaðar í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norðmenn vilja rannsókn:

## Ísraelsher vísar ásökunum frá

**ÍSRAEL, AP** Norskir lögmenn hafa kært tíu ísraelska ráðamenn fyrir stríðsglæpi í tengslum við hernaðinn á Gaza í byrjun ársins. Siri Frigaard, aðalsaksóknari Noregs, segir að embættið muni nú kanna hvort forsendur séu til þess að hefja lögreglurannsókn.

Ísraelski herinn hafnar alfarið öllum ásökunum um stríðsglæpi og mannréttindabrot. Í yfirlýsingu, sem herinn sendi frá sér í gær, segir að innri rannsókn á vegum hersins hafi leitt í ljós að engin brot hafi verið framin gegn alþjóðlegum samningum.

Meðal þeirra tíu ísraelsku ráðamanna, sem kærðir eru í Noregi, eru Ehud Olmert, fyrrverandi forsætisráðherra, og Ehud Barak, fyrrverandi varnarmálaráðherra. - gb

### EVRÓPUSAMBANDIÐ

**Margir sammála um ESB**

Á ellefta þúsund manna höfðu skráð sig á undirskriftalistann sammala.is í gær. „Við erum sammála um að sækja eigi um aðild að ESB,“ er slagorðið sem sameinast er um þar.

### FJÖLMIÐLAR

**Þóra Kristín formaður BÍ**

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fréttamaður á mbl.is, var kjörin formaður Blaðamannafélags Íslands á aðalfundi félagsins í gærkvöldi. Þóra hlaut 65 prósent atkvæða en Kristinn Hrafnsson, fyrrverandi fréttamaður í Kompási, var einnig í framboði. Um 100 manns kusu.

# Enginn þorir að stíga fyrsta skrefið

**Frambjóðendur vilja ekki gefa upplýsingar um einstaka styrki nema allir geri það. Jóhanna Sigurðardóttir vill að ríkisendurskoðun fái heimild til að gera úttekt aftur í tímann. Bjarni Benediktsson vill að Jóhanna opni sitt bókhald.**

**STJÓRNMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson staðfesti í Ríkissjónvarpinu í gær að hann hefði þegið fjórar milljónir í styrki frá FL-Group og Baugi vegna prófkjörs árið 2006. Þau Björn Ingi Hrafnsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Helgi Hjörvar staðfesta hvorki né neita að hafa þegið styrkina. Þau vilja ekki gefa upp hverjir styrktu, en segjast þó myndu gera það ef aðrir frambjóðendur gerðu slíkt hið sama.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði í Ríkissjónvarpinu í gær að hann vissi ekki betur en að Jóhanna Sigurðardóttir hefði sent formönnum flokkanna bréf og stungið upp á að flokkarnir birtu þessar upplýsingar fyrir kosningar.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks, sagðist í gærkvöldi ekki hafa fengið bréf frá Jóhönnu. „En ég hvet hana þá til að ríða á vaðið og opna sitt bókhald fyrst,“ segir hann.

Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingar, segir að bréfið hafi verið sent í gær en það hafi snúist um að lög um fjármál flokkanna yrðu endurskoðuð og að Ríkisendurskoðun yrði falið að gera úttekt á fjármálum þeirra, þar með talið á prófkjörum einstaklinga, á árunum 1999 til 2006.

Aðeins örfáir af þeim sem munu hafa fengið styrki frá Baugi og FL-Group ráku prófkjör á eigin kennitölu og skiluðu uppgjöri til skattsins, samkvæmt heimildum blaðsins.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir háði tvö prófkjör fyrir féð sem hún fékk. Hún segir að heildarkostnaður hennar við prófkjör árið 2006 hafi verið um fjórar og hálf milljón króna. Hún segir að öllum gögnum um prófkjörið hafi verið skilað til skattstjóra. Verði niðurstaða Samfylkingar sú að opna bókhald vegna prófkjara, muni ekki standa á henni.

Björn Ingi Hrafnsson segist hafa aflað styrkja í samræmi við gildandi lög. Um þetta hafi gilt sérstakur fjárhagur. Trúnaður hafi ríkt um styrkina og Björn Ingi muni virða hann. „Af þeim sökum get ég hvorki staðfest né neitað [þessu],“ segir hann.

Kostnaður Helga Hjörvar við prófkjör 2006 nam um 5 milljónum króna, líkt og Fréttablaðið sagði frá í desember 2008, þegar Helgi svaraði fyrirspurnum blaðsins. Helgi upplýsti þá að hæstu styrkina hafi hann þegið frá bönkum, fjármálafyrirtækjum, og eignarhaldsfélögum. - kóþ / jse, kóp

### STYRKIR TIL ÞINGMANNA Í PRÓFKJÖRI 2006

**Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. Kostnaður:**
„Á bilinu fimm til sex milljónir. Hæsta upphæðin var 300 þúsund en ég fékk tvo slíka styrki.“ Hann segist muni gefa þessa og aðra styrktaraðila sína upp ef aðrir gefi upp sína.

**Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokks. Kostnaður:**
„Ég held að kostnaðurinn hafi verið öðru hvoru megin við tvær milljónir. Hæsti styrkurinn var 500 þúsund.“

OFANGREINDIR ÞINGMENN SVÖRUÐU FYRIRSPURN FRÉTTABLAÐSINS Í GÆR.

### STYRKIR FRÁ BAUGI OG FL GROUP

Guðlaugur Þór Þórðarson 2.000.000 frá Baugi og 2.000.000 frá FL Group
Steinunn Valdís Óskarsdóttir 2.000.000 frá Baugi og 2.000.000 frá FL Group (milljón fyrir alþingiskosningar og sömu upphæð fyrir borgarstjórnarkosningar)
Björn Ingi Hrafnsson 2.000.000 frá Baugi 2.000.000 frá FL Group (fyrir borgarstjórnarkosningar)
Guðfinna Bjarnadóttir 1.000.000*
Helgi Hjörvar 900.000*
Ármann Kr. Ólafsson 500.000*
Katrín Júlíusdóttir 500.000*
Ragnheiður Ríkharðsdóttir 500.000*
Guðni Ágústsson 300.000*
Björgvin G. Sigurðsson 300.000*
Sigríður Andersen 250.000*
Róbert Marshall 250.000*
Arnbjörg Sveinsdóttir 250.000*
Ragnheiður E. Árnadóttir 250.000*
Dögg Pálsdóttir 200.000*
Ásta R. Jóhannesdóttir 200.000*
Jóhanna Sigurðardóttir 200.000*

* STYRKIR FRÁ BAUGI SAMKVÆMT DV.IS.



**RAUÐ MÁLNING** Jiricek telur að hendur Kínverja séu ataðar blóði vegna framgöngu þeirra í Tíbet.

250.000 króna spellvirki:

## Greiði sekt fyrir að smána Kína

**DÓMSMÁL Tékkneskur ríkisborgari á þrítugsaldri, Jan Jiricek, hefur verið dæmdur til að greiða 250 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir að smána erlent ríki opinberlega. Jiricek skvetti rauðri málningu á sendiráð Kínverja í Reykjavík fyrir rúmu ári.**

**Jiricek játaði athæfið en taldi það ekki varða við umrædd lög. Hann sendi fjölmiðlum fréttatilkynningu um málið á sínum tíma og sagðist með verknaðinum vilja mótmæla mannréttindabrotum Kínverja í Tíbet.** - sh

Greiðsluaðlögun Íbúðalánasjóðs:

## Gengur í gildi um miðjan maí

**EFNAHAGSMÁL** Nýsamþykkt lög um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði ganga í gildi hinn 15. maí næstkomandi.

Ef eigandi íbúðarhúsnæðis sýnir fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í því húsnæði, og að önnur greiðsluerfiðleikaúrræði séu ófullnægjandi, getur hann leitað eftir greiðsluaðlögun vegna þeirra. Sú aðlögun getur staðið í allt að fimm ár. - kg






Sterk krafa um evru á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins:

# Fjárhættuspil að nota krónu

**VIÐSKIPTI** Þór Sigfússon, endurkjörinn formaður Samtaka atvinnulífsins, og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lögðu bæði áherslu á að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu sem fyrst og stefnt að upptöku evru í erindum sínum á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins sem haldinn var í gær. Atvinnulífið þyldi ekki óstöðugleika krónunnar. Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, sagði viðskipti með krónuna líkari fjárhættuspili en eðlilegum viðskiptum.

Þór Sigfússon sagði Íslendinga hafa verið of nýjungagjarna á síðari árum og of fljóta að taka upp slæma siði. „Endurmat nú er gott. Það á að leiða til aukins innri styrks og bætts siðferðis í atvinnulífinu og samfélaginu öllu,“ sagði hann.

Jóhanna Sigurðardóttir tók undir með Þór að það væri atvinnulífið sem skapaði atvinnu og þar með velferð. Til að gera Ísland samkeppnishæft þurfi lágmarks skriffinnsku og vandaða stjórnsýslu. Þá varaði Jóhanna við því að eigendur fyrirtækja greiddu sér arð á meðan launþegar tækju á sig launalækkun. Um slíkt myndi aldrei nást sátt.

Jóhanna sagðist vilja skera niður í útgjöldum ríkisins. Útgjöldin hafi aukist um sextíu prósent frá áramótum, en á sama tíma hafi útgjöld til velferðarmála hækkað um þrjú prósent. Meðal hagræðinga vill Jóhanna sameina ráðuneyti efnahagsmála og ráðuneyti atvinnumála. - ss



**ÞÓR SIGFÚSSON OG JÓHANNA SIGURÐARSDÓTTIR** Formaður SA og forsætisráðherra voru sammála um mikilvægi evru og vaxtalækkunar á aðalfundi SA í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gildir eingöngu
## SUMARDAGINN FYRSTA

Allt um garðhús í Sælureit bls 32-39



**293.000** ~~345.000~~



Breidd = 250 sm
Lengd = 290 sm
Vegghæð = 210 sm
Bjálkaþykkt = 45 mm

**Garðhús 7,2 m²**
Vnr. 600236

**15% AFSLÁTTUR** af öllum garðhúsum.

**Garðhús 6 m²**
Vnr. 600238
Breidd = 200 sm
Lengd = 300 sm
Vegghæð = 190 sm
Bjálkaþykkt = 32 mm



**237.000** ~~279.000~~

**Garðhús 4,4 m²**
Vnr. 600239
Breidd = 187 sm
Lengd = 287 sm
Vegghæð = 170 sm
Bjálkaþykkt = 32 mm



**152.000** ~~179.000~~

**Garðhús 3,32 m²**
Vnr. 600240
Breidd = 160 sm
Lengd = 200 sm
Vegghæð = 190 sm
Bjálkaþykkt = 32 mm



**152.000** ~~179.000~~

**Barnahús 2,69 m²**
Vnr. 600230
Breidd = 167 sm
Lengd = 167 sm
+ verönd 100 sm
Vegghæð = 170 sm (brúttó)
Bjálkaþykkt = 32 mm



**137.000** ~~162.000~~

# GLEÐILEGT SUMAR
## FRÁBÆR TILBOÐ Í DAG

**20% AFSLÁTTUR** af öllum hjólum á sumardaginn fyrsta.



**19.190** ~~23.990~~

**Reiðhjól Energy 20"**
6 gíra Shimano Revoshift skipting, afturskipting, Shimano TY-18. Álgjarðir, bremsur Tektro 45AL.
3899968

AUTHOR



**Sandkassi með bekk og loki**
150x150x24. **11.990** ~~16.590~~
600249



**Garðborð** **14.590** ~~17.790~~
600242



**Vermireitur**
L 140 x B 70 x H 28
Stillanlegt lok
604205

Allt um matjurtaræktun í Sælureit bls 157-158

**11.990** ~~13.990~~



Fræ allar tegundir **30%** afsláttur



Fjölærar plöntur **Mikið úrval**



Útsæði allar tegundir **799kr**



Orkideur **1499kr**

**OPIÐ SUMARDAGINN FYRSTA**
Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM

| | |
|---|---|
| **SKÚTUVOGUR** | 11:00-19:00 |
| **GRAFARHOLT** | 10:00-17:00 |
| **REYKJANESBÆR*** | 12:00-17:00 |
| **AKUREYRI*** | 10:00-17:00 |
| **SELFOSS*** | 12:00-16:00 |

* TIMBURSALA LOKUÐ

**GLEÐILEGT SUMAR**

HÚSASMIÐJAN x blómaval — Frábær saman

## GENGIÐ 22.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,09 | 130,71 |
| Sterlingspund | 190,16 | 191,08 |
| Evra | 168,29 | 169,23 |
| Dönsk króna | 22,590 | 22,722 |
| Norsk króna | 19,201 | 19,315 |
| Sænsk króna | 15,239 | 15,329 |
| Japanskt jen | 1,3280 | 1,3358 |
| SDR | 192,75 | 193,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,7006

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Samfylking eytt mestu í auglýsingar:

# Talsvert eftir af auglýsingafé

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Samfylking hafa eytt mestu í auglýsingar það sem af er kosningabaráttunni, samkvæmt samantekt Creditinfo, sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Allir flokkar eiga enn talsvert auglýsingafé eftir.

Þeir flokkar sem nú eiga sæti á Alþingi komu sér saman um að eyða ekki meira en fjórtán milljónum króna í auglýsingar fyrir kosningarnar í ár. Creditinfo fylgist með eyðslu flokkanna fram að kosningum.

Í samantekt Creditinfo, sem nær frá 30. mars til 20. apríl, kemur fram að Sjálfstæðisflokkur hafi þegar eytt 6,9 milljónum króna í auglýsingar. Framsóknarflokkur hefur eytt 6,7 milljónum og Samfylkingin 6,5 milljónum. Flokkarnir þrír eru því nærri hálfnaðir með það fé sem þeir mega eyða.

Vinstri græn hafa eytt minna, um 5 milljónum króna. Frjálslyndi flokkurinn sker sig úr, en hann hefur eytt 1,7 milljónum króna í auglýsingar. **- bj**

**EYÐA MESTU Í BLAÐA- OG SJÓNVARPSAUGLÝSINGAR**

| Flokkur | Blöð | Sjónvarp | Útvarp | Netmiðlar | Samtals | Hlutfall* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkurinn | 3,0 | 2,8 | 0,6 | 0,5 | 6,9 | 49,0% |
| Framsóknarflokkurinn | 2,6 | 2,8 | 0,5 | 0,7 | 6,7 | 47,5% |
| Frjálslyndi flokkurinn | 1,0 | 0,7 | 0,0 | 0,0 | 1,7 | 11,8% |
| Samfylkingin | 2,3 | 2,6 | 1,1 | 0,5 | 6,5 | 46,3% |
| Vinstri græn | 3,4 | 0,4 | 0,6 | 0,6 | 5,0 | 35,7% |

TÖLUR Í MILLJÓNUM KRÓNA
*HLUTFALL AF ÞEIM 14 MILLJÓNUM SEM HVER FLOKKUR MÁ EYÐA
HEIMILD: CREDITINFO

Læknaráð Landspítala:

# Vilja slá sameiningu á frest

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn læknaráðs Landspítala telur skynsamlegt að slá fyrirhugaðri sameiningu á bráðamóttökum spítalans á frest meðan kannað er hversu raunhæfar tillögur um nýbyggingu á lóð Landspítalans við Hringbraut eru. Um þetta var ályktað á stjórnarfundi læknaráðsins í gær.

Læknaráðið telur einnig að sameining á bráðamóttökum á einn stað yrði mikið framfaraskref fyrir starfsemi sjúkrahússins, ef öll önnur bráðastarfsemi sjúkrahússins yrði jafnframt sameinuð á sama stað. Af því hlytist faglegur og fjárhagslegur ávinningur. **- kg**

Skipti tapar 6,4 milljörðum:

# Gengishrunið litar uppgjörið

**VIÐSKIPTI Skipti, móðurfélag Símans, tapaði rúmum 6,4 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við tæplega 3,1 milljarðs króna hagnað í hittiðfyrra.**

**Viðsnúningurinn skýrist öðru fremur af gengishruni krónunnar, að því er segir í uppgjöri félagsins. Sala nam 39 milljörðum króna sem jafngildir nítján prósenta aukningu frá í hittiðfyrra. Erlendar tekjur vega þungt, en þær námu 12,3 milljörðum króna sem er 83 prósenta aukning á milli ára.**

**Haft er eftir Brynjólfi Bjarnasyni forstjóra að félagið sé í ágætri stöðu til að takast á við það sem fram undan er þrátt fyrir efnahagsþrenginar. - jab**

Fíkniefnasmyglið í skútunni:

# Sæta stöðugum yfirheyrslum

**LÖGREGLUMÁL** Sex menn sem grunaðir eru um aðild að tilraun til að smygla 109 kílóum af fíkniefnum til landsins sæta nú stöðugum yfirheyrslum hjá lögreglu.

Málið kom upp um síðustu helgi, þegar þrír menn voru handteknir austur á fjörðum, þar af einn með öll fíkniefnin í bifreið sinni. Samhliða var leit hafin að skútunni SIRTAKI frá Belgíu, sem grunur leikur á að hafi verið notuð til að flytja fíkniefnin upp að strönd landsins. Þrír menn voru um borð. Mennirnir sex sitja allir í gæsluvarðhaldi og einangrun.

**MÝRDALSHREPPUR**

### Afsögn vegna vegstæðis

Sveinn Þórðarson hefur sagt af sér sem formaður skipulags- og byggingarnefndar Mýrdalshrepps. Hann segist ekki treysta sér til að fylgja eftir samþykktum nefndarinnar og sveitarstjórnarinnar um veglínu fyrir þjóðveg 1.

X 2009 REYKJAVÍK SUÐUR

# Helmingur fylgisins horfinn

**Sjálfstæðisflokkur tapar helmingi kjörfylgis síns frá síðustu alþingiskosningum, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samfylking og Vinstri græn bæta við sig 10 prósentustigum hvor.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 20,4 prósent segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavíkurkjördæmi suður, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 og fengi flokkurinn tvo kjördæmakjörna þingmenn. 39,2 prósent kusu flokkinn í kjördæminu í alþingiskosningunum 2007.

Samfylking mælist stærsti flokkurinn með 39,4 prósent fylgi og fengi fjóra kjördæmakjörna þingmenn. Í kosningunum 2007 hlaut flokkurinn 29,0 prósent atkvæða. 24,1 prósent styður Vinstri græn, sem fengi tvo kjördæmakjörna þingmenn. 14,4 prósent kusu flokkinn 2007. Borgarahreyfingin myndi einnig ná manni inn, en 8,5 prósent segjast myndu kjósa hreyfinguna.

Aðrir kæmu ekki manni að, en 4,8 prósent styðja Framsóknarflokkinn, 1,6 prósent styðja Frjálslynda flokkinn og 1,1 prósent styður Lýðræðishreyfinguna í kjördæminu.

Efnahags-, velferðar- og menntamál eru mikilvægustu málefnin fyrir kjósendur kjördæmisins, en umhverfis- og skattamál hafa minnst vægi. Ef svör nú eru borin saman við niðurstöður könnunar sem gerð var 2007, sést að mikilvægi efnahags-, Evrópu-, og fiskveiðimála hefur aukist meðal kjósenda á þessum tveimur árum. Mikilvægi annarra málaflokka hefur hins vegar minnkað á sama tíma. 89,3 prósent svarenda tóku afstöðu til þessarar spurningar og gáfu átta málaflokkum einkunn frá 1 til 5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

Hringt var í 600 manns miðvikudaginn 22. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var; hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið væri til kosninga í dag. Óákveðnir voru spurðir hvaða lista líklegast væri að þeir myndu kjósa. Þeir sem enn voru óákveðnir voru spurðir hvort líklegra væri að þeir kysu Sjálfstæðisflokkinn eða annan flokk. 72,7 prósent tóku afstöðu.

**svanborg@frettabladid.is**

### Fylgi stjórnmálaflokkanna í Reykjavík Suður

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins 22. apríl (Fylgi í % og kjördæmakjörnir þingmenn)




### Málefni í mikilvægisröð

Svarendur gáfu málaflokkum einkunn frá 1 til 5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.






**LÝÐRÆÐISHREYFINGIN (P)**

1. Guðbergur Grétar Birkisson
2. Ásgeir Önundarson
3. Daníel Sigríðarson
4. Eiríkur Einarsson

**BORGARAHREYFINGIN (O)**

1. Birgitta Jónsdóttir
2. Baldvin Jónsson
3. Sigurlaug Ragnarsdóttir
4. Hannes Ingi Guðmundsson



**SAMFYLKINGIN (S)**

1. Össur Skarphéðinsson
2. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
3. Skúli Helgason
4. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir



**FRAMSÓKNARFLOKKURINN (B)**

1. Vigdís Hauksdóttir
2. Einar Skúlason
3. Guðrún Valdimarsdóttir
4. Salvör Gissurardóttir



**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR (D)**

1. Guðlaugur Þór Þórðarson
2. Ólöf Nordal
3. Birgir Ármannsson
4. Erla Ósk Ásgeirsdóttir



**FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN (F)**

1. Sturla Jónsson
2. Jakobína I. Ólafsdóttir
3. Haraldur Gísli Sigfússon
4. Benedikt Heiðdal



**VINSTRI GRÆN (V)**

1. Svandís Svavarsdóttir
2. Lilja Mósesdóttir
3. Kolbrún Halldórsdóttir
4. Ari Matthíasson





www.ellingsen.is
ELLINGSEN, 2 brennara
Stálgljái, 2 pör af grillhönskum og yfirbreiðsla fylgja.
Grillflötur 450x467 mm.
2 steypujárnsbrennarar, 24.000 BTU. Hitamælir, efri grind (hitagrind), grillgrind úr steypujárni og neistakveikja.
Verð 54.900 kr.
Léttgreiðslur 4.575 kr. í 12 mán.
Verð 54.900 kr. 4.575 kr. léttgr. í 12 mán.
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK\SÍA


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VEÐRIÐ Á KJÖRDAG**

Vel horfir með veður á kjördag. Vindur verður víðast hægur eða á bilinu 3-8 m/s. Á norðurhluta landsins verður hiti nálægt frostmarki og dálítil él, einkum fyrripartinn og þá norðaustan til. Á suðurhlutanum verður bjartviðri og hlýtt, hiti 5-10 stig. Það verður því sól og blíða í höfuðborg Íslands þegar landsmenn velja sér sína alþingismenn.




Á MORGUN
8-15 m/s vestan til annars 3-8 m/s

LAUGARDAGUR
3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 17° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 18° |
| New York | 16° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 16° |
| París | 18° |
| Róm | 22° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# Sumarhátíð fjölskyldunnar í dag, sumardaginn fyrsta

## í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum kl. 17.00

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins á höfuðborgarsvæðinu taka á móti gestum. Ótal skemmtiatriði verða um allan garðinn og meðal þeirra sem troða upp eru félagarnir Kasper, Jesper og Jónatan úr Kardimommubænum, Lion King og krakkar úr fimleikadeild Ármanns sýna okkur glæsilegar fimleikaæfingar.



- Trúðar og trúbadorar
- Andlitsmálning
- Snú snú, teygjó, brennó og frisbí
- Pylsur, gos, nammi, kakó og kökur
- Vísindaveröld, sjávardýrasafnið og dýrahúsin opin
- Hringekja, lest, ökuskóli, þrumufleygur, krakkafoss, hoppupúði og fallturninn í gangi
- Sniglarnir mæta í breiðfylkingu á mótorfákum

Kveðjum vetur og fögnum sumri saman.
**Frítt inn og allir velkomnir!**

GÖNGUM HREINT TIL VERKS
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

XD

**KJÖRKASSINN**



*Eru nafnlausar auglýsingar skaðlegar lýðræðinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 72,2 |
| Nei | 27,8 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ættu frambjóðendur að upplýsa fyrir kosningar um þau fjárframlög sem þeir hafa fengið frá fyrirtækjum?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir efnahagskreppuna eiga eftir að dýpka frekar:

# Batinn hefst í Bandaríkjunum

**EFNAHAGSMÁL** Efnahagskreppan mun dýpka og batinn verða hægur. Þetta segir í hálfsársskýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um stöðu og horfur í efnahagsmálum sem kynnt var í gær.

Skýrsluhöfundar segja stöðugleika á fjármálamörkuðum skipta miklu um efnahagsbatann. Fátt bendi hins vegar til að stöðugleika megi vænta í allra næstu framtíð.

Spá AGS er talsvert dekkri en birt var í janúar en þar var reiknað með að hagvöxtur á heimsvísu myndi dragast saman um 0,5 prósent á árinu. Samdrátturinn nú hljóðar hins vegar upp á 1,3 prósent. Til betri vegar horfi á næsta ári þegar hann verður jákvæður um 1,9 prósent. Á sama tíma í fyrra ríkti öllu meiri bjartsýni í herbúðum AGS, sem reiknaði með 3,8 prósenta hagvexti á þessu ári.

Oliver Blanchard, aðalhagfræðingur AGS, sagði á blaðamannafundi sjóðsins í Washington í gær, viðsnúning efnahagslífsins hvíla á herðum Bandaríkjanna. Efnahagsbati þar muni fljótlega smita út frá sér til flestra landa. Hins vegar megi reikna með að hann yrði hægfara þar sem efnahagslíf flestra landa sé afar viðkvæmt eftir þær hremmingar sem löndin hafi glímt við síðustu mánuði. - jab



**FRÁ KYNNINGARFUNDI AGS** Oliver Blanchard, aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir efnahagslíf helstu landa heims brothætt eftir efnahagskreppuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjármálastjóri flýtir fyrir sér:

## Sætti rannsókn

**VIÐSKIPTI** David Kellerman, fjármálastjóri bandaríska íbúðalánasjóðsins Freddie Mac, fannst látinn í íbúð sinni í bænum Reston í Virginíuríki í gærmorgun. Ljóst þykir að um sjálfsmorð hafi verið að ræða, að sögn bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal.

Kellerman var einn af æðstu yfirmönnum Freddie Mac þegar bandaríska ríkið tók þann hluta sjóðsins yfir sem skráður var á markað í september í fyrra. Þá var Kellerman gerður að fjármálastjóra.

Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur skoðað fjárveitingar hins opinbera til sjóðsins vegna gruns um bókhaldsbrot og önnur mál síðan í mars, að sögn blaðsins. - jab


**Enn bætast við undirskriftir**

21.000 undirskriftir voru afhentar Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Undirskriftir berast enn og vilji fólksins er skýr. Lífeyrissjóðina á að nýta í þágu sjóðsfélaga, þeir eru ekki fríðindi forstjóranna. Nýtum atkvæðin okkar á laugardaginn.



Helgi Vilhjálmsson
íslenskur ríkisborgari


# Nafnlausir tengjast Sjálfstæðisflokknum

**Tveir af aðstandendum pólitískra auglýsinga þar sem VG og Samfylking eru gagnrýnd hafa stigið fram. Tengjast báðir Sjálfstæðisflokki og Gunnari I. Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi. Segja Sjálfstæðisflokkinn ekki tengjast málinu.**

**STJÓRNMÁL** Aðstandendur pólitískra auglýsinga í nafni Áhugafólks um endurreisn Íslands, sem birtar voru í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, stigu fram í gær.

Í auglýsingunum var fjallað um áherslur VG og Samfylkingar í skattamálum. Forsvarsmenn beggja flokka hafa gagnrýnt auglýsingarnar og sagt þær rangar og villandi.

Í yfirlýsingu frá Áhugafólki um endurreisn Íslands (ÁEÍ) kemur fram að í forsvari fyrir hópinn séu þeir Benedikt Þór Guðmundsson og Sigurður Kristján Hjaltested. Í yfirlýsingunni segir að gagnrýni á auglýsingarnar sé ómakleg, því skuli haldið til haga að bæði Samfylking og VG hafi talað um skattahækkanir í aðdraganda kosninga.

Sigurður segist aðspurður líta á sig sem Sjálfstæðismann. Heimildir Fréttablaðsins herma að bæði hann og Benedikt séu flokksbundnir Sjálfstæðismenn.

Sigurður þvertekur fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi komið að málinu eða greitt auglýsingar.

Sigurður er varamaður Sjálfstæðisflokks í byggingarnefnd Kópavogsbæjar. Heimildir Fréttablaðsins herma að bæði hann og Benedikt séu tengdir Gunnari I. Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi. Ekki náðist í Gunnar í gær.

Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, pantaði pláss fyrir auglýsingarnar og fékk upplýsingar um verð fyrir aðstandendur þeirra. Guðríður Arnardóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir aðkomu Þórs að málinu mjög sérkennilega, enda sé hann á launum sem almannatengill bæjarins.

„Við erum að fara yfir málið og hans stöðu,“ segir Guðríður. Málið verði væntanlega tekið upp á vettvangi bæjarstjórnar.

Sigurður Hjaltested segir að fleiri séu í hópnum en hann og Benedikt, en þeir tveir taki fulla ábyrgð á auglýsingunum. Spurður um kostnað sagðist hann ekki vita hver hann væri, en hann væri greiddur af einstaklingum, ekki af stjórnmálaflokki.

Í siðareglum SÍA segir: „Í auglýsingum skal ekki hallmæla neinu fyrirtæki eða samkeppnisvöru, hvorki beint né með því að gefa ókosti í skyn.“

VG hefur þegar kvartað til siðanefndar Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) vegna auglýsinga frá Sjálfstæðisflokknum í Norðvesturkjördæmi og Vefþjóðviljans. Siðanefndinni hefur ekki borist kvörtun vegna auglýsinga Áhugafólks um endurreisn Íslands. Siðanefnd SÍA getur tekið upp mál án þess að kæra berist, en formaður nefndarinnar segir slíkt afar fátítt. brjann@frettabladid.is



SKATTAHÆKKANIR

Það boðar vinstri stjórn!

Samfylkingin og Vinstri grænir áforma skatta ofan á staðgreiðsluskatta

1. Hátekjuskattur á laun yfir 500 þúsund krónum

| Mánaðarlaun | Skattur núna | Viðbót á ári | Alls á ári |
|---|---|---|---|
| 600.000 | 180.995 | 36.000 | 2.207.940 |
| 700.000 | 218.195 | 72.000 | 2.690.340 |
| 800.000 | 255.395 | 168.000 | 3.232.740 |
| 900.000 | 292.595 | 264.000 | 3.775.140 |
| 1.000.000 | 329.795 | 360.000 | 4.317.540 |



Hátekjuskattur vinstra manna leggst m.a. á iðnaðarmenn, vélavinnufólk, tölvufræðinga, lyfja- og meinafræðinga, lækna, byggingarmenn og arkítekta fyrir utan yfirmenn og stjórnendur í atvinnulífinu.

Hátekjuskatturinn leggst þungt á barnafjölskyldur og þá sem auka við sig vinnu til að standa skil á skuldum. Auk þess er hann vinnuletjandi og dregur úr framleiðslu þegar síst skyldi. Hætta er á atgervisflótta úr landi.

2. Eignaskattur 2%

| Eign | Nýr skattur |
|---|---|
| 20 mkr. | 400.000 |
| 30 mkr. | 600.000 |
| 40 mkr. | 800.000 |
| 50 mkr. | 1.000.000 |
| 60 mkr. | 1.200.000 |

Hugmyndir vinstri manna um eignaskatt bitna á fjölskyldufólki og eldri borgurum. Þeir sem fjármagna „velferðarbrú“ vinstri manna breytast úr greiðendum í þiggjendur.

3. 40% hækkun fjármagnstekjuskatts á fjármagnstekjum yfir 120.000 krónum

Fjármagnstekjuskattur verður til þess að draga úr sparnaði almennt en hann er grunnurinn að endurreisn samfélagsins.

4. Hækkun skatta á fyrirtæki

Koma verður hjólum atvinnulífsins af stað en ekki beita hamlandi aðgerðum gegn atvinnulífinu. Auknar skattbyrðar leiða til uppsagna og samdráttar.

Vinstri menn vilja lækka laun og hækka skatta. Hverjir eiga að borga skatta vinstri manna þegar allir eru komnir á vonarvöl?

Við viljum ekki skattpínt þjóðfélag!

Áhugafólk um endurreisn Íslands

**AUGLÝST** Auglýsingin sem birtist í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu er umdeild, en í henni er stefna VG og Samfylkingarinnar í skattamálum gagnrýnd.

Vinstri græn kvarta til siðanefndar SÍA vegna auglýsinga sjálfstæðismanna:

# Mynd af formanni notuð án leyfis

**STJÓRNMÁL** Vinstrihreyfingin - grænt framboð (VG) hefur kvartað til siðanefndar Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) vegna auglýsinga þar sem mynd af Steingrími J. Sigfússyni, formanni VG, er notuð án hans leyfis.

Fyrra tilvikið snýst um auglýsingu Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, sem birtust í fréttablöðum í kjördæminu. Í auglýsingunni er mynd af formanni VG og vitnað í orð hans um ESB.

Forsvarsmenn Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu hafa fengið frest til 28. apríl til að koma sínum sjónarmiðum vegna auglýsingarinnar á framfæri við siðanefndina, segir Jóhannes Gunnarsson, formaður siðanefndar SÍA.

Vinstri græn hafa einnig lagt fram kvörtun til SÍA vegna auglýsinga sem birtust í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu í gær. Auglýsingarnar eru frá Vefþjóðviljanum, sem heldur úti hægrisinnuðu vefriti á andriki.is.

Í auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu er mynd af Steingrími, en í Morgunblaðinu hefur texta verið skeytt yfir mynd af honum svo hann er svo nær óþekkjanlegur.




**AUGLÝSING** Sjálfstæðisflokkurinn í Norðvesturkjördæmi birti auglýsingu með mynd af Steingrími J. Sigfússyni, formanni VG.

Í siðareglum SÍA segir að ekki megi sýna eða minnast á einstaklinga, hvort sem þeir starfi á opinberu sviði eða ekki, nema með leyfi þeirra. - bj





OPIÐ Í DAG!
Sumargjafir í úrvali á ótrúlegu verði
Hettupeysa
2.099kr
v.á. 2.999
Kjóll
3.499kr
Bolur
1.499kr
Kjóll
3.999kr
Bolur
1.299kr
Leggings
1.299kr
Kjóll
2.999kr
Waterland
Stígvél
2.999kr
Vesti með hettu
1.749kr
v.á. 2.499
Hettupeysa
2.799kr
v.á. 3.999
Buxur
3.499kr
Euro bolti
799kr
JDBUG
Gæða hlaupahjól
Smíðuð úr flugvélaáli
WADER
Skóflur
Verð frá
99kr
WADER
Sandsett 5 hlutir
899kr
Aðalhlutir úr áli
Þolir 100 kg
Aðeins 3,5 kg
6" dekk
JDBUG
Hlaupahjól
8.999kr
Flugvélaál
Þolir 100 kg
Aðeins 2,8 kg
4" dekk
Með dempara
JDBUG
Hlaupahjól
7.999kr
DreamTeam
Skór
st. 20-38
3.499kr
DreamTeam
Skór
St. 18-27
2.999kr
Skór
St. 34/25 – 34/35
1.299kr
Hjólaskór
st. 28-40
2.499kr
verð áður
4.999.-
ULTRA
Fiona 24"
31.999kr
ULTRA
Ferdy 24"
31.999kr
MONGOOSE
Booster 20"
24.999kr
Gildir til 29. apríl á meðan birgðir endast
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver tók við stöðu formanns HSÍ í gær?

2 Hver er framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins?

3 Kvikmyndarétt að hvaða barnabók eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur hefur kvikmyndafyrirtækið ZikZak fest kaup á?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Formaður Verkalýðsfélags Akraness um að VSFK vilji beina ASÍ-aðild:

# Vill að formaður SGS segi af sér

**VINNUMARKAÐUR** Starfsgreinasamband Íslands, SGS, kann að vera að liðast í sundur. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, VSFK, samþykkti á aðalfundi sínum í vikunni að beita sér fyrir því að fá breytt lögum Alþýðusambands Íslands, ASÍ, þannig að einstök félög geti átt aðild að ASÍ og kanna vilja félagsmanna VSFK til að segja sig úr Starfsgreinasambandinu. Sömuleiðis að láta fara fram úttekt á kostum og göllum þess að félagið sameinist öðrum félögum.



SKÚLI THORODDSEN



VILHJÁLMUR BIRGISSON

Tillagan kom frá Kristjáni Gunnarssyni, formanni VSFK, sem jafnframt er núverandi formaður Starfsgreinasambandsins. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, telur að Kristján eigi að segja af sér vegna þessa máls og varaformaðurinn Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, taki við.

„Það eru stórtíðindi svo vægt sé til orða tekið þegar sjálfur forystumaður sambandsins, sem er í hlutastarfi og á hálfum launum, leggur slíka tillögu fram fyrir sinn aðalfund og fær samþykkta,“ segir Vilhjálmur. „Ef ég hefði verið formaður Starfsgreinasambandsins og lagt til við minn aðalfund að kanna vilja til að ganga út úr SGS þá hefði ég sagt af mér formennsku. Það er erfitt að gegna formennsku og gæta hagsmuna allra innan sambandsins við þessar aðstæður.“

Vilhjálmur telur að fleiri félög virðist hyggja á það sama og VSFK, ekki sé hægt að lesa annað út úr ályktuninni. Töluverðrar gremju gæti með ályktun VSFK.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri SGS, segir að engri sprengju hafi verið varpað, orð séu til alls fyrst og taka þurfi umræðu innan ASÍ um skipulag sambandsins því að núverandi kerfi sé að vissu leyti gengið úr sér. „Verkalýðshreyfingin hefur aldrei verið hrædd við umræður,“ segir hann og telur að of djúpt sé í árinni tekið að formaður SGS eigi að segja af sér. Hann sé að ýta af stað umræðu frekar en að vera að rjúka í burtu.

Ekki náðist í Kristján Gunnarsson í gær.

ghs@frettabladid.is

Samfylkingin

ESB snýst um vinnu og velferð

Okkur ber skylda til að kanna kosti aðildar að ESB til hlítar. Stöðugleiki evrunnar, lægri vextir, lífvænleg vaxtarskilyrði fyrir atvinnulífið, ekki síst í landbúnaði og sjávarútvegi og fullt forræði yfir auðlindunum eru okkar markmið. Hefjum viðræður við ESB strax eftir kosningar og leggjum niðurstöðuna í dóm þjóðarinnar sem fyrst.

Vinna og velferð

XS



Jóhanna Sigurðardóttir
1. sæti í Reykjavík norður

www.xs.is



**HALLDÓR GUÐNASON** Bóndinn í Efra-Seli í gær að hella feiti af frönskum kartöflum í gamla traktorinn sem notaður er til að tína upp golfkúlur á æfingasvæði Selsvallar. MYND/UNNSTEINN EGGERTSSON

Vistvænt tilraunaverkefni við golfskálann á Flúðum:

# Notar steikarfeiti á gamla traktorinn

**ORKUMÁL** „Hann gefur frá sér betri lykt en maður á að venjast af traktor,“ segir Halldór Guðnason, bóndi í Efra-Seli í Hrunamannahreppi, um gömlu dráttarvélina sína sem gengur fyrir steikarfeiti af frönskum kartöflum.

Traktorinn notar Halldór við golfskálann á Efra-Seli. Þar er veitingasala og mikið selt af frönskum kartöflum. Halldór segist hafa tekið upp á því í fyrra að sigta steikarfeitina til að nota á tæplega fjörutíu ára lítinn Massey Fergusson 135 sem annars gengur fyrir hráolíu. Það hafi gengið eins og til hafi verið ætlast. Í hverri viku falli til hátt í tuttugu lítrar af steikarolíu sem vandræði hafi verið með að farga.

„Þetta gekk vel í fyrrasumar og í dag fór traktorinn léttilega í gang eftir veturinn eins og hann hefur alltaf gert. Við það fór steikarlyktin í loftið. Ég er jafnvel að hugsa um að nota þetta á stærri traktor því sá gamli er svo sparneytinn að hann eyðir ekki allri þessari olíu,“ segir Halldór sem kveður golfvertíðina einmitt handan við hornið:

„Ég var nú að slá grínið í fyrsta skipti og þetta er alveg að skella á og verður örugglega eitthvað að gerast um helgina. Strax og hægt er að komast á grínin lifnar yfir öllu.“

- gar




Opinn dagur hjá Keili, laugardaginn 25. apríl kl. 12-17

Komdu í heimsókn og kynntu þér fjölbreytta námsmöguleika og glæsilega aðstöðu. Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET




**Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags.**

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*Mosi í grasflötinni?*
*1. Raka grasflötina og fjarlægja mosa*
*2. Dreifa turbokalki: 12 ½ kg á 150 m²*
*3. Blanda grasfræi í sand/mold og dreifa eftir þörfum*
*4. Halda flötinni rakri meðan fræin spíra*
*5. Gefa blákorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 250 m²*

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*CASORON*
*Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til að halda illgresi í skefjum. Stráð á hreinan jarðveg: 1 kg. dugar á ca. 100 m².*

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2009

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 25. maí 2009 kl. 17 á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Staða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í breyttu umhverfi - kynning á niðurstöðum úttektar Capacent á starfsemi og árangri sjóðsins.
3. Greint frá stefnumótun stjórnar.
4. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 20. apríl 2009
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is

Græn störf
Vistvænar áherslur í atvinnuuppbyggingu

Iðnó
Laugardaginn 25. apríl kl. 13:00 - 15:00

Á degi umhverfisins efna umhverfisráðuneytið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Félag umhverfisfræðinga til málþings um vistvæna nýsköpun og nýjar áherslur í atvinnuuppbyggingu.

Heitt á könnunni - allir velkomnir!

Dagskrá
Ávarp Kolbrúnar Halldórsdóttur umhverfisráðherra
Örkynningar fyrirtækja:
- Marorka – þróar orkustjórnunarkerfi fyrir skip til að draga úr olíunotkun og mengun
- Saga Medica – sérhæfir sig í rannsóknum og framleiðslu á hágæða náttúruvörum úr jurtum
- Carbon Recycling International – breytir útblæstri frá jarðvarmavirkjunum í eldsneyti
- HBT – þróar og framleiðir orkusparandi lausnir fyrir stórnotendur í orkufrekum iðnaði
- Farmers Market – nýtir náttúruleg hráefni við framleiðslu tískufatnaðar
- Prókatín – framleiðir prótínmjöl í dýrafóður úr afloftí frá jarðvarmavirkjunum
- Gavia Travel – sérhæfir sig í fuglaskoðunarferðum fyrir erlenda ferðamenn

Umhverfisráðherra afhendir Kuðunginn og útnefnir Varðliða umhverfisins

Pallborð og umræður
Anna G. Sverrisdóttir formaður umhverfisnefndar Samtaka ferðaþjónustunnar
Baldur M. Helgason sjóðstjóri BJARKAR sjóðs Auðar Capital
Bryndís Skúladóttir forstöðumaður umhverfismála hjá Samtökum iðnaðarins
Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
Björn H. Barkarson frá Félagi umhverfisfræðinga stýrir umræðum

Fundarstjóri: Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Umhverfisráðuneytið
Félag umhverfisfræðinga á Íslandi

Hér á landi eru margvísleg tækifæri til að skapa störf og auka útflutning á sviði umhverfisvænnar þjónustu og vöruframleiðslu, en í nýrri skýrslu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna er því spáð að markaðir fyrir umhverfisvænar vörur og þjónustu muni tvöfaldast fram til 2020.

Auglýsingasími 512 50 50
Fréttablaðið – Mest lesið

Réttarhöld í Kambódíu yfir fangelsisstjóranum Duch:

# Pol Pot þóttist ekkert vita

**KAMBÓDÍA, AP** Kaing Guak Eav, einnig nefndur Duch, segir að Pol Pot hafi verið að ljúga þegar hann sagði, í viðtali árið 1997, að hann hefði ekkert vitað um pyntingar sem fram fóru í fangelsinu S-21 í Phnom Penh.

Duch var fangelsisstjóri í þessu illræmda fangelsi og þarf nú að svara til saka í stríðsglæparéttarhöldum.

Duch segir vissulega rétt, að fyrirskipanir frá Pol Pot um starfsemi fangelsisins séu hvergi skjalfestar, en á hinn bóginn hafi allir þurft að framkvæma það sem Pol Pot tók ákvarðanir um.



**KAING GUAK EAV** Stjórnaði illræmdu fangelsi Pol Pots. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einræðisherrann Pol Pot lést árið 1998, tæpum tuttugu árum eftir að hann hrökklaðist frá völdum. - gb



**MÓTMÆLT Í LONDON** Indefence-hópurinn við breska þinghúsið í mars með mótmælaspjöld og undirskriftalistana gegn beitingu hryðjuverkalaga. LJÓSMYND/INDEFENCE.IS

# ESB-aðildaraðstoð tengd lausn Icesave

**Forsvarsmenn Indefence telja að tilboð breskra stjórnvalda um að hjálpa Íslendingum inn í ESB sé hluti af áætlun um að fá Íslendinga til að gefa eftir í Icesave-deilunni. Sendiherra Breta viðurkennir að lausn deilunnar sé forsenda aðstoðar.**

**UTANRÍKISMÁL** Tilboð breskra stjórnvalda um að hjálpa Íslendingum að ná fljótt og vel samningum um aðild að Evrópusambandinu telja fulltrúar Indefence-hópsins, sem kynnt var þetta tilboð á fundi í London, vera hluta af áætlun breskra ráðamanna um að fá íslenska ríkið til að fallast á að axla þær fjárskuldbindingar sem tengjast falli íslensku bankanna í Bretlandi og er viðfangsefni Icesave-deilunnar svonefndu.

Ian Whitting, sendiherra Breta, staðfestir þetta að nokkru leyti með því að taka fram, að fyrst verði að finna lausn á þessari tvíhliða deilu ríkjanna. En að henni leystri og að því gefnu að íslensk stjórnvöld ákveði að sækja um aðild að Evrópusambandinu, „þá myndi Bretland augljóslega vera eitt dyggasta stuðningsríki Íslands“.

Ólafur Elíasson, forsvarsmaður Indefence-hópsins, bendir á að allt frá því að Bretar beittu hryðjuverkalögum gegn Íslendingum í október virðist þeim Indefence-mönnum að bresk stjórnvöld fylgi ákveðinni áætlun gagnvart Íslendingum, þríþættri:

Í fyrsta lagi hefðu breskir ráðamenn beitt sér „af gríðarlegri hörku í breskum og alþjóðlegum fjölmiðlum til að sverta mannorð Íslendinga og réttlæta gerðir sínar“, að sögn Ólafs.



**ÓLAFUR ELÍASSON**

Í öðru lagi hefðu breskir þingmenn verið iðnir við að gera lítið úr beitingu hryðjuverkalaganna, einkum með því að halda því fram að það hefðu ekki verið hin eiginlegu hryðjuverkalög sem beitt var heldur annarri grein þeirra sem sneri að „vörnum gegn fjármálaglæpum“. „Þessi fullyrðing stenst ekki og hefur verið algerlega hrakin,“ segir Ólafur og bendir á að um það megi nú meira að segja lesa á heimasíðu breska Verkamannaflokksins.

Í þriðja lagi virtust Bretar hafa ákveðið að bjóða Íslendingum aðstoð við að fá aðild að Evrópusambandinu „ekki síst til að lama íslensku utanríkisþjónustuna í kröfugerð sinni í Icesave-deilunni“.

audunn@frettabladid.is

Sprenging hefur orðið í bifhjólaeign landsmanna:

# Alvarlegum bifhjólaslysum fjölgar mikið

**UMFERÐARMÁL** Mikil aukning hefur orðið á alvarlegum slysum hjá ökumönnum bifhjóla ef tekin eru saman slys á léttum bifhjólum og þungum bifhjólum. Í fyrra lét einn maður lífið á bifhjóli en 35 slösuðust alvarlega. Síðustu fimm árin á undan hafa að meðaltali 16 einstaklingar slasast alvarlega eða látið lífið á bifhjóli.

Þegar skoðaðar eru tölur yfir alvarlega slasaða og látna kemur í ljós að alvarlegum slysum hefur fjölgað úr sextán árið 1999 í 36 í fyrra. Banaslysin hafa yfirleitt verið eitt á ári og hefur aukningin því orðið mest hjá þeim sem hafa slasast alvarlega. Þó létust þrír ökumenn bifhjóla árið 2006 en tuttugu slösuðust alvarlega og í fyrra létust þrír en 35 slösuðust alvarlega.

Þegar fjöldi bifhjóla í landinu er skoðaður kemur í ljós að hjólum hefur fjölgað gífurlega en slysum á bifhjólamönnum hefur fækkað mikið hlutfallslega miðað við bifhjól í umferð. Skráð bifhjól eru fjórfalt fleiri árið 2009 en 1999. Þau voru þá ríflega tvö þúsund en nú rúmlega níu þúsund. Fjöldi slasaðra og látinna hefur hins vegar tvöfaldast.

Hannes H. Gilbert, svæðisstjóri hjá Goldwing Roadriders Association, GWRRA, segir að tölurnar sýni að mótorhjólamenn fari mjög gætilega í umferðinni og að fræðsla hafi borið góðan árangur. Bifhjólaklúbbarnir beiti sér fyrir því að draga úr slysum og hvetja félagsmenn til að haga akstri eftir aðstæðum og fara með gát.

Hannes bendir á að ýmsu sé ábótavant í umferðinni. Ökumenn bíla taki ekki nógu mikið tillit til bifhjólamanna, akreinaskipting sé stórvarasöm á stoðleiðum í þéttbýli, viðhaldi vega sé mjög ábótavant og holur víða, sérstaklega í beygjum, og ryk á vegum. Æfingaaðstöðu vanti sárlega. - ghs



**FARA GÆTILEGA** Tölurnar sýna að ökumenn bifhjóla fara mjög gætilega í umferðinni, að mati Hannesar H. Gilbert, svæðisstjóra hjá GWRRA.

**ALVARLEG SLYS Á BIFHJÓLUM 1999-2008**

| | Látnir | Alvarlega slasaðir | Samtals |
|---|---|---|---|
| 1999 | 1 | 15 | 16 |
| 2000 | 1 | 9 | 10 |
| 2001 | 1 | 11 | 12 |
| 2002 | 0 | 14 | 14 |
| 2003 | 0 | 8 | 8 |
| 2004 | 2 | 7 | 9 |
| 2005 | 1 | 10 | 11 |
| 2006 | 3 | 20 | 23 |
| 2007 | 3 | 25 | 28 |
| 2008 | 1 | 35 | 36 |
| **Samtals** | **13** | **154** | **167** |

HEIMILD: UMFERÐARSTOFA








Samfylkingin

# Gleðilegt sumar!

Fagnaðu sumarkomunni með Samfylkingunni. Við erum í sönnu sumarskapi og tökum vel á móti ykkur um allt land.




**Reykjavík**
- Rauði kassinn, Gunni og Felix, Skoppa og Lucy, Jóhanna og Össur og fleira skemmtilegt í Skólabrú og á Austurvelli kl. 15. Kaffi og vöfflur, blöðrur og íspinnar. Allir velkomnir.

**Mosfellsbær**
- Eldheitar umræður um Evrópu og önnur kosningamál í kosningamiðstöðinni í Þverholti 3 kl. 13–16.

**Akranes**
- Grillveisla og fjör við kosningamiðstöðina Stillholti, kl. 16.
- Guttagleði í Tónbergi, skemmtikvöld í Tónlistarskólanum kl. 20. Söngur, tónlist og skemmtiatriði, vöfflur og kaffi.

**Borgarnes**
- Grillveisla og fjör í Gamla mjólkursamlaginu kl. 14–16.

**Ísafjörður**
- Grill og fjör í kosningamiðstöðinni Langa Manga kl. 17.

**Ólafsfjörður**
- Kvöldkaffi í húsi félags eldri borgara kl. 20.

**Akureyri**
- Opinn fundur með Jóhönnu Sigurðardóttir kl. 11:30 í Kvosinni, sal Menntaskólans á Akureyri.
- Frambjóðendur grilla á Ráðhústorgi kl. 15.

**Vopnafjörður**
- Grill og gaman í Austurborg kl. 11.

**Egilsstaðir**
- Skemmtun í kosningaskrifstofunni, Hótel Héraði kl. 11–16.
- Pylsupartí og gos kl. 12–13.
- Andlitsmálun fyrir börnin kl. 12–14.
- Útileikir og örfyrirlestrar um nýsköpun á Austurlandi.

**Reyðarfjörður**
- Evrópuspjall kl. 14 í kosningaskrifstofunni, gamla Landsbankahúsinu við Búðareyri. Opið til kl. 17.

**Selfoss**
- Sumargrill við kosningamiðstöðina Tryggvaskála kl. 14.

**Reykjanesbær**
- Sumargrill við kosningamiðstöðina Bolafæti kl. 14.
- Pub Quiz UJ Suðurnesjum á Paddy's kl. 22.

**Hafnarfjörður**
- Opið hús í kosningamiðstöðinni í Firði kl. 12–18.30. Ljúffengar skyrtertur með kaffinu.

**Garðabær**
- Opið hús í kosningamiðstöðinni Kirkjulundi 17 kl. 16–19. Heitt á könnunni og líflegar umræður.

**Kópavogur**
- Vöfflukaffi í kosningamiðstöðinni Hamraborg 11 kl. 10–17. Blöðrur fyrir börnin.

www.xs.is

Vinna og velferð

XS

# Hékk í stálvírum utan á skútunni

**Sérsveitarmaður var hætt kominn þegar hann var að fara um borð í smyglskútuna SIRITAKI úti á reginhafi. Hann hékk í stálvírum utan á henni um hríð. Vissum ekki hvað biði okkar þegar við færum um borð, segja sérsveitarmennirnir. Einn lenti milli bátanna.**

**LÖGREGLUMÁL** Einn sérsveitarmanna Ríkislögreglustjóra var hætt kominn þegar hann hékk í stálvírum utan á smyglskútunni SIRTAKI OR 2387 úti á reginhafi síðastliðið sunnudagskvöld. Þetta átti sér stað þegar sérsveitarmenn voru að fara upp í skútuna úr aðgerðabát Landhelgisgæslunnar til þess að stöðva för hennar frá landi og handtaka þrjá menn sem voru um borð. Bátsverjar eru grunaðir um að hafa smyglað 109 kílóum af fíkniefnum í skútunni hingað til lands.

Fréttablaðið ræddi í gær við sérsveitarmenn Ríkislögreglustjóra sem komu að þessu stærsta smyglmáli sögunnar.

Það var um hálfsjö á laugardagskvöldið sem sérsveitinni barst aðstoðarbeiðni frá lögreglunni á Eskifirði. Fiskiskip hafði þá látið vita af óvæntum ferðum bátsskeljar úti í miðju ballarhafi. Þótti það óðs manns æði að sigla slíkum smábát á hafi úti á þessum tíma árs, enda komu ferðir hans öllum í opna skjöldu.

Fjórir sérsveitarmenn sem voru á vakt í Reykjavík lögðu þegar af stað austur með TF-LIF, þyrlu Gæslunnar. Tveir sérsveitarmenn, af fjórum, sem eru á Akureyri, óku strax í áttina að Djúpavogi. Hinir síðarnefndu settu strax í feitt því þeir handtóku, ásamt lögreglunni á Eskifirði, tvo jeppamannanna í nágrenni Djúpavogs, sem nú sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Lögreglan á Höfn í Hornafirði handtók þriðja jeppamanninn sem var með 109 kílóin í sínum bíl. Sérsveitarmennirnir sigu hins vegar úr þyrlunni niður í varðskipið Tý þar sem því var siglt á fullri ferð í átt að smyglskútunni, sem flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN hafði þá fundið og staðsett. Þegar að skútunni kom fóru fjórir sérsveitarmenn og þrír varðskipsmenn í aðgerðabát. Vindhraði var þá 35 hnútar á sekúndu. Varðskipið hafði annan bát til taks ef bjarga þyrfti mönnum úr sjónum.

„Þegar við vorum nýlagðir af stað reið alda undir bátinn af svo miklu afli að við, sem lágum allir á hjánum, losnuðum frá honum og vorum í lausu lofti. Í smátíma fannst okkur eins og við ætluðum aldrei að koma niður aftur,“ segja sérsveitarmennirnir. „Við misstum öðru hvoru sjónar á skútunni vegna ölduhæðarinnar og vissum ekkert hvað biði okkar þegar við færum um borð í hana.“




1 Skotheldur hjálmur
2 Björgunarvesti
3 MP5-hríðskotabyssa
4 Þurrbúningur
5 Glock-skammbyssa
6 Gasgríma
7 Talstöðvarloftnet
8 Þurrbúningur

Meðan fyrsti sérsveitarmaðurinn klifraði um borð, þar sem bátsverjar biðu með uppréttar hendur við borðstokkinn, fylgdust hinir sérsveitarmennirnir grannt með því að þeir hreyfðu sig ekki. Maðurinn sem næst ætlaði um borð lenti milli bátanna, þar sem þeir lömdust um í öldurótinu í myrkrinu, en tókst að ná í stálvírana á skútunni. Með allan búnað reyndist honum ógerlegt að komast upp af eigin rammleik. Björgunarvesti félaga hans sem enn var í aðgerðabátnum hafði blásið sjálfvirkt upp, vegna þess að nemi sem í því er, brást við sjávarseltunni sem rokið hafði yfir mennina. Maðurinn varð því að fara úr vestinu, áður en hann komst til aðstoðar. Það sem eftir var af aðgerðinni gekk fljótt og vel. Gæslumenn sigldu skútunni síðar til hafnar, með hollenskan skipstjóra hennar innanborðs sem sérsveitarmaður gætti. Hinir skútumennirnir voru fluttir með Tý til lands og að kvöldi þriðjudags voru skútusmyglararnir þrír komnir á bak við lás og slá á Litla-Hrauni.

jss@frettabladid.is



**EFTIRFÖR** Landhelgisgæslan stóð í ströngu í eltingarleiknum við smyglskútuna. Rúm hundrað kíló höfðu verið flutt með skútunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þú vilt persónulega þjónustu.
Þess vegna er Vöxtur fyrir þig.
Vöxtur - Vildarþjónusta Kaupþings



Kynntu þér málið á www.kaupthing.is
eða í síma 444 7000.

Vöxtur færir þér

Betri þjónustu
Viðskiptavinir í Vexti fá sinn persónulega þjónusturáðgjafa sem þeir geta leitað til. Hann fer yfir viðskipti þín og bendir á þjónustu þér til hagsbóta.

Þægindi
Allt á einum stað.

Meiri ávinning
Betri kjör á bankaþjónustu og tryggingum og þú færð afsláttinn strax.

Betri yfirsýn
Netbanki Kaupþings veitir þér ítarlegar upplýsingar um fjármál. Þeir sem eru í viðskiptum við VÍS geta séð yfirlit yfir tryggingar sínar.

KAUPÞING

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 45513 04/09


Steingrímur J. Sigfússon, 1. sæti Norðausturkjördæmi
NORRÆNT
VELFERÐARSAMFÉLAG
VIÐ SEGJUM *FYRIR* KOSNINGAR HVAÐ VIÐ VILJUM GERA *EFTIR* KOSNINGAR
Í þeim tímabundnu erfiðleikum sem framundan eru þurfum við að tryggja sterkt norrænt öryggisnet. Undir forystu **Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra** hafa Vinstri græn sett velferðina í forgang, m.a. með því að hækka vaxtabætur um 30%, opna fyrir útgreiðslu séreignalífeyrissparnaðar, gera háskólanemum kleift að fá lán fyrir sumarnámi og með margvíslegum aðgerðum sem koma til móts við skuldug heimili. Við viljum halda áfram að forgangsraða fjármunum hins opinbera í þágu velferðar fjölskyldna og einstaklinga og leggja þannig grunn að norrænu velferðarsamfélagi. Vinstri græn vilja meðal annars:
- Tryggja jafnan aðgang að góðri velferðarþjónustu og menntun og falla frá frekari einkavæðingu og gjaldtöku í velferðarkerfinu.
- Taka upp réttlátara skattkerfi með jafnari dreifingu skattbyrðinnar þar sem lágtekju- og millitekjufólki er hlíft við skattahækkunum.
- Taka upp gjaldfrjálsar og hollar skólamáltíðir í grunnskólum landsins.
- Lækka greiðslubyrði íbúðalána, m.a. með því að endurskoða forsendur fyrir útreikningum vísitölugrunnsins.
- Nýta fjármuni hins opinbera í að skapa störf og tækifæri til menntunar.
*Kynntu þér stefnu Vinstri grænna á vg.is*
VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is


KRAKKADAGAR
Í SMÁRALIND
GLEÐILEGT SUMAR
Við bjóðum alla fjölskylduna velkomna í Smáralind þar sem við fögnum sumarkomunni og skemmtum okkur saman.
Sumardagurinn fyrsti
Dagskrá kl. 13.45 -15
Skoppa og Skrítla
Sönglist
Tískusýning
Stúlknahljómsveitin Kári
Lalli töframaður
Kynnir: Árni Beinteinn
SÖNGLIST
Söng- og leiklistarskóli

## VERÖLDIN OKKAR

**ÞÚ BORGAR FYRIR EINN KLUKKUTÍMA OG FÆRÐ ANNAN FRÍTT.**

**Allir sem koma í Veröldina okkar fá gefins Svala á Krakkadögum.**

Svali ÆVINTÝRADRYKKUR

---

Bladerunner Twist 09
Stækkanlegir barnaskautar
Tveir litir. Verð 10.990 kr.
Krakkatilboð 8.792

Jamis Lady Bug
og Jamis Hot Rod
12", 2-5 ára
Verð 19.990 kr.
Krakkatilboð 15.992 kr.

**20%** **afsláttur af öllum barnahjólum og barnalínuskautum**

ÚTILÍF

---

*Ís fyrir börnin*

PIZZA HUT HUGSAR UM BÖRNIN Á KRAKKADÖGUM

Ókeypis ís fyrir börnin fylgir máltíðum á Pizza Hut á Krakkadögum Smáralindar.

Pizza Hut

---

**Allir krakkar fá Name It blöðru.**

1.090 kr.
Bolir - Ný sending

name it

---

1.490 kr.
Leggings

2.490 kr.
Ný sending - VERY gallabuxur

name it

---

**50%**
**afsláttur af öllum leikföngum og grímubúningum**

DEBENHAMS

---

**2 fyrir 1 af öllum stuttermabolum í barnadeild. Borgað fyrir þann dýrari***

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

DEBENHAMS

---

**20%**
**afsláttur af öllum stuttermabolum**

POLARN O. PYRET

---

**NÝ SENDING AF SKECHERS BARNASKÓM**

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

---

**VINDGALLAR**
**ST. 80-152**

3.995 kr.
Verð áður 5.990 kr.

adams kids

---

**ALADDIN-BUXUR**

**NÝIR LITIR**
2.995 kr.

Zink

---

**ÓDÝRAR SUMARGJAFIR Í ÚRVALI**

**30% afsláttur af öllum hettupeysum**

2.099 kr.
Hettupeysa

599 kr.
Húlahringur

3.499 kr.
Kjóll

1.299 kr.
Leggings

2.499 kr.
Skór

2.999 kr.
Skyrta

1.799 kr.
Vesti

5.999 kr.
Hjólabretti

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

---

UNITED COLORS OF BENETTON.

**15%** **afsláttur af öllu í barnadeild**

---

**KLEINUHRINGUR OG SVALI Á KRAKKATILBOÐI**

300 kr.

CAFÉ ADESSO

---

**KRAKKADAGATILBOÐ**

**300 KR. Í BÍÓ Á FRANKLÍN OG FJÁRSJÓÐURINN OG BLÁI FÍLLINN**

**2 FYRIR EINN Á MALL COP OG 17 AGAIN KLUKKAN 13.00 OG 15.00 Í DAG**

SMÁRABÍÓ

---

## OPIÐ Í DAG 13-18

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind



**AÐ STÖRFUM** Skipverjar á Klakki frá Sauðárkróki bjuggu sig undir að splæsa togvíra þegar skipið lá í Eskifjarðarhöfn á þriðjudagsmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Allir segjast geta fjölgað störfum

Stjórnmálaflokkarnir leggja allir ríka áherslu á að störfum fjölgi á nýju kjörtímabili. Um fjórtán þúsund eru nú án vinnu. Meira en tuttugu þúsund ný störf er hæsta boð stjórnmálaflokks. Helst er horft til ferðaþjónustu, nýsköpunar, sjávarútvegs og stóriðju.

Í áður óþekktu atvinnuleysi er fjölgun starfa eitt af meginmálum kosningabaráttunnar. Á það leggja allir flokkar ríka áherslu. Misjafnt er hve vel og nákvæmlega tillögur þeirra að atvinnusköpun eru útfærðar; sumir hafa unnið býsna gott verk en aðrir eru almennir í orðavali. Hvort sem kosningayfirlýsingarnar eru nákvæmar eða almennar er augljóst að öllum þykir vandinn ærinn og allir vilja af einlægni bæta úr.

Þetta á raunar ekki við um alveg alla því hvorki Borgarahreyfingin né Lýðræðishreyfingin fjalla um atvinnumál í kosningaplöggum sínum. Hreyfingarnar tvær hafa enda sagst fyrst og fremst í framboði til að berjast fyrir lýðræðisumbótum. Lýðræðishreyfingin svaraði því reyndar til í krossaprófi Fréttablaðsins um síðustu helgi að skoða beri alla raunhæfa möguleika í atvinnuuppbyggingu um leið og þess verði gætt að ekki verði óbætanlegt umhverfistjón. Borgarahreyfingin á hinn bóginn sagði afstöðu til þriggja áformaðra stórframkvæmda ráðast af mati og sannfæringu verðandi þingmanna hreyfingarinnar.

### Lægri vextir

Forsenda þess að hér verði umtalsverð fjölgun starfa er að efnahagsleg skilyrði stórbatni. Vaxtastigið ræður þar miklu og telja allir flokkar stýrivexti of háa. Jafnframt er það almennt mat þeirra að vextina megi lækka. Til þess séu efnahagslegar forsendur.

„Vextir eiga að geta lækkað hratt á næstum mánuðum og þannig gefið fyrirtækjum aftur tækifæri til arðbærra fjárfestinga,“ segir VG. Framsókn furðar sig hins vegar á andvaraleysi Seðlabankans og vill að stjórnmálamenn taki vaxtaákvörðunina í eigin hendur.

Að sama skapi er það víðtæk skoðun stjórnmálaflokkanna að gjaldeyrishöftin séu atvinnulífinu fjötur um fót og að þau beri að afnema sem fyrst og jafnvel strax í dag. Það er athyglisvert í því ljósi að lög um þessi sömu gjaldeyrishöft runnu með hraði í gegnum þingið á sínum tíma, svo til andmælalaust.

### Framsóknarflokkurinn

Mannaflsfrekar framkvæmdir, átak í samgöngum og fjarskiptum, matvælaframleiðsla og ferðaþjónusta eru helstu greinarnar sem framsóknarmenn horfa til. Þeir vilja bæta rekstrarumhverfi minni fyrirtækja, fjölskyldurekstrar og einyrkja og jafnframt nýta náttúruauðlindir. „Byggt verði áfram á skynsamlegri nýtingu vatns- og jarðhitaorku,“ segir Framsókn.

### Samfylkingin

Evrópusambandsaðild er rauður þráður í stefnuskrá Samfylkingarinnar og segir flokkurinn aðild og upptöku evru grundvöll efnahagslegs jafnvægis og heilbrigðs rekstrarumhverfis til framtíðar. Flokkurinn vill að mótuð verði heildstæð sóknarstefna fyrir atvinnulífið með það að markmiði að Ísland verði komið í hóp tíu samkeppnishæfustu þjóða heims fyrir 2020. Samfylkingin vill skapa fleiri en tuttugu þúsund störf á kjörtímabilinu. Í atvinnubæklingi er fjölmargt tíundað, flest undir formerkjunum; auka, efla og bæta.

### Frjálslyndi flokkurinn

Endurreist tiltrú og traust á alþjóðavettvangi er forgangsverkefni svo atvinnulífið komist á skrið á ný, að mati frjálslyndra. Þeir segja flest störf verða til í minni fyrirtækjum og því nauðsynlegt að veita þeim öflugan stuðning. Frjálslyndir horfa jafnframt til iðnaðarins sem við breyttar aðstæður í efnahagsmálum á að geta blómstrað á ný. Þá telja þeir nauðsynlegt að skipta um fiskveiðistjórnunarkerfi og stórauka sjósókn.

### VG

Í mars lagði VG fram ágætlega útfærðar tillögur að 16-18 þúsund nýjum störfum. Flest eiga að verða til í ferðaþjónustu og tengdum greinum, hefðbundnum framleiðslugreinum, nýsköpun og sprotastarfsemi og hjá ríkinu. VG leggur áherslu á að ekki sé um loforð að ræða heldur tillögur að stefnumótun og stuðningi stjórnvalda við atvinnulífið. Meðal annars á að ráðast í markaðsátak í útlöndum, ferðaþjónustunnar og landbúnaðarins vegna.

### Sjálfstæðisflokkurinn

Tuttugu þúsund ný störf er markmið sjálfstæðismanna. Forsendan er endurskipulagning fjármálakerfisins svo bankarnir geti á ný veitt fyrirtækjum lán og aðra þjónustu. Í álverum í Helguvík og á Bakka felast helstu tækifærin til atvinnusköpunar að mati Sjálfstæðisflokksins sem og í annarri stóriðjuuppbyggingu. Í atvinnumálaályktun vara sjálfstæðismenn við miðstýringu og ríkisvæðingu, kollvörpun leikreglna og grundvallargilda atvinnulífsins og skattahækkunum.

### Mannaflsfrekar framkvæmdir

Flestir flokkar benda á mannaflsfrekar framkvæmdir sem leið út úr vandanum. En af einhverjum ástæðum kjósa þeir fæstir að nefna dæmi um þær mannaflsfreku framkvæmdir sem þeir vilja ráðast í. Jú, Sjálfstæðisflokkurinn nefnir stóriðjuframkvæmdir en aðrir tala um ótilgreindar samgöngubætur og viðhaldsverkefni.

### Stóriðja og virkjanir

Sjálfstæðisflokkurinn nefnir einn álver í Helguvík og Bakka í sínum plöggum og horfir jafnframt til annarrar stóriðju og nýtingar auðlinda þeim til handa. Framsókn vill áfram nýta orkulindirnar en segir ekki til hvers. Samfylkingin skautar fram hjá orkumálum, utan hvað hún segist vilja nota græna orku í vistvæna framleiðslu og auka rannsóknir á nýtingu vindorku og sjávarorku til rafmagnsframleiðslu. Í krossaprófi Fréttablaðsins sagðist formaður frjálslyndra hlynntur álverum í Helguvík og á Bakka en formaður VG lýsti sig andvígan.

### Stórt og smátt

Fæðuöryggi er Íslendingum brýnt hagsmunamál, segir Framsókn sem vill efla og hlúa að matvælaframleiðslu, jafnt í landbúnaði sem sjávarútvegi. Allir flokkar sjá tækifæri í þeim greinum en þó á misjöfnum forsendum. VG, Samfylkingin og frjálslyndir vilja nýtt veiðistjórnunarkerfi, ekki síst til að fjölga störfum og auka verðmæti. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar á hinn bóginn að verja núverandi kerfi enda raski breyting þess rekstrargrundvelli útgerða.

Allir flokkar telja mikil sóknarfæri liggja í ferðaþjónustu vilja auka markaðsstarf í útlöndum til að fá hingað fleiri erlenda ferðamenn. Sömu sögu er að segja af nýsköpun og sprotafyrirtækjum sem almennur vilji er til að styðja við bakið á.

### Svo er að efna

Að þessu samanteknu virðast allir flokkar ætla að ráðast gegn atvinnuleysinu með kjafti og klóm en með misjöfnum meðulum.
Á kjörtímabilinu verður spurt um efndir.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

THULE SWEDEN
Hjólafestingar

Stilling
Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

# ÍSLENSKAR GÆÐAVÖRUR




359-
BÓNUS MÖFFINS 500 G




198-
BÓNUS
MJÓLKURKEX 600 G




359-
359-
BÓNUS
VÍNARBRAUÐ 500 G




98-
BÓNUS HAFRAKEX 200 G




298-
BÓNUS
MATARKEX 1 KG

359-
BÓNUS VANILLU
KREMKEX 1 KG




359-
ORA FISKBÚÐINGUR
1/1 DÓS

279-
ORA FISKBOLLUR
1/1 DÓS

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

X 2009

SUÐVESTURKJÖRDÆMI



# Fylgi forystunnar hrynur

**Fylgi Sjálfstæðisflokkins í Suðvesturkjördæmi hrynur um 20 prósentustig frá kosningum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þór Saari kemst inn sem kjördæmakjörinn þingmaður fyrir Borgarahreyfinguna. Samfylking er stærsti flokkurinn í kjördæminu og fær fjóra kjördæmakjörna menn.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi hrynur, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Nú segist 23,1 prósent myndu kjósa flokkinn og yrðu kjördæmakjörnir þingmenn flokksins tveir, þau Bjarni Benediktsson, formaður flokksins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður.

Kjörfylgi flokksins 2007 var 42,6 prósent og eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi nú sex. Fylgi flokksins er mun meiri meðal karla en kvenna, en 28,0 prósent karla segjast myndu kjósa flokkinn, en 18,3 prósent kvenna.

Flesta kjördæmakjörna þingmenn fengi Samfylking, alls fjóra, en 32,2 prósent segjast myndu kjósa flokkinn sem fékk 28,4 prósent atkvæða í síðustu kosningum og fjóra þingmenn. Vinstri græn bæta verulega við sig frá kosningum, fara úr 11,6 prósenta kjörfylgi og einum þingmanni í 24,1 prósent nú og tvo þingmenn.

Borgarahreyfingin fengi kjördæmakjörinn mann inn, en 10,2 prósent styðja flokkinn í Suðvesturkjördæmi. Framsóknarflokkur kæmi einnig manni inn, með 8,6 prósent fylgi. Í kosningunum 2007 greiddu 7,5 prósent kjósenda í Suðvesturkjördæmi Framsóknarflokknum atkvæði sitt og fékk hann einn mann kjörinn.

1,2 prósent styðja Frjálslynda flokkinn nú, en flokkurinn fékk 6,7 prósent atkvæða í kjördæminu 2007 og 0,7 prósent styðja Lýðræðishreyfinguna. Hvorugur flokkurinn fengi þingmann kjörinn í Suðvesturkjördæmi.

Auk tíu kjördæmakjörinna þingmanna í kjördæminu eru tveir jöfnunarmenn. Þingmenn Suðvesturkjördæmis eru því tólf.

Efnahags-, velferðar-, og menntamál eru þau málefni sem helst brenna á kjósendum í kjördæminu. 94,5 prósent tóku afstöðu til þeirrar spurningar. Minnst áhersla er lögð á umhverfis-, og samgöngumál.

Ef svörin eru borin saman við svör við sömu spurningum fyrir kosningarnar 2007 hefur mikilvægi efnahags- og Evrópu-, og fiskveiðimála aukist, en mikilvægi annarra málaflokka hefur minnkað meðal kjósenda í kjördæminu.

Hringt var í 600 manns í Suðvesturkjördæmi þriðjudaginn 21. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Nöfn svarenda voru valin af handahófi úr þjóðskrá. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Óákveðnir voru spurðir; Hvaða lista er líklegast að þú myndir kjósa? Þeir sem enn voru óákveðnir voru spurðir; Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? 72,0 prósent tóku afstöðu. 8,8 prósent sögðust ekki myndu kjósa eða skila auðu, 10,3 prósent voru óákveðin og 8,8 prósent neituðu að svara.

Þá voru kjósendur í báðum kjördæmum beðnir að gefa átta málaflokkum einkunn frá 1 til 5 eftir mikilvægi þeirra við kosningar á laugardag, þar sem 1 var mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

svanborg@frettabladid.is

## Fylgi stjórnmálaflokkanna í Suðurvesturkjördæmi

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins 21. apríl (Fylgi í % og kjördæmakjörnir þingmenn)




## Málefni í mikilvægisröð

Svarendur gáfu málaflokkum einkunn frá 1 til 5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.




**SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN (D)**
1. **Bjarni Benediktsson**
2. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
3. Ragnheiður Ríkharðsdóttir
4. Jón Gunnarsson



**VINSTRI GRÆN (V)**
1. **Guðfríður Lilja Grétarsdóttir**
2. Ögmundur Jónasson
3. Ólafur Þór Gunnarsson
4. Margrét Pétursdóttir



**BORGARAHREYFINGIN (O)**
1. **Þór Saari**
2. Valgeir Skagfjörð
3. Ingifríður R. Skúladóttir
4. Ragnheiður Fossdal



**FRAMSÓKNARFLOKKURINN (B)**
1. **Siv Friðleifsdóttir**
2. Helga Sigrún Harðardóttir
3. Gestur Valgarðsson
4. Una María Óskarsdóttir



**FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN (F)**
1. **Kolbrún Stefánsdóttir**
2. Helgi Helgason
3. Valdís Steinarsdóttir
4. Björn Birgisson



**LÝÐRÆÐISHREYFINGIN (P)**
1. **Guðrún María Óskarsdóttir**
2. Árni Pétur Ágústsson
3. Ásgeir Þór Davíðsson
4. Birgir Óskar Axelsson



**SAMFYLKINGIN (S)**
1. **Árni Páll Árnason**
2. Katrín Júlíusdóttir
3. Þórunn Sveinbjarnardóttir
4. Magnús Orri Schram







**ALISTAIR DARLING** Með snjáðu fjárlagatöskuna sem dregin er fram einu sinni á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alistair Darling kynnti svört fjárlög á breska þinginu:

# Segir meiri halla betri en sparnað

**BRETLAND, AP** Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, spáir 3,5 prósenta efnahagssamdrætti í Bretlandi á þessu ári, en reiknar síðan með 1,25 prósenta hagvexti á næsta ári og 3,5 prósenta hagvexti árið 2011.

Fjárlagahallinn verður 175 milljónir punda á árinu, en það nemur 12,4 prósentum af þjóðarframleiðslu og er helmingi meira en fjárlagahalli síðasta árs.

Þá munu skuldir þjóðarbúsins aukast úr 50,9 prósentum af þjóðarframleiðslu og verða komnar upp í 79 prósent árin 2013-14.

Darling kynnti fjárlög ársins á breska þinginu í gær, og sagðist sannfærður um að það væri rétt ákvörðun að auka frekar fjárlagahallann en að draga úr ríkisútgjöldum við þær aðstæður, sem nú væri við að glíma.

„Hinn kosturinn, að taka fé út úr hagkerfinu núna, eins og sumir hafa lagt til, myndi skaða mikilvæga almannaþjónustu, auka atvinnuleysi, lengja niðursveifluna og á endanum leiða til hærri, ekki lægri, skulda,“ sagði Darling á þingi í gær.

Á næsta ári ætlar breska stjórnin svo að hækka hátekjuskatt úr 40 prósentum í 50 prósent, og er þá miðað við árstekjur yfir 150 þúsund pundum, en það samsvarar þessa dagana rúmum 28 milljónum króna.

Bretar hafa ekki séð svartari fjárlög svo áratugum skiptir. **- gb**


Að Móta byggð

...með áherslu á lífsgæði





**AÐ MÓTA BYGGÐ** - með áherslu á lífsgæði er ráðstefna Skipulagsstofnunar sem haldin verður á 20.hæð í Turninum í Kópavogi, fimmtudaginn 30. apríl n.k. Ráðstefnugestir taka, að undangengnum fyrirlestrum, virkan þátt í raddtorgi (world café) um gildi, þarfir og lífsgæði í skipulagi. Skráning fer fram í admotabyggd@skipulagsstofnun.is og hjá Skipulagsstofnun í síma 595 4139. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að fá á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

| | |
|---|---|
| **8:30** | Skráning ráðstefnugesta, afhending gagna og kaffi |
| **9:00-9:05** | Setning ráðstefnunnar - **Stefán Thors,** skipulagsstjóri |
| **9:05-9:15** | Ávarp - **Umhverfisráðherra** |
| **9:15-9:35** | Norræn samstarfsverkefni um mótun byggðar og sjálfbæra þróun<br>**Hafdís Hafliðadóttir** arkitekt og sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun |
| **9:35-10:45** | City Design- Urban developement for Citizens method<br>**Steffen Gulmann** stofnandi 11CityDesign og aðjúnkt við Copenhagen Business School: Strategic Design Developement |
| **10:55-11:35** | An historical approach on the notion of esthetic and the town planning<br>**Astrid Lelarge** doktorsnemi í sagnfræði og **Birgir Jóhannsson** arkitekt |
| **11:35-12:00** | Kynning á rannsóknarverkefnum háskólanema |
| **13:00-14:15** | Where would we like to live ?<br>**Eric Holding** arkitekt, starfar með CABE í Bretlandi, John Thompson Partners og Alta |
| **14:15-14:30** | Kynning á niðurstöðum úr málstofunum fimm: **„AÐ MÓTA BYGGÐ“** sem haldnar voru í vetur með; unga fólkinu, íbúa- og félagasamtökum, verktökum og fjárfestum, skipulagsráðgjöfum og öðrum sem koma að skipulagsgerð og kjörnum fulltrúum.<br>**Málfríður K Kristiansen** arkitekt og verkefnastjóri hjá Skipulagsstofnun |
| **14:30-16:55** | Raddtorg – (world café), umræðuhópar á 19. hæð með þátttöku ráðstefnugesta, (5- 6 manns við hvert borð) þar sem fram fara umræður með því markmiði að ná fram niðurstöðum og skilaboðum sem komið verður áfram til stjórnvalda (kaffi og meðlæti verða á borðum) |
| **17:00** | **Ráðstefnulok** og hressing |






Brýnasta úrlausnarefnið í efnahagsmálum Íslendinga er að skapa atvinnulífinu á ný eðlilegt rekstrarumhverfi og koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot heimila og fyrirtækja. Fjöldi atvinnurekenda hefur staðið í ströngu við að halda fyrirtækjum sínum gangandi síðustu misserin en mikilvægt er að gera þeim kleift að koma á eðlilegum rekstri og verja þau störf sem fyrir eru. Framsókn leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir í efnahagsmálum og hafnar þeirri aðferðafræði að fólk og fyrirtæki fái ekki hjálp fyrr en allt er komið í þrot.

Framsókn vill nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru og laða hingað til lands erlenda fjárfestingu. Mikilvægt er að virkja til framtíðar þann mikla mannauð sem býr í íslenskri þjóð til nýsköpunar og eflingar nýrra atvinnuvega. Þetta er aðeins hægt þegar búið er að koma í veg fyrir frekara hrun á atvinnumarkaði og snúa þróuninni við. Framsóknarflokkurinn hefur ávallt verið atvinnumálaflokkur og sýnt það í verki eins og loforð og efndir um 12.000 ný störf árið 1995 bera vitni um.

Framsókn er eini flokkurinn sem hefur sýnt frumkvæði í að koma með raunverulegar lausnir sem geta tekið á þeim gríðarlega vanda sem íslenskt efnahagslíf og íslenskar fjölskyldur standa nú frammi fyrir. Með 20% leiðréttingu skulda er strax gripið til aðgerða og blaðinu snúið við.

Á laugardaginn færð þú tækifæri til að taka frumkvæðið í þínar hendur og velja breytingar. Framsóknarflokkurinn býður skýran valkost – almennar lausnir sem virka og byggja á þeirri einföldu hugmyndafræði að með því að veita Íslendingum sjálfum svigrúm til að vinna sig út úr vandanum, með dugnaði og atorkusemi, verði þjóðinni best borgið.

FRAMSÓKN




© Inter IKEA Systems B.V. 2009

**6.485,-**

**TÄRNÖ borð og 2 fellistólar**



**TÄRNÖ fellistólar 1.995,-/stk.** Sætishæð 45cm. Gegnheill akasíuviður/stál
**TÄRNÖ felliborð 2.495,-** B54×L55, H70cm. Gegnheill akasíuviður/stál
**RÅSSÖN sessur 395,-/stk.** B34×L34cm. Rautt



**SOLIG pappaglös 295,-/18 í pk.** 35cl. Ýmsir litir
**SOLIG pappadiskar 395,-/18 í pk.** B18×L18cm. Ýmsir litir
**SOLIG sogrör 195,-/200 í pk.** L21cm. Ýmsir litir

# Opið 11-19 í dag



**Börnin fá ókeypis íspinna frá Kjörís í tilefni dagsins**



**6.990,-/stk.**
**ÄPPLARÖ stólar m/örmum**
Sætishæð 41cm. Gegnheill akasíuviður

# Berfætt í grasinu



**BOLLÖ bekkur 7.990,-**
Sætishæð 47cm.
Gegnheill akasíuviður



**SOLIG glös 595,-/2 í pk.**
30cl. Glært gler/mynstrað



**SOLIG íspinnamót 295,-/settið**
H10cm. Ýmsir litir



**SOLIG blómapottur 295,-**
Innanmál 14, H15cm.
Ýmsir litir



**SOLIG púði 1.390,-**
B50×L50cm. Ýmsir litir



**SOLIG strandpokar 150,-/stk.**
B45, H45cm. Ýmsir litir



**SOLIG ilmkerti 795,-/stk.**
H11cm. Ýmsir litir

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ógnarvetur að baki:

## Öfganna á milli

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Sá vetur sem nú er að baki verður plássfrekur í sögubókum framtíðarinnar. Ísöld lagðist yfir fjármálakerfi heimsins þegar leið að hausti og frostið beit hvergi harðar en hér.

Það liðu ekki margar vikur frá „guð blessi Ísland“ ávarpi þáverandi forsætisráðherra þar til flestum varð ljóst að sú ríkisstjórn sem hann stýrði, réð ekki við stjórn landsins. Þá þegar lá líka fyrir að alþingiskosningar voru óumflýjanlegar. Alþingi varð að sækja sér nýtt umboð. Það var ekkert eins og áður.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar þráuðust að vísu úr hófi við að horfast í augu við þann veruleika, en hér erum við komin; þjóðin gengur til kosninga eftir tvo daga.

Aðdragandi þessara kosninga er á margan hátt óvenjulegur. Kosningabaráttan hefur verið stutt. Hún hófst ekki af viti fyrr en í síðustu viku. Á sama tíma er þó eins og hún hafi staðið óslitið í marga mánuði. Þjóðin hefur sjaldan, ef nokkurn tímann, innbyrt annan eins ógnarskammt af pólitík og þennan mikla frostavetur fjármálalífsins.

Hugmyndafræði og hugsjónir brunnu á fólki. Hvergi af meiri krafti en á Austurvelli. Hitinn varð loks svo mikill að ríkisstjórn Geirs Haarde þoldi ekki lengur við.

Ekki er þó hægt að segja að umræðan hafi verið markviss eða að angar hennar hafi náð að safnast saman í einn stefnumarkandi straum. Þetta var meira eins og allsherjar vatnsgangur sem sullaðist um og fann sér ekki farveg. Ekki fyrr en í síðustu viku þegar Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri skrifaði blaðagrein og spurði hvort stjórnmálaflokkarnir stefndu að nýju hruni? Í rökföstu og yfirveguðu máli benti Benedikt á að aðild að Evrópusambandinu, og upptaka evru í framhaldinu, er eina raunhæfa leiðin til að forða því að lífskjör færist aftur um marga áratugi á Íslandi. Um leið markaði hann upphaf kosningabaráttunnar og rammaði kyrfilega inn hennar stærsta mál.

Beint í kjölfar greinar Benedikts var svo kynntur afrakstur vinnu nefndar um þróun Evrópumála. Þar bar helst til tíðinda að helstu fulltrúar atvinnulífsins, Alþýðusambandið, Viðskiptaráð, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar, stóðu að sameiginlegu áliti með Samfylkingunni um að sækja beri strax um aðild að Evrópusambandinu. Rökin í megindráttum þau sömu og komu fram í grein Benedikts.

Undanfarnir dagar hafa því verið þungir fyrir andstæðinga Evrópu. Það er ástæða til að skoða þann hóp betur og ólíkar ástæður innan hans fyrir andstöðunni: Hægra megin eru fulltrúar þeirra sem hatast við Evrópusambandið á þeim forsendum að það sé miðstýrt skriffinnskubákn sem er allt að því sovéskt í forsjárhyggju sinni. Á vinstri kantinum eru hins vegar þeir sem fyrirlíta Evrópusambandið fyrir þá ákafu markaðshugsun og frjálshyggju sem á að hafa einkennt stefnu þess.

Lesendur geta sjálfir velt fyrir sér hvor fylkingin hefur rétt fyrir sér, sú sem er yst til hægri eða sú sem er yst til vinstri?

Eða jafnvel hvorug og að sannleikurinn sé einhvers staðar þarna mitt á milli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ef ekkert verður gert

Sjálfstæðisflokkurinn kynnti efnahagstillögur sínar í fyrradag á fundi í Valhöll. Þar var birtur listi yfir þær ógnir sem að þjóðinni steðja „ef ekkert verður gert“. Meðal þess sem fram kemur er að „ef ekkert verður gert, mun … Ísland ekki uppfylla skilyrði fyrir upptöku evrunnar“. Þessar áhyggjur sjálfstæðismanna eru forvitnilegar. Ekki er ýkja langt síðan – það var raunar fyrr í vikunni – að þeir lýstu yfir vilja til að taka evru upp einhliða þrátt fyrir eindregna andstöðu Evrópusambandsins. Fyrir því eru engin sérstök skilyrði.



### Skemmtileg tilviljun

Á vef svokallaðs Aha-hóps má sjá ansi beinskeyttan nafnlausan áróður gegn stjórnmálaflokkum á vinstri vængnum. Vefsíðan er haganlega gerð, enda skapari hennar þrautreyndur vefhönnuður – frjálshyggjumaður nokkur sem heitir Baldvin Mar Smárason. Umsjón síðunnar er þó ekki aðalstarfi Baldvins, því hann vinnur sem hönnuður og forritari á auglýsingastofunni Jónsson & Le'Macks, sem vill til að er einmitt auglýsingastofa Sjálfstæðisflokksins. Þetta er lítið land.



### Bjarni plægir akur

Á þessum stað í gær var sagt að í sjónvarpsinnslagi fyrir kosningavöku RÚV hafi Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, verið settur í það hlutverk að draga taðdreifara á eftir sér. Það er rangt. Hið rétta er að í innslagi Sjónvarpsins plægir Bjarni akur. Beðist er velvirðingar á þessu mishermi.

**stigur@frettabladid.is**
**bergsteinn@frettabladid.is**

# Þriggja kosta völ?



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Gjaldeyrismál

Hugsum okkur, að heimurinn allur hefði sameinazt um einn gjaldmiðil, eina mynt. Þá myndi seðlabanki heimsins bregðast við merkjum um vaxandi verðbólgu um heiminn með því að hækka vexti og skyldum aðgerðum og við aukinu atvinnuleysi með því að lækka vexti. Ekki myndu þó öll lönd njóta góðs af þessu fyrirkomulagi, því að þau búa við ólík skilyrði. Þótt verðbólga færi vaxandi um heiminn á heildina litið, gæti atvinnuleysi verið aðalvandinn sums staðar. Í þeim löndum, þar sem atvinnuleysi er aðalvandinn, myndi vaxtahækkun gera illt verra. Einmitt þess vegna hefur heimurinn ekki sameinazt um eina mynt. Heimurinn er stærri og fjölbreyttari en svo, að hann geti talizt vera hagkvæmt myntsvæði eins og það heitir á hagfræðimáli. Hvað þarf þá margar myntir?

**Eina mynt fyrir hvert land?**

Myntir heimsins eru mun færri en löndin, þar eð margar þjóðir hafa séð sér hag í að sameinast um eina mynt. Sextán ESB-lönd nota evru auk sex smáríkja. Fjórtán lönd í Afríku nota CFA-frankann. Ekvador, El Salvador og Panama auk sex smáríkja nota Bandaríkjadal. Sjö eyríki í Kyrrahafi nota ýmist ástralska eða nýsjálenzka dollarann. Abkasía og Suður-Ossetía nota rúblur. Bútan notar indverska rúpíann. Liechtenstein notar svissneska frankann. Namibía, Lesótó og Svasíland og – já! – Simbabve nota suðurafríska randið. Ríkisstjórn Simbabve lagði eigin gjaldmiðli fyrir skömmu eftir að hafa eyðilagt hann með botnlausri óreiðu og óðaverðbólgu. Eftir stendur eigi að síður á annað hundrað landa með eigin gjaldmiðla. Hvað á Ísland að gera? Krónan er illa löskuð.

**Þrjú markmið …**

Meðal þeirra markmiða, sem flestar þjóðir setja sér, eru viðskiptafrelsi, gengisfesta og fullveldi. En rök og reynsla sýna, að þessi þrjú stefnumið stangast á. Þjóð, sem nær tveim þessara þriggja markmiða, þarf að kasta hinu þriðja fyrir róða. Lítum í kringum okkur. Bandaríkin leyfa frjálst flæði fjármagns inn og út

*Myntir heimsins eru mun færri en löndin, þar eð margar þjóðir hafa séð sér hag í að sameinast um eina mynt.*

úr landinu og ráða peningamálum sínum sjálf að fullu án afskipta annarra. Til að halda óskoruðu frelsi og fullveldi þurfa Bandaríkjamenn að færa þá fórn, að gengi dollarans flýtur á gjaldeyrismarkaði. Gengi dollarans er því ekki stöðugt, heldur sveiflast það til. Sama gildir um Bretland og brezka pundið, Japan og jenið, Noreg og Svíþjóð. Sextán ESB-lönd hafa annan hátt á: Þau deila fullveldi sínu í peningamálum með öðrum ESB-löndum til að tryggja fast gengi innan evrusvæðisins. Frakkar fórnuðu frankanum, Þjóðverjar markinu og þannig áfram land úr landi til að girða fyrir gengissveiflur. En Kína? Kínverjar búa við fast gengi (kínverska myntin er bundin við Bandaríkjadal), og þeir áskilja sér fullt frelsi til að ráða stjórn eigin peningamála. Til að þetta sé hægt, þurfa Kínverjar að fórna frjálsum fjármagnshreyfingum, því að eina leiðin til að tryggja fast gengi og óskorað fullveldi í peningamálum um leið er að hefta flæði fjármagns inn og út úr landinu.

**… en þau stangast á**

Viðbrögð við bankahruninu hér heima spegla þennan vanda. Stjórnvöld kepptu að öllu þrennu: viðskiptafrelsi, gengisfestu og fullveldi, en þau þurfa að sleppa takinu á einu þessara markmiða til að halda hinum tveim. Ein leiðin væri að láta gengisfestuna lönd og leið og leyfa gengi krónunnar að falla hindrunarlaust. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa hafnað þessari leið í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn með þeim rökum, að gengið gæti þá fallið langt niður fyrir eðlileg mörk, svo sem gerist iðulega við svipaðar aðstæður, og legið þar lengi. Þá áhættu vildu stjórnvöld ekki taka, þar eð mörg heimili og fyrirtæki tóku lán í erlendri mynt og myndu því skaðast meira en ella af slíkri gengislækkun. Þegar þetta lá fyrir, áttu stjórnvöld aðeins tveggja kosta völ. Annar kosturinn var að deila með öðrum fullveldi Íslands í peningamálum, og þá lægi beint við að óska eftir aðild að ESB með hraði, ef hægt væri, og binda krónuna við evruna. Ríkisstjórnin hafnaði þessari leið. Þá var aðeins um eitt að ræða: að hefta fjármagnsflutninga að og frá Íslandi. Það var gert, enda þótt slík höft séu nú orðið nær óþekkt í okkar heimshluta. Því var heitið, að höftin yrðu tímabundin. Þetta fyrirheit felur í sér, að annaðhvort verður gengi krónunnar innan tíðar sleppt lausu og leyft að falla, ef svo ber við, án verulegra afskipta af hálfu Seðlabankans eða gengið verður fest með því að binda krónuna kirfilega við annan gjaldmiðil. Bezta leiðin til að tryggja stöðugt gengi gjaldmiðils er að deila honum með öðrum. Og bezta leiðin til að tryggja fullveldi er að deila því með öðrum.

# Atkvæðaskýring

**UMRÆÐAN**

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar um álver í Helguvík



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR**

Hún er dapurleg framtíðarsýn þeirra sem þykir sjálfsagt að fórna enn fleiri dýrmætum náttúruperlum en orðið er fyrir uppbygginguá mengandi þungaiðnaði. Það er ekki síður dapurlegt hvernig þeir hinir sömu láta sér í léttu rúmi liggja að arðurinn hverfi úr landi ofan í djúpa vasa eigenda alþjóðlegra auðhringa. Auðhringa, sem liggja undir ámæli fyrir ómurlega eyðileggingu vistkerfa á Indlandi, Brasilíu, Ástralíu og Jamaíku, þar sem rauð drulla blönduð vítissóda hrúgast upp og eyðileggur búsvæði manna og dýra.

Á sama tíma tala þessir sömu einstaklingar fyrir því að auðlindirnar eigi að vera í þjóðareigu. Það er í mínum huga hjáróma málflutningur og merkingarlítill. Mikil er ábyrgð þingmanna stóriðjuflokkanna; Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Frjálslynda flokksins og Samfylkingar, sem þykjast sjá bjarta framtíð í fjárfestingarsamningi við erlent stóriðjufyrirtæki, sem tryggir því allt annað rekstrarumhverfi en innlend fyrirtæki njóta. Hvar er jafnaðarmennskan í þessari ráðstöfun?

Mín framtíðarsýn, og okkar vinstri grænna, er allt önnur. Hún byggir á sjálfbærri atvinnu- og orkustefnu, þar sem varúðarnálgunar er gætt við alla auðlindanýtingu og aðrar meginreglur umhverfisréttar eru hafðar í heiðri. Sú stefna rúmar ekki frekari uppbyggingu áliðnaðar á Íslandi. Ég segi nei!

*Höfundur er umhverfisráðherra.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gjöfin þín er í Hagkaup!

**Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 3.900 eða meira í Hagkaup 23.-29. apríl er þetta gjöfin til þín.***




**Gjöfin þín að verðmæti 14.000 kr. inniheldur:**

- Liquid Facial Soap Mild 30 ml
- DDML Gula Kremið 30 ml
- Superdefense Rakakrem 7 ml
- Lash Doubling Maskari
- Long Last Varalitur Pinkberry
- Spegill
- Taska

CLINIQUE
GÓÐ GJÖF

*Meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Árangur fyrir heimilin

UMRÆÐAN
Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um velferð heimilanna



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Eitt af meginmarkmiðum mínum við myndun ríkisstjórnar var að brúa bil erfiðleikanna fyrir heimilin í landinu. Á aðeins 70 dögum náðist sá árangur að koma öllum mikilvægustu stoðunum undir þessa velferðarbrú. Í raun er um að ræða 18 aðgerðir sem mæta mismunandi þörfum heimilanna eftir stöðu þeirra en meginstoðirnar undir velferðarbrúnni eru fjórar:

- Stórauknar greiðslur til heimilanna hvort sem er aukning á endurgreiðslum vaxta og verðbóta með tæplega 70% aukningu fjármagns í vaxtabótakerfið, stuðningur við barnafjölskyldur með aukningu barnabóta eða heimild til að nýta hluta séreignarsparnaðar.
- Lækkun greiðslubyrði húsnæðislána um 10 til 50% með greiðslujöfnun.
- Möguleikar á frestun afborgana allt upp í þrjú ár vegna tímabundins tekjumissis auk þess sem öll greiðsluerfiðleikaúrræði Íbúðalánasjóðs gilda fyrir alla lántakendur hjá bönkunum.
- Afskriftir og önnur greiðsluaðlögun sem færir greiðslubyrði þeirra sem eru í miklum skuldavanda niður að greiðslugetu. Með því heyra hin sorglegu gjaldþrot heimilanna með áratuga skuldahala í raun sögunni til.

Saman styðja þessar fjórar stoðir heimilin yfir tímabil erfiðleikanna. Lykilatriðið er að takmörkuðum fjármunum er ráðstafað í þágu þeirra sem raunverulega þurfa á aðstoð að halda. Það er mikilvægt vegna þess að mikilvægasta úrræðið fyrir heimilin í landinu felst í því að komast sem fyrst út úr tímabili samdráttar og erfiðleika. Því marki náum við ekki með frekari skuldasöfnun heldur með því að efla atvinnulíf og verðmætasköpun. Þess vegna fer vinna og velferð saman.

Atvinnumálin eru eitt stærsta velferðarmálið fyrir heimilin í landinu því verðmætasköpunin stendur bæði undir bættum lífskjörum og velferðarsamfélaginu. Þess vegna hefur ríkisstjórn lagt áherslu á að fylgja þeirri efnahagsáætlun sem unnin var í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Endurreisn bankanna er að ljúka og samningar við erlenda kröfuhafa í fullum gangi. Unnið er að því að leysa þann vanda sem felst í fjárfestingum jöklabréfaeigenda í krónunni. Allt eru þetta mikilvægir þættir í að bæta starfsumhverfi fyrirtækjanna í landinu. Mikilvægast er þó að fyrirtækin í landinu geti byggt á framtíðarsýn í peningamálum og treyst því að unnið verði eftir raunhæfum leiðum til að skapa stöðugleika og losna úr gjaldeyrishöftunum. Samfylkingin hefur þá sérstöðu að leggja til slíka raunhæfa leið fyrir atvinnulífið í landinu: Samingaviðræður við ESB svo hægt sé að leggja aðildarsamning sem fyrst í dóm þjóðarinnar. Samfylkingin leggur áherslu á skýr samningsmarkmið, m.a. um full yfirráð yfir auðlindum, stöðu landbúnaðar og örugga leið yfir í nýja mynt, evruna. Þjóðin á rétt á að fá að taka upplýsta afstöðu til aðildarsamnings með lýðræðislegum hætti en það er ekki gert án samningaviðræðna þar sem niðurstaða fæst í hvað raunverulega er í boði.

*Saman styðja þessar fjórar stoðir heimilin yfir tímabil erfiðleikanna. Lykilatriðið er að takmörkuðum fjármunum er ráðstafað í þágu þeirra sem raunverulega þurfa á aðstoð að halda.*

Stærstu samtök atvinnurekenda og launafólks eru sammála Samfylkingunni um að með aðildarviðræðum væri stigið mjög stórt skref í að endurheimta traust á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf og styrkja þannig starfsgrundvöll fyrirtækja. Teystum velferðarbrú heimilanna og eflum atvinnulífið í kosningunum á laugardag. Kjósum Samfylkinguna.

*Höfundur er forsætisráðherra.*

# Fall eða endurreisn?

UMRÆÐAN
Birgitta Jónsdóttir skrifar um kosningar



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

Íslenska þjóðin var fyrst til að falla í hyldýpi kreppu sem engan endi virðist ætla að taka. Þögnin um eiginlega stærð vandans er bæði þrúgandi og skammarleg.

Heimurinn horfði á okkur falla, en mun heimurinn sjá hér raunverulega endurreisn? Við höfum tækifæri til að gefa bæði þjóðinni okkar von sem og heimsbyggðinni um að hægt sé að taka á spillingu þótt hún nái inn á æðstu stofnanir. Við höfum tækifæri til að sýna að við þorum að reisa hér samfélag þar sem krafan um gegnsæi og raunverulegt lýðræði rís hærra en óttinn við breytingar.

Heimurinn horfir til okkar því við erum fyrsta landið til að kjósa í kjölfar efnahagshrunsins eftir að ríkisstjórn var steypt af stóli með raunverulegri byltingu. Við berum því mikla ábyrgð að láta ekki tæla okkur til að endurnýja umboð þess fólks sem brást algerlega trausti okkar. Heldur einhver að þau séu best til þess fallin að leiða landið úr þeim ósköpum sem þau létu dynja yfir okkur án nokkurrar iðrunar? Tveir flokkar sköpu þessa atburðarás með fádæma tengslamyndun á milli viðskiptaheims og þingheims. Treystið þið virkilega þeim til að rannsaka sjálfa sig og vini sína?

Ef við viljum breytingar þá verðum við að gera eitthvað til að þessar breytingar verði að veruleika. Ég treysti hvorki kerfinu né fólkinu sem situr í öllum æðstu embættum til að tryggja að við almenningur fáum meiri völd. Ég treysti þeim ekki til að hafa dug í sér til að uppræta þá spillingu sem hér er orðin svo samofin veruleika allra að fólk er nánast hætt að sjá hana.

Hvað ætlar þú að gera til að tryggja að við losnum úr viðjum flokkakerfisins? Hvað ætlar þú að gera til að sýna umheiminum að þér er nóg boðið? Ég veit hvað ég ætla að gera, ég ætla að leggja allt undir til að tryggja að það fólk fái brautargengi sem ég veit að hefur enga hagsmuni aðra að leiðarljósi en að tryggja þjóðinni aftur þau völd sem hún hélt sig hafa. Ég ætla að styðja Borgarahreyfinguna – þjóðin á þing með ráðum og dáð til að hér verði í boði raunveruleg lausn fyrir þá sem hafa fengið nóg af svikum og sérhagsmunagæslu ráðamanna.

*Höfundur er varaformaður Borgarahreyfingarinnar - þjóðin á þing.*

# Sækjum um aðild að ESB

UMRÆÐAN
Einar Skúlason skrifar um Evrópumál



EINAR SKÚLASON

Það er brýnt að strax eftir kosningar verði farið í að undirbúa aðildarviðræður við ESB samkvæmt samningsumboði frá Alþingi. Það er hluti af aðgerðum til að tryggja langtímahagsmuni þjóðarinnar. Í aðildarviðræðunum sjálfum þarf að hafa skýra sýn á samningsmarkmiðin eða skilyrðin eins og þau eru nefnd í ályktun okkar framsóknarmanna frá flokksþinginu um miðjan janúar. Sérstaklega þarf að huga að hagsmunum almennings og atvinnulífs og þá sérstaklega sjávarútvegs og landbúnaðar og auðlindum landsmanna. Viðræðuferlið þarf að vera opið og lýðræðislegt og þegar samningur liggur fyrir, skal endanleg afstaða tekin í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar upplýstrar umræðu.

Settu X-B á laugardaginn!

*Höfundur skipar 2. sæti á lista Framsóknar í Reykjavíkurkjördæmi suður.*


LIST ÁN LANDAMÆRA 2009 er hafin...





LIST ÁN LANDAMÆRA 2009

Kynnið ykkur dagskrána á listanlandamaera.blog.is


WWW.BIFROST.IS
HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ Á BIFRÖST
Velkomin á opinn dag!
Í dag, sumardaginn fyrsta, frá kl. 14 – 17.
Námsframboð allra deilda háskólans kynnt og starfsfólk og nemendur skólans ræða við áhugasama um nám og daglegt líf á Bifröst
Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða á nemendagörðum verður til sýnis
Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis, svo sem líkamsræktarsalir, heitir pottar, kaffihús og lestraraðstaða
Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg kynna starfsemi sína
Börnin geta farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu
Deildir háskólans keppa um deildarbikarinn. Hælahlaup, stresstöskuganga, fótbolti o.fl.
Kaffi og vöfflur handa öllum
FRÍTT Í GÖNGIN Á LEIÐINNI HEIM!
Dalalíf
Skólalíf
Tilhugalíf
Menningarlíf
Fjölskyldulíf
Nýtt líf
ENNEMM / SÍA / NM37636
FRUMGREINADEILD
SÍMENNTUN
VIÐSKIPTADEILD
LAGADEILD
FÉLAGSVÍSINDADEILD
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

VEIÐIKORTIÐ

31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 kr.




Hver segir að það sé dýrt að veiða?

Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is
Fæst hjá N1, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.

15% afsláttur af TORMEK hverfisteinum og fylgihlutum í apríl

BRYNJA
1919 2009

Opið virka daga frá 9.00-18.00
og lau. frá 10.00-16.00

Laugavegi 29 - Sími 552 4320
www.brynja.is - brynja@brynja.is



Anna Sóley er hér í nýju fermingarkápunni sinni sem keypt var í Karen Millen. Tíkin Tinna fékk að vera með á myndinni og klæðist hún einnig kápu. MYND/SVEINBJÖRN KÁRI

# Glæsileg fermingarkápa

**Anna Sóley Eyjólfsdóttir fermdist á skírdag. Líkt og margar fermingarstúlkur var hún búin að fata sig upp í tilefni dagsins. Í samráði við móður sína valdi hún meðal annars sígilda kápu frá Karen Millen.**

„Ég fermdist á skírdag, 9. apríl, í Lágafellskirkju. Dagurinn var frábær í alla staði og komu margir í veisluna til mín," segir Anna Sóley Eyjólfsdóttir, nemi í Lágafellsskóla, en auk þess að klæðast fallegum svörtum og silfruðum kjól var Anna Sóley í glæsilegri kápu.

„Ég fékk kápuna í Karen Millen en mér finnst mjög flott föt þar. Kápan er svört með belti en hún er aðsniðin í mittið og víkkar svo út. Hálsmálið er rykkt með svona böndum út," útskýrir Anna Sóley og bætir við að kápan sé úr fremur stífu og þykku efni. „Mér og mömmu þótti þetta flottasta kápan og ég á örugglega eftir að nota hana mikið við fínni tækifæri. Svarti liturinn er klassískur og sniðið gott," segir hún og viðurkennir að fermingarfötin sín séu þau flottustu í fataskápnum hingað til.

„Yfirleitt er ég nú bara í þægilegum fötum, eins og gallabuxum og síðum peysum, en mér finnst samt mjög gaman að klæða mig í svona fín föt og sjá breytinguna," segir Anna Sóley einlæg og nefnir að hún spái töluvert í föt og tísku. „Misjafnt er hvernig stelpur á mínum aldri klæða sig en gallabuxur eru alltaf vinsælar," segir hún og játar að fataáhuginn sé smám saman að aukast með árunum.

Önnu Sóleyju þótti fermingarfræðslan áhugaverð og gjafirnar glöddu líka ungmeyjarhjartað. „Ég fékk til dæmis úr og utanlandsferð og gaman var að hitta alla gestina," segir hún og brosir.

*hrefna@frettabladid.is*

BÍLKÓ

TVENNA

Tilboðsverð af UMFELGUN

-15% olís afsláttur af SMURVINNU

-20%
Takirðu bæði tilboðin í einu færðu 20 % afslátt af vinnu við smur!

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**SAUMAR.NET** er vefverslun með hannyrðavörur á hagstæðu verði. Þar má meðal annars finna dúka, ýmsar barnavörur, efni, garn og aðrar græjur fyrir saumaskapinn. www.saumar.net














Kapella heilags Nikulásar von der Flüe. Verkið var pantað af bóndanum Josef Scheidtweiler og konu hans Trudel sem einnig byggðu kapelluna að stórum huta ásamt vinum og vandamönnum. Kapellan stendur á túni í sveit nálægt Köln í Þýskalandi.



Jarðhitaböðin í bænum Vals í Sviss. Böðin voru opnuð árið 1996.



Zumthor byggði við og endurbætti þetta gamla hús í fjöllunum í Graubünden.



Kapella heilags Benedikts í Sumtvig í Sviss sem byggð er úr timbri.

# Virðing fyrir umhverfinu

**Svissneski arkitektinn Peter Zumthor hlýtur hin virtu Pritzker-verðlaun 2009. Verk Zumthors þykja skörp og tímalaus og er að finna víða um heim, frá Sviss og Þýskalandi til Englands og Bandaríkjanna.**

Pritzker-verðlaunin eru þau virtustu sem veitt eru í heimi arkitekta. Í ár er það svissneski arkitektinn Peter Zumthor sem verður þess heiðurs aðnjótandi að hljóta verðlaunin. Formleg afhending verðlaunanna fer fram 29. maí í Buenos Aires í Argentínu.

Peter Zumthor er þriðji Svisslendingurinn sem hlýtur Pritzker-verðlaunin frá því þau voru veitt fyrst árið 1979. Árið 2001 voru það samlandar Zumthors, þeir Jacques Herzog og Pierre de Meuron, sem hlutu verðlaunin.

Zumthor fæddist 26. apríl 1943. Hann lærði húsgagnasmíði líkt og faðir hans en fór síðar í arkitektanám og nam meðal annars við Pratt Institute í New York. Hann setti á fót eigin stofu árið 1979 í Haldenstein í Sviss þar sem hann starfar enn í dag ásamt fimmtán starfsmönnum. Hann starfar auk þess sem prófessor við Universitá della Svizzera Italiana, Mendrisio en auk þess er hann gestaprófessor í ýmsum háskólum víða um heim.

Þótt flest verka Zumthors sé að finna í Sviss hefur hann einnig tekið að sér verk í Þýskalandi, Austurríki, Hollandi, Englandi, á Spáni, í Noregi, Finnlandi og Bandaríkjunum. Þekktasta verk hans er í Vals í Sviss, bygging og umgjörð í kringum jarðhitabað. Einnig eru gagnrýnendur hrifnir af kapellu hans til heiðurs heilögum Nikulaus von der Flüe sem stendur á grónu túni í sveit nærri Köln í Þýskalandi.

Um verk Zumthors sagði Lord Palumbo, formaður Pritzker-dómnefndarinnar: „Zumthor er einkar lagið að búa til umhverfi sem er svo miklu meira en stök bygging. Arkitektúr hans tjáir virðingu fyrir kostum umhverfisins, uppruna staðarins, þeirri menningu sem ríkir á hverjum stað auk sögu arkitektúrsins.“

*solveig@frettabladid.is*



Arkitektinn Peter Zumthor hlýtur hin eftirsóttu Pritzker-verðlaun í ár.









# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 23. APRÍL 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Gleðilegt prjónasumar

Handprjónasambandið,
Skólavörðustíg 19. www.handknit.is.












Yfirleitt vilja hreindýr halda sig fjarri skarkala mannfólksins.

# Eiga að vera til ánægju

**Hreindýr hafa verið hluti af íslenskri náttúru frá því í lok átjándu aldar, síðustu áratugi þó einungis á austanverðu landinu. Kristján Pálsson og fleiri Suðurnesjamenn dreymir um að koma upp hreindýrastofni á Reykjanesskaga.**

„Það er alltaf gaman að sjá hreindýr í haga og ég tel að þau hafi gildi sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn," segir Kristján, sem heldur erindi í Saltfisksetrinu í Grindavík í dag og fjallar meðal annars um sögu hreindýra á Suðurnesjum. Þar verður líka Stefán Hrafn Magnússon hreindýrabóndi á Grænlandi. Samkoman flokkast sem þjóðháttakynning og stendur frá 15 til 17.



Kristján telur dýrin hafa gildi fyrir ferðamennskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hreindýrasteikur eru hnossgæti.

Kristján er formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja. Hann kveðst vilja hafa eitt til tvö hundruð hreindýr reikandi um á Suðvesturhorninu en sér þau ekki fyrir sér sem veiðistofn heldur til yndisauka. „Hreindýrin eiga að vera til ánægju. Þau eru fögur á að líta og mundu auka á upplifun ferðamanna sem ættu leið um. Eflaust þyrfti svo að halda stofninum í skefjum þegar fram líða stundir," segir hann og telur mosa og skófir sem þekja stóran hluta Reykjanesskagans vera fæðu sem henti hreindýrum vel. En vilja þau ekki helst vera á heiðum uppi? „Ja, hér er Heiðin há, Sveifluháls, Bláfjöll og Hellisheiði, fjalllendi sem er vel yfir 500 metrar að hæð," bendir hann á. Hann blæs líka á athugasemdir um að dýrin gætu unnið spjöll á uppvaxandi hríslum og segir mestu skógrækt landsins vera á Fljótsdalshéraði innan um hreindýrin.

Árið 1777 voru 23 hreindýr flutt frá Hammerfest í Noregi og sett á land í Hafnarfirði að sögn Kristjáns. „Þau lifðu í þessu umhverfi til ársins 1930 en hafa líklega verið ofveidd. Veiðar voru óheftar og um 1950 var ástand stofnsins orðið mjög bágborið á öllu landinu," lýsir hann.

Þess má geta að á veitingastaðnum Salthúsinu í Grindavík er hreindýrasteik nýr réttur á matseðlinum en stendur þó ekki í sambandi við hugmynd Kristjáns og félaga hans um hreindýrahjörð á Reykjanesskaga. Á þjóðháttakynningunni í Saltfisksetrinu í dag verður boðið upp á kaffi og Kristján kveðst vonast eftir fjörugum umræðum. *-gun*

# Bufftómatar á borgarann

Tegundum tómata fjölgar stöðugt hérlendis. Íslenskir neytendur geta nú farið að gæða sér á heimaræktuðum bufftómötum um það leyti sem háannatími í tómatarækt gengur í garð. Hingað til hefur þetta grænmeti verið flutt til landsins.

Ómar Sævarsson garðyrkjubóndi hjá Garðyrkjustöðinni Heiðmörk hefur tekið af skarið og ræktað þá og afraksturinn verður kominn í búðir í vikunni. „Bufftómatar eru töluvert frábrugðnir til dæmis kirsuberja- og konfekttómötum sem íslenskir garðyrkjubændur hafa ræktað um skeið. Bufftómatarnir eru stærri og kjötmeiri og hafa ekki í sér eins mikinn safa," segir Ómar, sem hefur verið duglegur í ræktuninni. Hann bætir því við að auðvelt sé að skera niður þessa matarmiklu og vænlegu tómata, sem þyki ómissandi í grísk salöt og á hamborgara.

Þess skal getið að eftirspurn eftir tómötum hefur farið stigvaxandi að sögn Gunnlaugs Karlssonar, framkvæmdastjóra hjá Sölufélagi garðyrkjubænda. „Salan á tómötum hefur aukist um hundrað prósent á síðustu fimm árum. Spurður út í gæði íslenskra tómata svarar hann: „Verið er að rækta tómatana í hreinasta vatni í heimi og þar að auki eru engin eiturefni notuð í ræktuninni, heldur eingöngu notaður lífrænn áburður."



Ómar Sævarsson garðyrkjubóndi á Garðyrkjustöðinni Heiðmörk á Selfossi.

Gunnlaugur fullyrðir að nánast hafi orðið bylting á hugarfari neytenda á síðustu árum, þar sem uppruni og gæði vörunnar séu farin að skipta neytendur sífellt meira máli. Neytendum sé svo sannarlega ekki sama hvaðan varan er. *-vg*




bhs.is
bifrost.is
fa.is
fb.is
fg.is
fiv.is
fnv.is
frae.is
fsh.is
fss.is
fsu.is
fva.is
hi.is
hr.is
idan.is
idnskolinn.is
klak.is
misa.is
mk.is
simey.is
tskoli.is
unak.is
va.is
vma.is

# 2012 tækifæri

Iðnaðurinn árið 2012 óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.

Á næstu árum verða vaxtarsprotar íslensks atvinnulífs í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaiðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni.

Nám í verkmenntaskólum, háskólum og öðrum menntastofnunum er skynsamleg leið til að búa sig undir fjölbreytt tækifæri.

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*

*Samtök iðnaðarins – www.si.is*

SI
Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0066

# Allir vilja íslensk hú



Hönnun, þróun og framleiðsla húsgagna Axis fer fram á Smiðjuveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Í 74 ára sögu Axis húsgagna hefur íslenskri framleiðslu aldrei verið sýndur meiri áhugi en nú, segir framkvæmdastjórinn Eyjólfur Eyjólfsson, sem sér tækifæri í þrengingum.**

„Við hegðuðum okkur skynsamlega í góðærinu og spöruðum til mögru áranna. Þegar kreppan skall á réðumst við svo í stórframkvæmdir og endurnýjuðum hjá okkur sýningarsalinn,“ segir Eyjólfur Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Axis. „Þá settumst við niður og ákváðum að leita nýrra tækifæra. Við ákváðum að endurnýja mikið af vörunum okkar og aðlaga stefnuna breyttum tímum. Við höfum verið sterk í sölu til stórfyrirtækja en nú horfum við meira til einstaklinga og smærri fyrirtækja. Það er að verða svo mikil endurnýjun í atvinnulífinu. Við erum að bregðast við því.“

Hönnun, þróun og framleiðsla húsgagnanna fer fram hjá Axis á Smiðjuveginum. „Nú erum við að kynna nýja línu af skrifstofuhúsgögnum. Hugmyndin að baki þeim er að kaupandinn hefur mikið að segja um endanlegt útlit. Form og viðartegund fer eftir þörfum hvers og eins.“ Axis er líka með nýjungar fyrir heimili, meðal annars nýjar tegundir af eldhús- og baðinnréttingum. Það er Einar



Kreppan felur í sér tækifæri fyrir íslenska framleiðslu, að mati Eyjólfus Eyjólfssonar, framkvæmdastjóra Axis húsgagna.



Nýjum skrifstofuhúsgögnum frá Axis má breyta eftir smekk og þörfum hvers og eins.




# Stökkpallur fyrir lis

Nýtt gallerí, Af hjartans list, verður opnað formlega í dag að Brautarholti 22 í Reykjavík, með samsýningu feðginanna Gísla Sigurðssonar myndlistarmanns og Katrínar Gísladóttur leirlistarkonu.

Gísli verður með myndverk frá ýmsum tímabilum, túss-, olíu- og pastelmyndir, ásamt veggteppum og Katrín sýnir leirverk unnin með svokallaðri rakú-tækni, en samanlagt verða 50 verk eftir þau feðgin til sýnis.

Hjartans list er hugarfóstur Sveinbjarnar Guðjohnsen, sem segir opnun gallerísins hafa verið í bígerð í rúmt ár en markmiðið með stofnun þess er að koma hæfileikaríku myndlistarfólki, sem er ekki endilega útlært í listinni, á framfæri. Sveinbjörn hefur til þessa verið betur þekktur fyrir að reka bílavarahlutaverslunina H. Jónsson í Kópavogi og því vaknar sú spurning hvernig gangi að samræma rekstur þessara ólíku fyrirtækja.

„Ég var á sínum tíma með bílavarahlutaverslunina í Brautarholtinu, sem hafði verið starfsrækt síðan 1947, og er nú komin í Kópavog. Eftir það rak ég gjafavöruverslun í húsnæðinu og þangað leituðu margir til mín sem vildu koma vörum sínum á framfæri. Þannig varð hugmyndin að galleríinu til. Þannig að það hefur aldrei verið vandamál fyrir mig að vera með ólíka hluti í gangi í einu,“ segir Sveinbjörn.

Sýningarsalurinn er um 90 m² að flatarmáli og hægt að tylla sér niður og virða fyrir sér verkin, auk þess sem heitt verður á könnunni. Að sögn Sveinbjarnar verður í framtíðinni hægt að skoða sýningar í galleríinu á netinu, svo enn



Verk eftir Katrínu Gísladóttur leirlistarkonu, sem sýnir í Hjartans list ásamt föður sínum Gísla Sigurðssyni myndlistamanni.



Veggteppi eftir Gísla.

fleiri geti átt þess kost að skoða verkin sem þar verða til sýnis.

Sýningin verður opnuð klukk-

# sgögn



Í nýju sýningarrými Axis.

Ólafsson arkitekt að hanna nýja skrifstofulínu sem kemur á markaðinn með haustinu.

Í tilefni af opnun nýja sýningarrýmisins blésu eigendur Axis til veislu í gær, þangað sem fjölda arkitekta og fólki úr byggingariðnaði var boðið. „Það hefur verið þungt yfir markaðnum og okkur langaði að skapa smá jákvæðni. Það er ástæða til að vera bjartsýnn á framtíðina. Stærsta tækifærið er fólgið í því að nú vilja allir kaupa íslenskt. Við erum 74 ára gamalt fyrirtæki og við höfum aldrei orðið vör við jafnmikla vakningu fyrir íslenskri framleiðslu og nú.“ *- hs*

# tafólk



MYND/ÚR EINKASAFNI



Gísli verður með myndverk á sýningunni.

an 14. Galleríið verður til að byrja með opið milli kl. 14 og 17, frá þriðjudegi til laugardags. *- rve*



MYND/ARI MAGG

Farmers Market, sem nýtir náttúruleg hráefni við framleiðslu tískufatnaðar, verður með kynningu á málþinginu.

# Græn störf í brennidepli

Málþing um grænar atvinnugreinar verður haldið á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Félags umhverfisfræðinga í Iðnó á laugardaginn kemur, á degi umhverfisins.

Eins og segir á heimasíðu Samtaka iðnaðarins hefur fjöldi þjóða mikinn áhuga á að skapa atvinnutækifæri á sviði vistvænnar nýsköpunar, þróunar og þjónustu. Fyrirsjáanlegt sé að umsvif á þessum vettvangi muni aukast mjög í nánustu framtíð.

Á síðunni segir að í nýrri skýrslu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna sé því spáð að markaðir fyrir umhverfisvænar vörur og þjónustu muni tvöfaldast fram til 2020. Hér á landi eru margvísleg tækifæri á þessu sviði, sem skapað geta störf og aukið útflutning.

Málþingið stendur milli klukkan eitt og þrjú. Að því loknu verða pallborðsumræður um þau tækifæri sem bjóðast íslenskum fyrirtækjum á þessu sviði. *- hhs*


Sex sinnum í viku

Alla daga vikunnar, nema laugardaga, fljúgum við milli Íslands og Noregs.
Brottför frá Keflavík er kl. 12.10, og frá Oslo kl. 10.30 að staðartíma.
Þú getur því ferðast samdægurs á áfangastað hvort sem er frá Raufarhöfn eða Lillehammer.

Velkomin(n) um borð!

www.flysas.is




Alltaf með SAS

20 kg af farangri, frítt
25% afsláttur fyrir börn
Pöntun sæta á netinu, frítt
EuroBonus punktar - líka fyrir börn

Þjónustuver SAS sími: 588 3600

Góðar tengingar til meira en 60 áfangastaða á norðurlöndum

Oslo Aalesund Kristiansand Bergen Trondheim Stavanger Tromsø Lillehammer

www.flysas.is Ferðaskrifstofa Akureyrar 4600 600 og Ferðaskrifstofa Íslands 585 4400

SAS Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

# Nýr fiskistofn á Íslandi

„Tilapia-fiskur, öðru nafni beitarfiskur, er ræktaður víða um heim og vex við 27 gráður. Hann er mjög harðger en gefur góð hvít flök sem eru sambærileg við þorskflök," segir Ragnar Jónasson, doktor í eðlisefnafræði og sviðsstjóri erfða og eldis hjá Matís ohf., sem stendur ásamt þremur öðrum að fyrirtækinu Arctic Tilapia sem var stofnað fyrir tveimur árum og ræktar tilapia-fisk á Íslandi. „Þessi fiskur hefur verið að vaxa mikið í eldi og neyslu. Í Bandaríkjunum er hann í fjórða eða fimmta sæti yfir vinsælasta sjávarfangið sem neytt er og neysla í Evrópu er að aukast," segir hann.



Ragnar segir að fullnýta megi tilapia-fiskinn og auðvelt sé að flytja hann á ferskfiskmarkaði í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hugmyndin á bak við ræktun á tilapia-fiski á Íslandi er sú að nýta heita vatnið. „Hér á Íslandi erum við með stórar jarðhitavirkjanir með restvarma sem er heitt kælivatn, um 20 til 50 gráðu heitt, og hægt er að blanda það við ferskvatn og nota það til að ala þennan fisk," útskýrir Ragnar og heldur áfram: „Tilapia-fiskur vex gríðarlega hratt. Frá klaki vex hann upp í ríflega kílóstærð á átta mánuðum þannig að hann þenst út."

Enn sem komið er er verkefnið á tilraunastigi. „Töluverðan tíma tekur að flytja inn nýjan fiskistofn til landsins vegna ýmissa reglugerða en gera þurfti alls konar mælingar og fá vottorð frá Kanada þaðan sem fiskurinn er fenginn. Í maí í fyrra gekk það loks í gegn þannig að fiskurinn hefur verið hér í tæpt ár og erum við núna komnir með klakstofn sem er farinn að klekja út seiði þannig að nú getum við komið upp okkar eigin stofni," segir Ragnar ánægður. Þetta er hins vegar bara fyrsta skrefið. „Við erum með rannsóknarverkefni í samstarfi við Matís í kringum þetta sem fjallar um að koma flökum undirkældum, það er kældum við mínus eina gráðu, á markað til þess að sjá hvort hægt sé að flytja fiskinn með skipum á ferskfiskmarkað. Svo virðist sem geymsluþolið sé 20 dagar og ferðatíminn frá Íslandi til Hollands og Bretlands er ekki nema fimm dagar frá slátrun að afhendingu. Þá hefur maður tíu til fimmtán daga upp á að hlaupa til þess að selja fiskinn sem er yfirdrifið nóg," segir hann bjartsýnn.

Ragnar hefur lengi haft áhuga á ræktun tilapia-fiskstofnsins. „Hér á Íslandi höfum við gríðarlegt magn af heitu vatni sem nýta má til fiskeldis. Vinsældir tilapiafisksins hafa verið að aukast mikið í Bandaríkjunum og er hann í raun fullkominn eldisfiskur, eins konar fiskeldi 101," segir Ragnar og brosir. „Ég endurnýti vatnið í stöðinni 180 sinnum, bæti súrefni í hvern hring og tek út ammoníak. Hægt væri að koma upp svona fiskeldi á stöðum eins og Reykjanesi þar sem mikið er af heitu vatni. Við góðar aðstæður mætti því rækta 30 til 40.000 tonn af þessum fiski sem er verulegt magn og gæti skapað heila atvinnugrein ef þetta gengur upp." *- hs*



Ragnar segir fiskinn gefa af sér góð, hvít flök sem séu sambærileg við þorskflök.








# Giftingarhringir, bitar og allt þar

**Glerhandrið í Smáralind, drifbúnaður í sólargluggatjöld Alþingisskálans og borð og stólar í Hótel 101 eru meðal smíðisgripa Járnsmiðju Óðins. Stofnandi hennar var nýlega krýndur Iðnaðarmaður ársins.**



Hallgerður Kata lyftir upp suðuhjálminum til að líta yfir gluggafestingarnar sem hún er að búa til.

„Íslensk hönnun og smíði eru okkar viðfangsefni, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hér hafa verið gerðir giftingarhringir, stálbitar í hús og allt þar á milli," segir Auður Hallgrímsdóttir, sem starfar á skrifstofunni í Járnsmiðju Óðins. Eiginmaður hennar, Óðinn Gunnarsson hlaut nýlega viðurkenninguna Iðnaðarmaður ársins. Þau hjón segja verkefnin margvísleg en nefna stiga- og svalahandrið, húsgögn og stálklæðningar sem algengustu framleiðsluna. „Við smíðum nytjahluti úr stáli og höfum átt farsælt samstarf við arkitekta sem koma hingað með sérsmíði bæði í nýbyggingar og eldra húsnæði og einnig hjálpum við fólki að hanna út frá eigin hugmyndum sem það er með ýmist í kollinum eða á myndum. Þetta höfum við verið að gera í 23 ár," bendir Auður á. Óðinn kveðst líka óneitanlega hafa gaman af endurgerð gamalla hluta sem hafa sögu á bak við sig.



Heiðar Árnason og Steindór Guðnason við vinnu sína.

Járnsmiðja Óðins er ekta fjölskyldufyrirtæki. Daníel Óli, sonur frumkvöðlanna, er framkvæmdastjóri enda hámenntaður í rekstrargreinum og meistari í stálsmíði og dóttirin Hallgerður Kata tekur líka þátt í smíðinni, auk lærdóms í Tækniskólanum, til undirbúnings hönnunarnámi. „Hér eru tíu manns í vinnu, þar af fimm meistarar og við ætlum að fara að auglýsa eftir fólki því það er svo mikið að gera," segir Auður. Hún kveður annríkið hafa aukist eftir að kreppan skall á enda hafi þau orðið samkeppnishæfari í verði síðan.

**● FJÖLBREYTTAR GLERLAUSNIR** Glerverksmiðjan Samverk á Hellu hélt upp á 40 ára starf á dögunum, en fyrirtækið er það eina hérlendis sem getur framleitt hert gler.

Meðal glerlausna sem fyrirtækið býður upp á fyrir heimili og fyrirtæki eru sérsmíðaðir sturtuklefar, glerhurðir, glerveggir, sérsmíðaðir speglar ásamt einangrunargleri í mörgum gerðum.

Að sögn Guðrúnar Drafnar Ragnarsdóttur, verkstjóra framleiðslusviðs hjá Samverki, hefur fyrirtækið vaxið síðustu ár og tekið upp ýmsar nýjungar frá síðustu aldamótum. Til marks um aukin umsvif þess má nefna að nýlega var opnaður sýningarsalur og sölusvið að Víkurhvarfi 6 í Kópavogi. Nánar á www.si.is.





Frumkvöðullinn Óðinn sér fyrirtækið vaxa og dafna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

stál-
á milli





Stigahandrið úr gleri og málmi eru meðal verkefna í Járnsmiðju Óðins.

Stál er ekki bara stál. Það flokkast í ryðfrítt og svart og einnig er unnið úr kopar og messing í Járnsmiðju Óðins. „Við kaupum allt smíðaefni hér á landi,“ segja þau hjón. „Í svona litlu fyrirtæki finnst okkur ekki borga sig að vera líka í innflutningi. Efnissölurnar hér á landi eru svo góðar og með frjálsa og heilbrigða samkeppni.“ *- gun*



# Vistvæn hreinsitækni í þróun á Seyðisfirði

Á Seyðisfirði er starfandi frumkvöðlafyrirtækið Þvottatækni sem sérhæft er í vistvænni hreinsun á lokuðum rýmum. Uppfinningamaðurinn og hönnuðurinn Hallgrímur Jónsson er stofnandi fyrirtækisins. Búnaðurinn sem notast er við er hönnun Hallgríms og nefnist Tornado, sem útleggst hvirfilvindur á íslensku.

Búnaðurinn hefur meðal annars reynst vel við að hreinsa lýsis- og olíutanka. Hann má nota til að vinna með efni í lokuðum rýmum af öllum mögulegum stærðum. Sérstök tækni gerir að verkum að ekki verður fermillimetri eftir af flatarmálinu sem vélin nær ekki að hreinsa, að sögn Hallgríms.

Hann segir tvennt gera búnaðinn vistvænan. „Við notumst við umhverfisvæna hreinsiefnið Undra, sem er framleitt í Njarðvíkum og hefur reynst okkur mjög vel. Þá er vatninu dælt í hringdælu, það notað aftur og aftur þar til það mettast, og þannig sem minnstu sóað. Með samspili Undra og öflugu hringdælunnar þurfum við ekki lengur þau sterku eiturefni sem notuð voru til að brjóta niður fituna hér áður fyrr.“



Tornado-búnaðurinn nýtist vel við hreinsun stórra lokaðra rýma á borð við olíu- og lýsistanka. MYND/ÚR EINKASAFNI

Um þessar mundir er verið að setja Tornado upp sem fastan búnað í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. „En þetta gengur hægt vegna fjárskorts,“ segir Hallgrímur, sem vantar fjárfesta til að koma að frekari þróun búnaðarins.

Honum finnst lítið til stuðnings stjórnvalda við nýsköpun koma. „Stjórnvöld mættu gera meira en að tala. Það þarf að taka þessi mál fastari tökum.“ *- hhs*



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9025 - Actavis 707021

# Gleðilegt sumar!




# Lóritín®

## – Kröftugt ofnæmislyf

**Notkun:** Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

actavis
*hagur í heilsu*

**MASKAR** þurfa ekki að vera dýrir, sérstaklega ef þeir eru heimatilbúnir. Nota má ýmsar vörur sem eru til á heimilinu, til dæmis jógúrt, AB-mjólk, haframjöl, banana og sítrónu. Hér er hugmyn að andlitsmaska: AB-mjólk sett í skál, teskeið af lyftidufti bætt út í og haframjöli og allt hrært saman. Borið á andlitið og látið bíða í 10-15 mínútur.





Gerist ekki sumarlegra! Seinfeld-leikkonan Julia Louis-Dreyfus ljómar eins og sólin.

Beverly Hills-skvísan Tori Spelling sumarleg og sæt í grænu.

Fyrir þær sem vilja síður skæra liti er drapplitað málið. Hér er Halle Berry í sínu fínasta sumarpússi.

Teri Hatcher sýnir það og sannar að kjóll þarf ekki að vera svartur til að vera klassískur.

Drew Barrymore velur litríka skó og fylgihluti og það fer ekki á milli mála að hún er í sumarskapi.

# Sumarið er tíminn

**Nú má láta sig dreyma um heiðan himin, sumarkjóla og bera leggi.**

Sumardagurinn fyrsti er runninn upp og af því tilefni þótti vert að skyggnast út í heim og kanna hvort stjörnurnar væru ekki farnar að spóka sig í sumarklæðum.

Og jú, viti menn! Þær skarta nú ljósum og litríkum kjólum enda sólin eflaust löngu farin að láta sjá sig í henni Hollywood.

*vera@frettabladid.is*






## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



## Enn af endurvinnslutísku

Þegar harðnar á dalnum leita menn allra leiða til að ná í aukapening og drýgja tekjurnar. Til dæmis er hægt að selja föt sem ekki eru lengur notuð og af hverju ekki brúðarkjólinn? Í eina tíð þótti það þó tilheyra, í það minnsta hér í Frakklandi, að geyma hann uppi á háalofti eða niðri í kjallara og máta með hæfilegu millibili. Ekki síst ef enn var hægt að komast í hann. Samkvæmt gamalli hjátrú þótti jafnvel boða ógæfu að losa sig við brúðarkjólinn. Þetta er að breytast og nú lifa brúðarkjólar öðru lífi.

Í síðustu viku sagði franska dagblaðið Libération frá því að brúðarkjólar væru orðnir algeng endursöluvara og fyrirtæki jafnvel farin að sérhæfa sig í endursölunni. Nægir að skoða heimasíðu eBay til að finna fjölda brúðarkjóla til sölu, bæði notaða og nýja. Einnig er hægt snúa sér að búðum sem selja notuð föt, sumar þeirra selja fleiri hundruð kjóla á ári og seljandi getur fengið allt að helming upphaflegs verðs í hendurnar að lokinni sölu.

En það eru fleiri leiðir til að endurvinna brúðarkjóla og nú færist í vöxt að þeim sé hreinlega breytt eftir fyrstu notkun, hvort sem er í venjulegan kvöldkjól eða kjól fyrir stórviðburði. Ana Quasoar sem hannar haute couture-brúðarkjóla (hátísku) segir að sífellt fleiri hugsi um það frá byrjun að endurnýta brúðarkjólinn. Þriðjungi þeirra kjóla sem hún hannar er breytt að loknu brúðkaupi. Ana Quasoar gerir því ráð fyrir þeim möguleika að breyta kjólnum strax frá upphafi. Brúðkaup hafa sömuleiðis breyst og nú þykir ekkert tiltökumál að giftast á ströndinni, í bát eða uppi á fjöllum. Tilfinningaleg tengsl við brúðarkjólinn eru því kannski ekki eins djúp og áður var og stíllinn annar. Þess vegna verður valið á brúðarkjólnum úthugsaðra en áður svo hægt sé að endurvinna hann. Sumir kjólar eru nú samsettir úr fleiri en einni flík, til dæmis pilsi, toppi og jakka sem síðan er hægt að aðskilja og nota með öðru. Jakkann má nota með gallabuxum og toppurinn, sem er í líkingu lífstykkis, er upplagður við pils eða buxur.



Stundum eru eitt eða tvö efnislög tekin af pilsinu til að einfalda það ef margir metrar af mússulíni og silki hafa verið notaðir.

Auðvitað er munur á verði kjólanna heilmikill og því er ekki alltaf þess virði að breyta þeim en í landi þar sem margar brúðir kaupa sér einn kjól fyrir hina eiginlegu lagalegu giftingu sem fram fer í ráðhúsi og annan fyrir kirkjubrúðkaupið, moskuna eða bænahúsið þá er um fleiri möguleika að ræða hvað varðar endurvinnslu eða sölu.

Svo má nota brúðarslæðuna yfir vöggu hvítvoðungs svo ekkert tapist.

*bergb75@free.fr*


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*

**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir



Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting

Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •
Sími 551 2042 / 694 1225
www.hairandbodyart.net
Lynette Jones

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Papilon hvolpar til sölu**
Af þessari yndislegu tegund, heilsufarsskoðaðir og ættbókarfærðir hjá HRFÍ. Uppl. í s. 663 2828 og á www.aiminghigh.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Reykjavík, sv. 101. Einnig langtímaleiga. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws www.starplus.info,

## Hestamennska

1 pláss laust í nýlegu 6 hesta húsi í Víðidal.(Fáki) Uppl. í s. 862 3643.

## Styrkir

### STYRKUR TIL NÁMS Í FISKIFRÆÐI OG SKYLDUM GREINUM

Landssamband íslenskra útvegsmanna auglýsir styrk til framhaldsnáms í fiskifræði, sjávarvistfræði eða sjávarlíffræði. Styrkurinn er ætlaður náttúrufræðingum sem hafa lokið eða eru að ljúka grunnnámi í háskóla (B.S. prófi) og hyggjast hefja framhaldsnám erlendis á næsta skólaári.

**Styrkupphæð er kr. 700.000**

Umsóknir skal merkja „námsstyrkur" og senda til Landssambands íslenskra útvegsmanna, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Umsóknum fylgi upplýsingar um námsferil, námsárangurog stutt greinargerð um fyrirhugað nám.

**Umsóknarfrestur er til 7. maí 2009.**
Nánari upplýsingar veitir dr. Kristján Þórarinsson hjáLandssambandi íslenskra útvegsmanna í síma 591 0300.

## Atvinna

### Skólastjóri nýrrar skólastofnunar í Dalabyggð

Laust er til umsóknar starf skólastjóra nýrrar skólastofnunar Dalabyggðar. Ráðið verður formlega í starfið frá og með 1. ágúst 2009 en æskilegt er að nýr skólastjóri geti komið til skipulagsvinnu eigi síðar en 1. maí 2009.

**Starfssvið:**
- Fagleg forysta skólastofnunarinnar
- Skipulag og undirbúningur nýrrar stofnunar
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólastofnunarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun á grunnskóla -og/eða leikskólastigi er skilyrði.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og uppeldis- og kennslufræða æskileg
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum skilyrði
- Reynsla og þekking á rekstri tónlistarskóla æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Einlægur áhugi á skólastarfi
- Sjálfstæði í starfi og skipuleg vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Framangreindum atriðum er ekki raðað eftir mikilvægi.
Laun samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ vegna/SÍ eða FL.
Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 24. febrúar 2009 sameinast Grunnskólinn í Búðardal og Grunnskólinn í Tjarnarlundi auk Tónlistarskóla Dalasýslu og leikskólans Vinabæjar, í nýja skólastofnun sem tekur formlega til starfa þann 1. ágúst 2009. Frekari upplýsingar gefur Grímur Atlason, sveitarstjóri í síma 430-4700 eða grimur@dalir.is

**Umsóknarfrestur framlengdur til 27. apríl. Umsóknir sendist á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á tölvupósti á grimur@dalir.is.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili / Langtímaleiga /**

**Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

Skemmtileg Íbúð Laugaveg. 3herb. 78 fm verð 115 þús. allt innifalið. S. 822 0311.

Herb. til leigu í hverfi 112 (ca. 18fm). Snyrting, sérinngangur, eldunarst. má útbúa. Þráðlaus nettenging, rafm. + hiti kr. 40þ. á mán. Uppl. ansi@torg.is

3herb. nýl. íb. 110R. Parketi á öllu & flísalagt bað. Þvottah. í íbúð. St. í bílag. Stór geymsla. Langtímal. S. 660 2624.

**- Vogar - Sv. 190 -**
Nýlegt 190fm einbýlishús + bílskúr. Leigist með húsg. og heimilistækjum í sumar. Reglusemi og reykleysi áskilin. Uppl. í s. 841 7981.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Ný og glæsileg 3 herb, 108 fm íbúð til leigu í Vindakór Kópavogi. Áhugasamir hafi samband í síma 691 2938. Leigan er til langtíma.

180 fm einbýli til leigu í 203 Kóp. Glæsileg staðsetning, stór lóð, 3 svefnherb. Leiga 190 þ. á mán. + rafm. og hiti. Uppl. í s. 896 5430.

Sæt 2ja herb. íbúð+garður í 108. Með hita + ragm. á 80þ. Laus 1.maí. Uppl. í s. 694 8295.

Er með litla íbúð í smáíbúðahverfinu til leigu. Uppl. í s. 893 3504.

## Húsnæði óskast

Óska eftir einstaklingsíbúð fyrir 33 ára kk. Greiðslug. 60-70 þús. S. 662 4888.

Óska eftir húsnæði á Reykjavíkursvæðinu í skiptum fyrir 5 herb. raðhúsaíbúð með stórum bílskúr í Keflavík. Leiguskipti eða kaupskipti koma til greina. Uppl. í síma 8605460

Par með hund óskar eftir 4 herb. íbúð/sérbýli í Hfj. eða Gbæ. Hafið samband í s. 869-5336.

Traustur aðili óskar eftir 1-2 herb. íb. á stór.Rvk.sv. S. 663 2130.

Ung kvk leitar að íbúð í Rvk. (helst 101) Greiðslug. 70þ. á mán. Reglusemi og skilv. gr. heitið. S. 661 2535.

## Fasteignir

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. fasteignasali

# Einbýlishús Óskast:

- Erum með kaupanda að einbýlishúsi í Vestur bænum með hæð á Grenimel í skiptum.
- Erum með kaupanda að einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu í skiptum fyrir raðhús í Hafnafirði.
- Erum með kaupanda að einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu í skiptum fyrir fokhelt einbýli og íbúð í miðbænum.

**Frekari upplýsingar hjá Brandi Gunnarssyni í síma 590-7606 – brandur@stakfell.is**

Lágmúli 7 sími 535 1000 Stakfell.is

## Sumarbústaðir



Tilboð óskast í tæplega 20 m2 vandað timburhús. Sjá nánar á www.skot-sfs.is

Er að leita eftir 2-3 hektara lóð í ca. 1 klst. fjarlægð frá Rvk. Upplýsingar með verð og staðsetningu í síma 899 7730.

## Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast

**Lækkað verð!**
Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Til afhendingar strax. 950 kr. + vsk. per fm. S. 577 4747 eða á hogni@hofdabilar.is



Til leigu verslunar eða skrifstofuhúsnæði á 1 hæð, 100-200fm, hagstæð leiga. Upplýsingar í síma 840-4485.

Til leigu 95fm iðnaðarh. M/innkeyrsludyrum. Við Viðarhöfða 2. Uppl. Rúnar 697 6595.

## Geymsluhúsnæði




**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Bílskúr

Til leigu 25 fm þrifalegur bílskúr í Lindarhverfi í Kópavogi. Leiga 25 þús/mán. Uppl. í s. 660 7067.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Afslöppun í Hveragerði. íbúðir í Hveragerði, internet,sjónvarp,heitur pottur www.frumskogar.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vantar vana pappalagningamenn. Uppl. í s. 894 4947.

2 men looking for light carpenter job. S. 857 9937 & 843 5018.

**Noregur - Hellur**
Óskum eftir vönum verkstjóra til að sjá um Hellulagningadeild. Uppl. á www.boreteknikk.no / Dóri s. 0047-97-57-40-09. Kristján s. 693 7700. post@boreteknikk.no

Sandblástur-málun. Okkur vantar duglegan sandblásara til reynslu í einn mánuð. Framtíðarstarf fyrir réttan aðila. Guðni s. 896 6758 eða senda umsókn á fjarhagur@fjarhagur.is

## Atvinna óskast

Vantar þig starfsmann sem þú getur treyst á? 25.ára kk óskar eftir vinnu, vanur trésmíði, en hef mikinn áhuga á öllu bílatengdu og er til í að skoða allt. Uppl. í s: 6952144

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

25ára Háseti vanur línuveiðum og handfæri óskar eftir starfi. Uppl. í s. 848 1655.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símadömur - Gleðilegt sumar**
**Hringdu til okkar, við erum í sumarskapi og við viljum vera draumadísirnar þínar þegar þér hentar.**
**S. 908 6666 & 908 2000.**

**47 ára kona**
vill kynnast karlmanni, 50-65 ára, með tilbreytingu og vinskap í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8503.

**Exhibitionism**
Sexychat.is hyggst m.a. verða vettvangur þeirra íslendinga sem hafa gaman af að sýna sig og/eða aðhyllast mildari 'exhibitionisma' (e. exhibitionism). Þar kemur bronsáskrift til sögunnar en bronsáskrift fylgir læst albúm þar sem bronsáskrifendur geta birt ögn djarfari myndir sínar öðrum bronsáskrifendum til ánægju og yndisauka. (Hafa ber þó í huga að „ögn djarfari" mynd er ekki það sama og „klúr" eða „klámfengin" mynd.)Bronsáskrifendum er frjálst að birta myndir af andliti sínu í prófíl sínum en þess þarf ekki. Líttu við hjá Sexychat.is og kynntu þér vef í mótun.

**Kona. Leitar þú tilbreytingar?**
Konur sem leita tilbreytingar nota Rauða Torgið Stefnumót. Áhugasamir karlmenn þekkja Rauða Torgið og fylgjast vel með og viðbrögðin láta ekki á sér standa. Kona, auglýstu frítt í síma 555-4321.

# Menningin er kjölfestan

UMRÆÐAN

Friðrik Rafnsson skrifar um menningu


FRIÐRIK RAFNSSON

Öfugt við það sem ýmsir stjórnmálamenn halda er menningin ekki bara til skrauts og hátíðarbrúks. Menning hverrar þjóðar er undirstaða sjálfsskilnings hennar og sjálfsmyndar sem hún hefur þróað og fágað í gegnum aldirnar og lagað að sífellt nýjum og breyttum tímum. Hún er líka í senn bakhjarl og aðgöngumiði að samskipum við aðrar þjóðir. Án Íslendingasagnanna, Hallgríms Péturssonar, Halldórs Laxness, Kjarvals, Jórunnar Viðar og Bjarkar værum við óáhugavert og menningarsnautt hyski sem byggi í kuldalegum útnára norður í Ballarhafi.

Í því umróti sem íslenskt samfélag hefur gengið í gegnum undanfarna mánuði (og á eflaust eftir að standa talsvert lengur) er því brýnna en nokkru sinni fyrr að efla lista- og menningarstarfsemi með öllum tiltækum ráðum. Styrkja þannig og efla kjölfestu þjóðarskútunnar. Þess vegna er sérlega þakkarvert og sýnir bæði framsýni og hugrekki að núverandi ríkisstjórn hafi ákveðið að efla og fjölga listamannalaunum á komandi árum.

Þetta er merki um að nú sé gildismat hérlendis að skána á ný, hrímþursarnir séu á förum og manneskjur að taka við. Að yfirveguð rödd hins viti borna manns (homo sapiens) sé aftur farin að heyrast í gegnum öskur hagræna mannsins (homo economicus) sem hefur yfirgnæft allt annað undanfarin ár og komið okkur á kaldan klaka.

*Höfundur er þýðandi.*

# Annað bankahrun?

UMRÆÐAN

Sigurður Kári Kristjánsson skrifar um afturköllun aflaheimilda


SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

Eitt helsta deilumál síðustu áratuga á Íslandi hefur snúist um kvótakerfið í sjávarútvegi. Um það hafa verið mjög skiptar skoðanir, enda viðurkenna flestir að kerfið sé ekki gallalaust. Fram til þessa hefur þó engum stjórnmálaflokki tekist að útfæra fiskveiðistjórnunarkerfi sem er skynsamlegra fyrir hagsmuni þjóðarinnar en það sem við búum við í dag.

Í aðdraganda þessara alþingiskosninga hafa vinstri flokkarnir, Samfylking og Vinstri grænir, lofað kjósendum að afturkalla kvóta útgerðarfyrirtækja og smábátasjómanna, og hlotið hrós fyrir.

Þegar betur er að gáð er slíkt hrós óverðskuldað því loforð um afturköllun aflaheimilda eru stórhættuleg fyrir heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Ástæðan er þessi:

Um leið og stjórnvöld taka ákvörðun um afturköllun kvótans fellur veðhæfi fiskiskipanna sem sett hafa verið að veði fyrir kaupum á kvótanum. Bankarnir sem hafa lánað fjármuni fyrir kaupum á veiðiheimildunum standa eftir með verðlausar tryggingar. Útgerðarfyrirtækin og smábátasjómennirnir fara á hausinn og bankarnir fara aftur í þrot.

Þetta þýðir að efni Samfylkingin og Vinstri grænir loforð sín um að afturkalla kvóta útgerðarfyrirtækja og smábátasjómanna mun það leiða til annars bankahruns. Við slíkar aðstæður verður ekki mögulegt að halda uppi mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfi sem sómi er að.

Þjóðin hefur ekki efni á því að slíkar hörmungar endurtaki sig, jafnvel þó svo að margir efist um ágæti kvótakerfisins.

*Höfundur er alþingismaður og skipar 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður.*

# Óseyri við Axlarfjörð

UMRÆÐAN

Sigurjón Þórðarson skrifar um atvinnumál


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Þjóðfélagið er nokkuð flókið klukkuverk þar sem flest okkar starfa við þjónustu af ýmsu tagi og erum meira og minna að strauja skyrtur hvert af öðru. Það sem má aldrei gleymast er að trekkja gangverkið og hafa hugfast hvað í raun og veru er aflfjöður þess. Íslenskt samfélag hefur í gegnum áratugina verið drifið áfram af sjávarútveginum. Hann hefur skapað undirstöðu undir nútímasamfélag. Nálægt önnur hver evra sem þjóðin aflar í gjaldeyri kemur úr útveginum. Það gerist þrátt fyrir að stöðugt hafi verið dregið úr veiðum eftir að kvótakerfið var tekið í notkun en þjóðin bætti sér það upp með annars vegar orkufrekum iðnaði og ferðaþjónustu og hins vegar fjármálastoðinni sem gekk víst mest út á að slá lán.

Nú er feyskna fjármálastoðin fallin og nauðsynlegt að gera betur. Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt þá ábyrgu stefnu með sér í kosningabaráttuna að auka þorskveiðar um 100.000 tonn. Ætla má að það geti fjölgað beinum störfum í sjávarútvegi um 3.000 og margfalda má þá tölu með þremur til að fá út fjöldann með afleiddum störfum. Það er varlega áætlað. Þau störf eru víðs vegar í samfélaginu og krefjast starfskrafta sem margir eru með háskólapróf. Nægir að nefna kennara, lækna, túlka og lögregluþjóna.

Gjaldeyristekjurnar yrðu umtalsverðar sem myndu rétta af og styrkja gengi íslensku krónunnar og koma strax til góða öðrum atvinnuvegum, s.s. innflutningi, og þeim sem skulda í erlendri mynt.

Tillögurnar eru jarðbundnar og engin hætta er á að veiðarnar gangi nærri þorskstofninum þar sem heildarveiðin er minni en veiðin var þegar hafist var handa við að stjórna veiðum með kvótakerfi. Störfin sem skapast eru sjálfbær og byggja ekki á framlögum úr opinberum sjóðum sem hljóta að þurfa að reiða sig á galtóman ríkissjóð.

Íslenskt samfélag á gríðarlega möguleika á því að gera betur með sjávarauðlindina sem reif þjóðina inn í nútímann og getur núna drifið okkur upp úr kreppunni.

Frjálslyndi flokkurinn er flokkur sem þorir að benda á hið augljósa, hvorki skattahækkanir né launalækkanir eru svarið við okkar tímabundnu ógöngum heldur sjálfbærni, auknar veiðar, fleiri atvinnutækifæri í gegnum frumatvinnuvegina. Sjávarútvegur er styrk stoð nútíðar sem framtíðar. Óseyri við Axlarfjörð er núna og við þurfum að þora að líta okkur nær frekar en að horfa til fjarlægra gylliboða.

*Höfundur er í öðru sæti á lista Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi.*



**ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON LEIKARI ER 48 ÁRA.**

*„Þeir Ólafur og Jóhann hafa eitthvað misskilið þetta hugtak „stórleikari“. Það er sko ekki þyngdin sem þar ræður för heldur eitthvað allt annað.“*

***Þröstur lét þessi orð falla um leikarana Ólaf Darra Ólafsson og Jóhann Sigurðarson þegar þeir reyndu að bregða fyrir hann fæti vegna Eddu-verðlaunanna árið 2008, en þeir voru allir tilnefndir. Var þetta þó allt í góðu gríni gert.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. APRÍL 1992

## *Blysför að heimili Halldórs Laxness*

Á þessum degi fyrir sautján árum varð Halldór Laxness níræður og af því tilefni var farin blysför að Gljúfrasteini og efnt til leiksýninga.

Gljúfrasteinn í Mosfellsdal var heimili Halldórs Laxness í 53 ár eða frá árinu 1945 til ársins 1998. Árið 2002 keypti íslenska ríkið húsið Gljúfrastein ásamt innbúi af ekkju Halldórs, Auði Laxness, og rekur þar nú safn til minningar um Halldór.

Halldór hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1955 og er jafnan talinn einn helsti rithöfundur Íslendinga. Á ferli sínum skrifaði Halldór fimmtíu og eina bók, fjöldamargar blaðagreinar, samdi ljóð, leikrit og fleira. Hann var tvíkvæntur og eignaðist fjögur börn en lést 8. febrúar árið 1998, þá 96 ára.



**MERKISATBURÐIR**

**1935** Pólverjar taka í gildi nýja stjórnarskrá.

**1964** Leikfélag Reykjavíkur heldur upp á 400 ára afmæli Shakespeares með hátíðarsýningu á Rómeó og Júlíu.

**1968** Nemendur við Columbiaháskóla í Bandaríkjunum leggja undir sig skólabyggingar til þess að mótmæla Víetnamstríðinu.

**1972** Halldór Laxness er útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar og heiðursdoktor við Háskóla Íslands á sjötugsafmæli sínu.

**1983** Kvennalistinn fær þrjár konur kjörnar á Alþingi en aðrir listar fá samtals sex konur kjörnar.

AFMÆLI



**HILMAR ÖRN HILMARSSON** allsherjargoði og tónskáld er 51 árs.



**HARALDUR JÓNSSON** myndlistarmaður er 48 ára.



**STÖKKPALLUR FYRIR FATLAÐA LISTAMENN** Margrét M. Norðdahl, framkvæmdastýra Listar án landamæra, segir hátíðina sífellt stækka að umfangi. Hér er hún með Jóni Þorra Jónssyni, sem er kynnir á opnunarhátíðinni í dag með Eddu Björgvinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LISTAHÁTÍÐIN LIST ÁN LANDAMÆRA: SETT Í SJÖUNDA SINN

# Fjölbreytt hátíð listviðburða

Sjötta hátíð listahátíðarinnar Listar án landamæra verður sett í dag, sumardaginn fyrsta, í Iðnó klukkan 15. „Hátíðin í Reykjavík verður sett í dag en þar stígur á svið hæfileikaríkt fatlað og ófatlað listafólk og hefur þannig fjölbreytta hátíð listviðburða sem stendur yfir fram í maí um allt land,“ segir Margrét M. Norðdahl, framkvæmdastýra hátíðarinnar, og heldur áfram: „ Annars er hátíðin haldin um allt land og er opnunarhátíð á Akureyri 2. maí, Egilsstöðum 3. maí og í Reykjanesbæ er líka hátíð í dag, sumardaginn fyrsta.“

Hátíðin var fyrst haldin á Evrópuári fatlaðra árið 2003 og í kjölfarið var ákveðið að halda hátíðina á hverju ári. „Hátíðin vindur upp á sig með hverju árinu. Þátttakendum hefur fjölgað gríðarlega og við finnum fyrir auknum áhuga ár frá ári,“ segir Margrét ánægð. Þátttakendur eru bæði fatlað og ófatlað listafólk sem kemur með mismunandi hætti að hátíðinni. „Markmiðið er að koma list og menningu fólks með fötlun á framfæri og hvetja það til að taka þátt í listviðburðum og auka sýnileika þeirra út á við. Síðan viljum við líka koma fötluðum og ófötluðum listamönnum í samstarf. Á morgun opnar til dæmis myndlistarsýning í Listasal Mosfellsbæjar þar sem bæði fatlaðir og ófatlaðir listamenn vinna saman að sýningu. Á opnunarhátíðinni syngja saman Kór Orkuveitunnar og sönghópurinn Blikandi stjörnur sem hafa verið að æfa saman efnisskrá,“ segir hún með tilhlökkun.

Að sögn Margrétar verður sífellt auðveldara að fá sýningarsali og aðra í samstarf þar sem hróður hátíðarinnar hefur borist víða. „Hátíðin hefur stækkað mikið og maður finnur fyrir miklum áhuga. Á landsbyggðinni hafa til dæmis bæst við fjölmörg bæjarfélög. Hátíðin nær enn þá að vera grasrótarhreyfing þar sem hún er rekin eingöngu á styrkjum og síðan standa nokkur félög að henni: Átak, Fjölmennt, Þroskahjálp, Hitt húsið og ÖBÍ. Hún er opin öllum sem vilja taka þátt, engar takmarkanir eru á því, þannig að frumkvæði skiptir miklu máli. Í raun eru allar dyr opnar,“ útskýrir hún og nefnir að áhersla sé á að atburðir hátíðarinnar séu af ýmsum stærðargráðum, þannig að sem flestir geti tekið þátt.

Ímynd fatlaðra í listum hefur verið til umræðu í tengslum við hátíðina, meðal annars í samvinnu við Háskóla Íslands. „Því miður held ég að fatlaðir séu ekki nógu sýnilegir í listalífinu almennt. Mikið er af frambærilegum listamönnum með fötlun, í ýmsum listgreinum, en þá vantar tækifæri. Nógu erfitt er samt fyrir listamenn að koma sér á framfæri,“ segir Margrét og bætir við að List án landamæra sé til þess gerð að auka sýnileika fatlaðra í listum og samfélaginu og veita þeim þannig stökkpall til frekari afreka. „Jákvæð umræða og umfjöllun um fatlaða skiptir miklu máli og List án landamæra er svo sannarlega af þeim toga,“ segir hún.

Á dagskránni eru fjölbreyttar sýningar og uppákomur. „Núna erum við styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og þá gafst okkur tækifæri til að bjóða til okkar erlendum gestum. Til okkar kemur fjöllistahópurinn Karavana frá Árósum sem býður upp á myndlistarsýningu, leiklist og tónlist. Síðan kemur grænlenskur trommudansari sem treður upp í Reykjavík, fyrir norðan og á Egilsstöðum. Þetta færir hátíðinni alþjóðlegra yfirbragð,“ segir Margrét áhugasöm en í haust kemur hópur frá Noregi og stefnt er að ráðstefnu um listir og menningarþátttöku fatlaðra í haust. Á vefsíðunni www.listanlandamaera.blog.is má finna nánari upplýsingar um dagskrána en frítt er á alla atburði.

**hrefna@frettabladid.is**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingvar Bjarnason**

lést að morgni 10. apríl á Hrafnistu Hafnarfirði. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Anna Ingvarsdóttir**
**Guðrún Ingvarsdóttir** **Gunnar Halldórsson**
**Bjarni Ingvarsson** **Halldóra Skaftadóttir**
**Lilja Ingvarsdóttir** **Smári Brynjarsson**
**Stefán Ingvarsson** **Jóhanna Benediktsdóttir**
**Þröstur Ingvarsson** **Erla Ferdinandsdóttir**
**Birna Ingvarsdóttir** **Snorri Halldórsson**
**afa- og langafabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Auður Ruth Torfadóttir**
Máshólum 4,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni 21. apríl. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 27. apríl kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Torfi Þór Fort** **Siriket Maneenak**
**Jóna Björg Hafsteinsdóttir** **Fjölnir Björgvinsson**
**og ömmustelpur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Jónsdóttir**
Kleppsvegi 62,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 21. apríl sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. apríl kl. 15.00.

**Aðalbjörg Sigríður Gunnarsdóttir**
**Björg Gunnarsdóttir** **Finnbogi Sigurðsson**
**Ágústa Gunnarsdóttir**
**Þorvarður Gunnarsson** **Þórlaug Ragnarsdóttir**
**Jón Gunnarsson** **Sigríður Guðný Sverrisdóttir**
**Helga Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Rita Elise Bjarnarson**
Hagamel 34,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi hinn 11. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ella B. Bjarnarson** **Helgi Torfason**
**Sigrún Bjarnarson**
**Jón Bjarnarson** **Guðrún Soffía Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Bjargar Viktoríu Guðmundsdóttur**
Grund, Ólafsvík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík og hjúkrunarheimilinu Víðinesi fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**

# VIÐ ERUM Í SUMARSKAPI Á DEGI BÓKARINNAR!

Í dag, á degi bókarinnar og fæðingardegi Halldórs Laxness, endurnýjar Forlagið útgáfusamning sinn við erfingja Laxness og tryggir þannig að verk nóbelsskáldsins verði fáanleg á komandi árum.

Fagnaðu með okkur …

SJÖSTAFAKVERIÐ
Heildstæðasta og kannski besta smásagnasafn Halldórs Laxness á gjafverði. Sjö eftirminnilegar sögur sem leiftra af alkunnum húmor skáldsins.




NÝ KILJA
kr. 499

★ ÓKEYPIS HLJÓÐBÓK ★

## ATÓMSTÖÐIN

ÓKEYPIS NIÐURHAL Á ÓBORGANLEGUM LESTRI SKÁLDSINS Á *ATÓMSTÖÐINNI*. „SALA LANDSINS“ Í HENDUR ERLENDRA AÐILA OG SJÁLFSTÆÐI ÞJÓÐARINNAR ER ELDHEITT DEILUMÁL ENN Í DAG.
**SÆKTU LESTURINN Á WWW.FORLAGID.IS.**



FORLAGIÐ

Ræktun 2009

Ölfusshöllin föstdaginn 24.apríl kl.20:00

Hrossaræktarsamtök Suðurlands



Ræktunarbú, afkvæmahópa, stóðhesta, hryssur

Upplýsingar í síma 866-1230 eða odinn@bssl.is

Miðaverð kr.2000 frítt fyrir 16 ára og yngri




# Dásamlegir tímar

NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

Þegar íslenskt veður er hvað ömurlegast, ástandið er að gera mann gráhærðan og allt vont virðist bara versna er nauðsynlegt að geta flúið um stund og skipt um umhverfi, upplifað annan heim – tekið þátt í nýjum ævintýrum. Nú þegar utanlandsferðir eru hættar að vera auðveldur valkostur er gott að geta hallað sér að bókum, sökkt sér ofan í sögur. Já, á svona tímum er aldeilis gott að vera lestrarhestur.

Ég verð að játa að eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að lesa bækur. Þó að stundum líði langur tími milli grípandi bóka kemur svo alltaf að því að á vegi mínum verða áhugaverðar bækur sem fanga mig gjörsamlega.



Allir lestrarhestar þekkja þessa dásemdartilfinningu, heimurinn verður bókin og maður nýtir hverja stund til lestrar. Færist um heimilið með bókina í hendinni, les yfir morgunmatnum, fer snemma í háttinn til að eiga lengri stund í selskapnum. Heimilisverkin lenda aftast í forgangsröðinni, samtöl við fjölskylduna verða undarleg – það er stundum svolítið erfitt að ná sambandi við þann sem er niðursokkinn í lestur.

Mikið er því gott að nóg er gefið út af bókum hér á landi fyrir okkur sem höfum gaman af að lesa! Og þó að gott sé að nýta bókasöfnin til að viða að sér bókum er auðvitað skylda að kaupa bækur líka, þær eru lífsnauðsynleg fyrirbæri til að eitthvert vit haldist þó í landinu. Þúsund króna þjóðargjöf bókaútgefenda til kaupa á bókum útgefnum hér á landi er ágætis hvati til þess að drífa sig út í næstu bókabúð og festa kaup á bókum fyrir alla í fjölskyldunni, fyrirtaksverk á fyrsta sumardegi til dæmis.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Sýndu aðhald í rekstri með faglegri ræstingu!
Hreint ræsting
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Fagor uppþvottavél



A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þurrkun

Fagor uppþvottavél
LJF-0310
5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52dB(A).
Stærð HxBxD 85x60x60.
Tilboð 89.900

RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200
PIPAR • SÍA • 90535

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






# KJÓSTU!

**SUMARTÓNLEIKAR VG Í KVÖLD Á NASA**

**Húsið opnar kl. 20.30 • Frítt inn meðan húsrúm leyfir!**

**Elín Eyþórsdóttir**
**Villi Naglbítur**
**Ragnar Sólberg**
**Klassart**
**BlazRoca & Lúllimon**
**Pikknikk**
**Ellen Kristjáns**
**AGENT FRESCO**
**DR. SPOCK**

VINSTRI GRÆN
www.vg.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1398
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1398 kr./kg.
BÓNUS Kjúklingur
Læri, leggir vængir
298
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR 298 kr./kg.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR BRINGUR 1498 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL 498 kr./kg.
698
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 698 kr./kg.
KS LAMBAKJÖT FERSKT OG FROSIÐ
1359
KS LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1359
KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1798
KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
LAKE BALLS
LEGEND GOLF GEAR
Volley Ball
BULLET
Water Bomb
FRISBEE DISKUR 159 kr.
KRÍTAR 20 STK Í BOXI 298 kr.
GOLFKÚLUR 12 STK Í BOXI 998 kr.
GOLF-TEE 100 STK 459 kr.
VATNSBLÖÐRUR 25 STK 98 kr.
BLAKBOLTI 998 kr.
FATA OG SKÓFLA 598 kr.
GLEÐILEGT SUMAR ALLAR VERSL
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BETRA VERÐ Í BÓNUS Í 20 ÁR

20 ára BÓNUS 1989 - 2009



459

HEILL FROSINN ÍSLANDSFUGLS-KJÚKLINGUR 459 kr./kg.

ÍSLANDSFUGL




489

BÓNUS PYLSUR 10 STK

MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR

489 kr./kg. CA. 25 KR STK.

INNIHALD NAUTA/GRÍSAKJÖT




398

GRILLBORGARAR 4 STK. M.BRAUÐI 398 kr.




159

BÓNUS KJARNABRAUÐ 500 GR 159 kr.




98

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.




298

BÓNUS ÍSTERTA 6-8 MANNA 298 kr.



298

BÓNUS KOFAREYKT SVEITABJÚGU 298 kr./kg.




1998

KALKÞÖRUNGAR:
EYÐA MOSA Á GRASFLÖTUM
5 KG 1298 kr. 10 KG 1998 kr.




598

BÓNUS FROSTPINNAR 24 STK. 598 kr. 25 kr stk.



1169

BÓNUS LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI 1169 kr./kg.

LANIR BÓNUS OPNAR Í DAG FRÁ KL 10-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA




í samstarfi við Ímagyn

Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 23. apríl 2009**

## ➜ Djass

Jazzhátíð Garðabæjar verður haldin dagana 23.-25. apríl. Ókeypis verður á alla tónleika hátíðarinnar. Dagskrá og nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is.**



**20.00** Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar opnar hátíðina Í Urðabrunni, hátíðarsal Fjölbrautaskólans. Einnig spila Bláir skuggar, djass/blús kvartett **Sigurðar Flosasonar** ásamt Stefáni Hilmarssyni.

## ➜ Opinn dagur

Opinn kynningardagur verður í Háskólanum á Bifröst milli kl. 14-17, þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sér starfsemi skólans. Nánari upplýsingar á **www.bifrost.is.**

## ➜ Tónleikar

**Hamrahlíðarkórinn** og kór **Menntaskólans við Hamrahlíð** verða með tvenna tónleika hátíðarsal Menntaskólans. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 14 en þeir seinni kl. 16. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**16.00** **Þórunn Björnsdóttir** mun leiða Skólakór Kársness og gesti Salarins í Kópavogi í vor- og sumarsöngvum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**16.30** Kór **Menntaskólans í Reykjavík** verður með tónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** Minningartónleikar um **Úlrik Ólason** organista verða haldnir í Kristskirkju í Landakoti. Gospelsystur Reykjavíkur og stúlknakór Reykjavíkur flytja Gloria eftir Vivaldi undir stjórn **Margrétar Pálmadóttur.**

**21.00** Kvartett **Einars Scheving** spilar frumsamda tónlist í bland við valinkunna standarda á tónleikum í djasskjallaranum á Café Cultura við Hverfisgötu 18.

**21.00** Tónleikar verða í Kaffistofunni, nemendagalleríi **Listaháskólans** við Hverfisgötu 42a. Fram koma: Bible J Fox, Blue Bears og Zombies fram Hell. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



**21.00** Pink Floyd-tribute hljómsveitin **Echoes** verður á Græna hattinum í Hafnarstræti 96 á Akureyri.

**22.00** **Guðmundur Pétursson** og rafgjörningahljómsveitin On Top of a Laptop verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

## ➜ Opnanir

**12.00** Átján myndlistarmenn í Garðabæ verða með sýningu á **Garðartorgi** 23-26. apríl. Opið fim. kl. 12-18, fös. 10-20, lau. 10-18 og sun. 10-16.

**13.00** **Hafsteinn Austmann** opnar sýningu á vatnslitamyndum í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6. Opið alla daga kl. 13-17.



**14.00** Útskriftarsýning nemenda úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild **LHÍ** verður opnuð á Kjarvalsstöðum við Flókagötu. Opið daglega kl. 10-17. **Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

**14.00** Sýningin **Heima - heiman** verður opnuð í nýjum heimkynnum Rauða krossins að Skólabraut 25a á **Akranesi.** Katrín Elvarsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir standa að sýningunni sem er ætlað að gefa innsýn í líf flóttamanna og hælisleitenda sem komið hafa til Íslands.

**16.00** Ólöf J. Guðmundsdóttur opnar sýninguna **„móðir, kona og meyja“** í Listasal Iðu-hússins við Lækjargötu þar sem hún sýnir olíumálverk. Sýningin er opin alla daga frá kl. 9-22.



**16.00** **Edda Þórey Kristfinnsdóttir** opnar sýninguna „Vistaskipti“ í Grafíksafni Íslands, Tryggvagötu 17 (hafnarmegin). Opið fim.-sun. kl. 14-18.

## ➜ Dagskrá

**21.00** **Rithöfundasamband Íslands** stendur fyrir dagskrá helgaðri íslenskum bókmenntum í Iðnó við Vonarstræti. Meðal skálda sem munu koma fram eru Emil Hjörvar Klemenz, Kristín Svava Tómasdóttir og Óttar Martin. Aðgangur er ókeypis og **allir velkomnir.**

Í tilefni af sumardeginum fyrsta verða Fjölskylduhátíðir haldnar í hverfum Reykjavíkur. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.reykjavik.is**

Í Þjóðminjasafni Íslands við **Suðurgötu** verður dagskrá sem hefst klukkan 14. Listasmiðja fyrir börn, ratleikur auk þess sem Brúðuleikhúsið **Mjallhvít** verður með sýningu kl. 14 og 16. Opið 11-17 og enginn aðgangseyrir.

Á **Minjasafni Akureyrar,** Aðalstræti 58, verður fjölskyldu og barnaskemmtun milli kl. 14-16. Nánari upplýsingar á www.akureyri.is.

## ➜ Námskeið

**20.00** **Íslenski fjallahjólaklúbburinn** býður upp á frítt námskeið þar sem farið verður yfir helstu atriði í viðgerðum og viðhaldi reiðhjóla. Námskeiðið er haldið við Brekkustíg 2 (gamla slökkvistöðin, önnur hæð). Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





# Meistaranám
## í listkennslu

**myndlist- hönnun – tónlist - leiklist - dans**

Meistaranám í listkennslu er ný námsleið við Listaháskóla Íslands.
Námið er 120 einingar og lýkur með M.A. prófgráðu í listkennslu.

Helstu markmiðin með náminu eru að:

- veita listgreinakennurum trausta og haldgóða menntun þar sem tekið er mið af forsendum og vinnubrögðum listgreina.
- efla skilning og tengsl milli listkennara úr ólíkum listgreinum.
- hvetja til samvinnu og umræðu um listgreinakennslu í samfélaginu.
- efla samspil fræða og sköpunar á sviði listnáms.

Með meistaranámi í listkennslu vill Listaháskólinn tryggja að nýsköpun í listum berist milli skólastiga og viðhorf listamanna til listuppeldis fái notið sín.

Umsækjendur þurfa hafa lokið bakkalárgráðu eða sambærilegu
180 eininga háskólanámi í sinni listgrein.
Umsóknarfrestur er til 8. maí.
Nánari upplýsingar: 552 4000 / 520 2400 / listkennsla@lhi.is / www.lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 25/4 kl. 14:00 U | Sun 10/5 kl. 17:00 U | Lau 30/5 kl. 14:00 U |
| Lau 25/4 kl. 17:00 U | Lau 16/5 kl. 14:00 U | Lau 30/5 kl. 17:00 U |
| Sun 26/4 kl. 14:00 U | Lau 16/5 kl. 17:00 U | Fim 4/6 kl. 18:00 Ö |
| Sun 26/4 kl. 17:00 U | Sun 17/5 kl. 14:00 U | Fös 5/6 kl. 18:00 U |
| Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U | Sun 17/5 kl. 17:00 U | Lau 6/6 kl. 14:00 U |
| Sun 3/5 kl. 14:00 U | Sun 24/5 kl. 14:00 U | Lau 6/6 kl. 17:00 U |
| Sun 3/5 kl. 17:00 U | Þri 26/5 kl. 18:00 U | Sun 7/6 kl. 14:00 U |
| Þri 5/5 kl. 18:00 U | Mið 27/5 kl. 18:00 U | Sun 7/6 kl. 17:00 U |
| Sun 10/5 kl. 14:00 U | Fös 29/5 kl. 18:00 U | Lau 13/6 kl. 14:00 Ö |

Sýningar haustsins komnar í sölu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 23/4 kl. 20:00 U | Fös 8/5 kl. 20:00 Ö | Fös 15/5 kl. 20:00 Ö |
| Lau 2/5 kl. 20:00 Ö | Lau 9/5 kl. 20:00 Ö | |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 24/4 kl. 20:00 síð.sýn. Ö | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Sædýrasafnið** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 24/4 kl. 21:00 Ö | Lau 25/4 kl. 21:00 | Sun 3/5 kl. 21:00 |

Ath. snarpt sýningatímabil

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 25/4 kl. 13:00 Ö | Lau 2/5 kl. 13:00 Ö | Lau 9/5 kl. 13:00 Ö |
| Lau 25/4 kl. 14:30 Ö | Lau 2/5 kl. 14:30 Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 |

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 24/4 kl. 21:00 | Fim 30/4 kl. 21:00 síðasta sýn. | |

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.

**Creature - gestasýning** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 U | Lau 16/5 kl. 20:00 | |
| Fös 15/5 kl. 20:00 Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 | |

Þjóðleikur - leiklistarhátíð á Egilstöðum 24.–26. apríl



Skoppa og Skrítla í bíó
komin á DVD
Skoppa og Skrítla árita diska
Sumardaginn fyrsta í Hagkaupum, Smáralind kl. 14-15
og föstudaginn 24. apríl í Nettó Mjódd kl. 16.30-17.30
Gleðilegt sumar kæru vinir!
SIRKUS
Vinsælasta íslenska barnamyndin 2009 er komin út á DVD. Sumargjöfin í ár! Fæst í helstu verslunum.

## > JACKMAN Á GANGSTÉTT

Hugh Jackman er kominn í hóp með Frank Sinatra, John Wayne og Marilyn Monroe en hann fékk stjörnu með handaförum sínum fyrir framan Kínverska kvikmyndahúsið í Hollywood. Jackman sagði af því tilefni að hann hefði aldrei trúað því að hann yrði kynnir á Óskarnum og fengi þessa viðurkenningu á einu og sama árinu.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Táningar og börn hertaka miðasöluna

Bandarísk kvikmyndaaðsókn hefur einkennst af einu; börn og unglingar flykkjast í bíó um þessar mundir. Samkvæmt nýjust aðsóknartölum eru það þessir hópar sem kaupa popp og kók í amerískum kvikmyndahúsum og skemmta sér konunglega. Disney-stjörnurnar Zac Efron og Miley Cyrus eru áberandi í efstu sætum aðsóknarlistans. Efron leikur í gamanmyndinni 17 Again á móti Vinastjörnunni Mathew Perry. Cyrus er hins vegar með kvikmynd sem byggir á hinni heimsfrægu persónu hennar; Hönnuh Montana.

Önnur „barnamynd“ er síðan Monsters vs. Aliens sem hefur malað gull fyrir Dreamworks Animation. Myndin hefur nú verið sýnd í fjórar vikur í sýningum en ekkert lát er á vinsældum hennar og hún situr makindalega í fjórða sætinu. Ekki má gleyma framhaldsskólatryllinum Fast & Furious sem þrátt fyrir afleita dóma gagnrýnenda situr í fimmta sæti listans.

Eina kvikmyndin sem ætluð er eldra fólki er State of Play en það þurfti líka sannkallaðan stjörnuflota til að komast í efstu sætin. Russell Crowe, Robin Wright Penn, Helen Mirren og Jeff Daniels eru þar í aðalhlutverkum en myndin skaust upp í annað sætið. Af öðrum myndum sem nutu einhverrar hylli í Ameríku um nýliðna helgi má nefna Knowing með Nicholas Cage og gamanmyndina I Love You Man.



**DISNEY RÆÐUR RÍKJUM** Disney-stjörnurnar Miley Cyrus og Zac Efron mala gull fyrir risann í Hollyoowd en kvikmyndir þeirra hafa fengið glimrandi góða aðsókn í Bandaríkjunum.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

**Observe and Report**

Ronnie Barnhardt er öryggisvörður í verslunarmiðstöð, með frekar skakka sjálfsmynd, telur sig vera töffara af guðs náð og færan í flestan sjó. Barnhardt fær það „erfiða“ verkefni að losa verslunarmiðstöðina við mann með strípihneigð en þegar honum mistekst hrapallega er kallaður til þrautreyndur lögreglumaður, nokkuð sem Barnhardt á erfitt með að sætta sig við.

Aðalhlutverk: Seth Rogen og Ray Liotta



Imdb.com: 6,9/10

**Then She Found Me**

Fyrsta myndin sem Óskarsverðlaunaleikkonan Helen Hunt leikstýrir. Myndin segir frá April sem skilur við mann sinn og á sama tíma deyr stjúpmóðir hennar. Til að flækja lífið enn frekar verður April ástfangin af föður nemanda síns en uppgötvar um leið að hún er ófrísk eftir eiginmanninn fyrrverandi.

Aðalhlutverk: Helen Hunt og Colin Firth

Imdb.com: 6,2/10





Bók um reynslu átta Íslendinga af því að eiga ástvin með Alzheimerssjúkdóm

Pantanir hjá Bjarmalundi, ráðgjafarstofu í símum: **568-4011 eða 895-9737**
Einnig má senda fyrirspurnir á **www.bjarmalundur.is**

Bjarmalundur
Ráðgjafarstofa um Alzheimer og öldrun



NÝ ÚTGÁFA af rúðuþurrkum frá TRICO



TRICO
Rúðuþurrkur
NeoForm. Ný þurrkublöð frá Trico

Merki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.


# Byrjað að undirbúa Bond 23

**Þrátt fyrir að enn séu næstum tvö ár þangað til Daniel Craig kætir kvikmyndagesti í hlutverki James Bond eru kvikmyndasérfræðingar farnir að velta vöngum yfir því hverjar verði næstu Bond-stelpurnar, hver muni leikstýra og hver reyni að gera Bond lífið leitt.**



## KLÆÐIST SMÓKING Á NÝ

**Daniel Craig** er farinn að undirbúa sig fyrir þriðju myndina sína um James Bond. Nú er leitað logandi ljósi að leikstjóra, þrjóti og Bond-kvendi. **Danny Boyle** hefur verið nefndur sem leikstjóri og samstarfskona hans úr Slumdog, **Freida Pinto,** í hlutverk Bond-stúlku. Hörðustu Bond-aðdáendur hafa lýst því yfir að þeir vilji gjarnan sjá **Angelinu Jolie** en það verður að teljast ólíklegt enda eru Bond-stúlkurnar yfirleitt frekar óþekktar og reynslulitlar leikkonur.



Það virðist alveg sama hversu mikið kvikmyndaspekúlantar spá og spekúlara og horfa í kristalskúlu sína, alltaf virðist þeim bregðast bogalistin. Annað hvort hefur einhver kippt kristalskúlunni úr sambandi eða aðstandendur James Bond kunna þá list best að þegja yfir hernaðarleyndarmálum. Enda þurfa þeir svo sem ekkert að láta einhverjar fréttir leka út til fjölmiðla enda áhuginn gríðarlegur á þessum lengsta kvikmyndabálki sögunnar.

Daniel Craig mun leika Bond í þriðju myndinni. Hins vegar er á huldu hver muni leikstýra myndinni. Lengi vel var talið að Danny Boyle, leikstjóri Slumdog Millionaire, myndi taka það verkefni að sér. En sá kvittur hefur fjarað út.

Í stað þess er það nú heitasta umræðuefnið meðal nettengdra Bondverja að Tony Gilroy setjist í leikstjórastólinn og stýri James Bond. Það yrði að teljast nokkuð snjall leikur því Gilroy er höfuðpaurinn á bak við Bourne-kvikmyndirnar sem tókst næstum því að skáka breska leyniþjónustumanninum. Aðdáendum James Bond myndi ekki þykja leiðinlegt ef sá gamli fengi smá Bourne-stíl yfir sig, yrði bæði hraðari og jafnvel ofbeldisfyllri. Gilroy skrifaði handritið að þremur fyrstu myndunum og leikstýrði Michael Clayton með George Clooney í aðalhlutverki en hún var tilnefnd til tólf Óskarsverðlauna. Gilroy kemur ekki að fjórðu Bournemyndinni sem nú er í undirbúningi, það er gæðaleikstjórinn Paul Greengrass sem leikstýrir henni.

Aðalumræðuefnið er svo auðvitað hvaða stúlka muni aðstoða karlrembuna í smókingfötunum. Og oft og iðulega falla „sérfræðingarnir“ í þá gryfju að spá frægum leikkonum í það hlutverk. Ekki mæltist það neitt sérstaklega vel fyrir þegar Halle Berry eða Denise Richards stóðu við hægri hönd Bonds og því hafa framleiðendurnir oftast gripið til þess ráðs að ráða lítt þekktar leikkonur til verksins. Orðrómur um Jennifer Aniston, Angelinu Jolie eða jafnvel glamúrfyrirsætuna Kim Kardashian er því úr lausu lofti gripinn. Hins vegar gæti Freida Pinto hugsanlega landað stóru hlutverki í James Bond en fréttir þess efnis hafa birst með reglulegu millibili. Fyrir þá sem vita ekki hver Freida er þá lék hún aðalhlutverkið í Slumdog.

freyrgigja@frettabladid.is

# Þriðja Brown-bókin í bíó

Í Hollywood gildir sú regla að vera fyrstur til. Best er þegar menn sjá fram í framtíðina. Sony-kvikmyndaverið hefur tilkynnt að þeir ætli sér að gera kvikmynd eftir þriðju bók Dans Brown, höfundar Da Vinci Code og Angels & Demons. Bókin er reyndar ekki komin út, er ekki væntanleg í bókabúðir fyrr en fimmtánda september en Hollywood er slétt sama um það; allt það sem er ávísun á gull og græna skóga er nóg fyrir kvikmyndaborgina.

Angels and Demons verður frumsýnd í sumar og líkt og í Da Vinci-lyklinum er Tom Hanks þar í hlutverki táknfræðingsins Roberts Langdon. Ron Howard situr sem fyrr í leikstjórastólnum en kaþólska kirkjan í Róm hefur þegar lýst yfir mikilli vanþóknun á myndinni enda þykir Brown fátt jafn skemmtilegt og að skrifa samsæriskenningar um kristna trú. Og það þarf því ekki að koma neinum á óvart að í þriðju bókinni, sem hefur verið gefið nafnið The Lost Symbol, kemst Langdon að einhverju sem á eftir að breyta heimsmynd okkar til frambúðar. Gert er ráð fyrir að bók Browns verði prentuð í fimm milljónum eintaka, sem er gríðarstórt upplag, en útgefendurnir ættu þó varla að þufa að örvænta, The Da Vinci Code seldist í 81 milljón eintaka en Angels & Demons í 39 milljónum.



**ENDURTEKUR LEIKINN** Tom Hanks mun að öllum líkindum endurtaka hlutverk sitt sem Robert Langdon í þriðju myndinni en ný bók frá Dan Brown er væntanleg.



Minnum
á þjóðargjöfina
Þjóðargjöf til þín
Kr. 1.000
BÓK
+
GEISLADISKUR
FRÁBÆR
SUMARGJÖF
SÖNGVASAFN
Ef væri ég söngvari
RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR
VALDI OG MYNDSKREYTTI
Bókinni fylgir geisladiskur með söng Skólakórs Kársness
undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.
Glæsileg söngbók
fyrir alla fjölskylduna
Fátt gleður hjartað meira – og fátt eflir
málþroska barna betur – en söngur og ljóð.
Í þessa stórglæsilegu bók hefur Ragnheiður Gestsdóttir
valið og myndskreytt yfir 120 kvæði sem gaman er
að syngja með börnum og fyrir þau – jafnt þjóðvísur
og kvæði þjóðskálda sem og nýrri texta.
Salurinn
FJÖLSKYLDUSÖNGUR Í SALNUM
Á SUMARDAGINN FYRSTA
Í tilefni af útkomu bókarinnar bjóða Sumargjöf
og Forlagið börnum og fullorðnum að taka lagið
í Salnum í Kópavogi í dag klukkan 16.
Þórunn Björnsdóttir leiðir kórinn og gesti í
skemmtilegum vor- og sumarsöngvum, og Sumar-
gjöf veitir árlega styrki sína til menningarstarfs
í þágu barna.
Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

# Þjóðargjöf til þín

**Kr. 1.000**

**Þessi ávísun er 1.000 króna gjöf frá bókaútgefendum og bóksölum.**

Ávísunin veitir þér 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir í bókabúðum þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki.

*Gildir til 4. maí 2009*



Í Viku bókarinnar fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Undanfarin þrjú ár hafa bókaútgefendur og bóksalar efnt til þjóðargjafar til bókakaupa í tilefni af Viku bókarinnar og á þessum tíma hefur íslenska bókaþjóðin innleyst ávísanir fyrir sem nemur tuttugu og fimm milljónum króna. Markmiðið hefur frá upphafi verið að styrkja lestur barna og unglinga og benda á að bóklestur er óumdeildur grundvöllur námshæfni, málþroska og skilnings á samhengi. ***Gleðilegan lestur!***



Vika bókarinnar 2009

Félag íslenskra bókaútgefenda

> FÓR Í DÁLEIÐSLU

Kryddpían fyrrverandi, Mel B, kemur nú fram í djarfri sýningu í Las Vegas. Þar kemur hún fram afar fáklædd. Mel hefur farið í dáleiðslu vegna sýningarinnar en það er ekki vegna feimni. „Ég þurfti hjálp til að læra línurnar mínar,“ segir hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# CSI verður bíómynd

Gil Grissom, fyrirgefið, William Petersen, hefur tilkynnt aðdáendum CSI: Las Vegas að gerð verði bíómynd eftir þáttunum. CSI hefur um árabil verið eitt vinsælasta sjónvarpsefnið í bandarísku sjónvarpi og þættirnir hafa einnig verið sýndir á Skjá einum og fengið mikið áhorf. Fyrir harða aðdáendur CSI þá virðast engar vísbendingar um að CSI: Miami eða CSI: New York rati á hvíta tjaldið en maður skyldi aldrei segja aldrei. Óneitanlega hljómar það ekkert sérstaklega spennandi að sjá Horatio Cain á hvíta tjaldinu.

Misjafnlega hefur gengið að færa vinsælar sjónvarpsþáttaraðir yfir á kvikmynd. Og nægir þar að nefna Sex & The City og X-Files en þær hlutu fremur misjafna dóma þótt dyggir aðdáendur þeirra hafi keypt sér miða. Petersen hefur hins vegar tekið af allan vafa um að bíómyndin verði gerð eingöngu til að græða peninga. „Þetta snýst allt um að finna rétta sögðuþráðinn,“ segir Petersen í samtali við Radio Times. Hann útilokar heldur ekki að kvikmynd verði gerð áður en þáttaröðin rennur sitt skeið. „Ef við ætlum að bíða eftir því að þáttunum ljúki þá verður Grissom orðinn nírædur.“ Grissom hefur reyndar yfirgefið Las Vegas í bili og Laurence Fishburn hefur tekið við keflinu sem Dr. Raymond Langston. Petersen útilokar ekki að Grissom muni snúa aftur, fyrr en síðar.



**VINSÆL** Gil Grissom að störfum í CSI. Nú hefur verið staðfest að bíómynd verði gerð eftir þáttunum.



**DANNI POLLOCK** Utangarðsmaðurinn stígur á svið í kvöld en nú er það Didda sem syngur með bandinu en ekki Bubbi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Danni Pollock og Didda stíga á stokk

**Gamli Utangarðsmaðurinn Danny Pollock stígur á stokk í kvöld eftir stutt hlé vegna barneigna. Didda verður með honum á sviði.**

„Jahhh, ég hef verið að spila með South Coast Killing Company en tók mér hlé vegna barna sem voru að koma í heiminn. Þannig að ég hef ekki staðið á sviði síðan í fyrrasumar,“ segir Danny Pollock – sem varð heimsfrægur á Íslandi þegar Utangarðsmenn rifu rokkið á Íslandi upp á rasshárunum snemma á 9. áratugnum.

Danni stígur á svið með hljómsveitinni Sigurlaugu sem treður upp á Jacobsen í kvöld. „Bandið er stofnað í kringum Diddu og leikur tónlist í anda Willie Dixon og Koko Taylor. Við leitum til upprunans. Gamli skólinn í „rythm and blues“. Engin hvítra pilta súper sóló heldur bara „groove“ sem er til þess fallið að hreyfa á þér rassinn,“ segir Danny.

Og það eru engir aukvisar í Sigurlaugu. Auk þeirra Danna og Diddu er Þór Eldon sem spilar á gítar, Haraldur Þorsteinsson er á bassa og Þórdís Claessen er við trommusettið.

jakob@frettabladid.is

# Óhæf til að bera vitni

Dómari í Los Angeles hefur úrskurðað að Britney Spears sé ekki hæf andlega til að bera vitni fyrir dómi. Jamie Spears, faðir Britney, hefur krafist þess að sett verði nálgunarbann á þrjá nána samstarfsmenn Britney Spears; umboðsmanninn Sam Lufti, lögfræðinginn Jon Eardley og fyrrverandi kærastann Adnan Ghalib. Eardley krafðist þess að Britney myndi sjálf bera vitni og sagði að fyrst hún þætti nógu heilsugóð til að takast á við tónleikaferð um heiminn þá hlyti hún að geta borið vitni fyrir dómi. Akiva Bobb, dómari í málinu, féllst ekki á þessi rök og því mun Britney ekki þurfa að mæta í réttarsalinn.

Pabbi Britney heldur verndarhendi yfir dóttur sinni eftir að hún spilaði út fyrir um ári síðan. Hann krefst þess að mennirnir þrír fái ekki að koma nálægt dóttur sinni næstu þrjú árin. Nálgunarbann ríkir á Adnan Ghalib en hinir tveir ætla að berjast með kjafti og klóm fyrir því að fá þessu hnekkt. Þeir mega þó ekki vera á sama stað og Britney þar til 28.apríl en þá mun dómari í málinu úrskurða hvort nálgunarbann sé réttmæt krafa eða ekki.



**ANDLEGA ÓHÆF** Britney Spears gengur augljóslega ekki heil til skógar en hún þykir ekki hæf til að bera vitni.

# Dauðvona móðir Eminems vill sættir

Mamma rapparans Eminems er dauðvona og vill ná sáttum í áralöngum deilum þeirra áður en hún fellur frá. Eminem og Debbie Mathers hafa átt í löngum deilum og hefur hann meðal annars rappað um að myrða móður sína. Hún hefur aftur á móti farið í mál við son sinn og skrifað bók um líf sitt með honum.

Nú er Debbie alvarlega veik eftir að hafa gengist undir hjartaaðgerð og vill ólm sættast við strákinn. Mamma hennar, Betty Kresin, greindi frá þessu í viðtali vestanhafs. „Debbie dóttir mín er mjög veik. Ósk hennar áður en hún deyr er að sættast við son sinn og hitta barnabarn sitt. Tíminn er naumur og hann verður að hitta hana áður en það verður of seint. Hún er með brjóstakrabbamein og ég hef áhyggjur af henni. Hún hefur misst alla löngun til að lifa.“



**EMINEM** Dauðvona móðir hans leitar nú sátta.




ÍSLENSKA/SIA.IS/SCB 45064 04/09

# Coxon bjartsýnn á Blur

Graham Coxon, gítarleikari bresku sveitarinnar Blur, segist vera bjartsýnn á að samstarfið í Blur muni endast. Og þeir muni jafnvel fara í upptökuver og taka upp nýja plötu.

Það hefur lengi verið stirt milli Coxons og söngvarans Damons Albarn en þeir hafa ákveðið að grafa stríðsöxina og spila á tónleikum í Bretlandi í sumar. Coxon er sannfærður um að Albarn, Alex James og Dave Rowntree muni finna kraftinn aftur og segir í samtali við Daily Star að hann hafi góða tilfinningu fyrir samstarfinu. „Ef okkur líður vel þá munu einhver ný lög fæðast, ég er alveg sannfærður um það. Allavega er ég til,“ segir Coxon við blaðið. „En við erum náttúrulega allir á kafi í okkar eigin verkefnum þannig að þetta verður ekkert á allra næstu dögum,“ bætir Coxon við.



**SAMAN Á NÝ** Graham Coxon, Damon Albarn, Alex James og Dave Rowntree hafa grafið stríðsöxina og ætla að spila á tónleikum í sumar.

# Fórnuðu kærustum fyrir Metallicu

Lars Ulrich, trommari þungarokkssveitarinnar Metallicu, hefur upplýst að þeir félagar hafi fengið ansi mörg ósiðleg tilboð á upphafsárum þeirra. Grúppíur hafi ekki hikað við að bjóða þeim upp á líkamlegt gaman og karlmenn hafi jafnvel gerst svo djarfir að bjóða þeim kærusturnar sínar. Ulrich viðurkennir í samtali við tónlistartímaritið Uncut að þeir hafi verið ansi hissa á mörgum gylliboðunum sem þeir fengu. Þeir hafi hins vegar hafnað langflestum. „Ég man eftir fyrsta skiptinu sem mér var boðinn svona samningur og ég velti því fyrir mér hvað svona fólk væri að hugsa. Því þeim var virkilega alvara. Ætlaði það að taka myndir af mér eða eitthvað þannig? Svo að ég hafnaði þessu í langflestum tilvikum,“ segir Ulrich við Uncut.



**ÓSIÐLEG TILBOÐ** Lars Ulrich og félagar í Metallicu fengu ósiðleg tilboð frá aðdáendum sveitarinnar.

# Madonna sinnir Mercy James í Malaví

Þrátt fyrir að ættleiðing bandarísku poppstjörnunnar Madonnu í Malaví hafi ekki gengið eftir þá sér hún samt um hina þriggja ára gömlu Mercy James. Eins og fjölmiðlar úti í heimi hafa greint frá fóru ættleiðingarhugmyndir Madonnu út um þúfur eftir að dómstóll í höfuðborginni Lilongwe hafnaði henni sem móður. Mercy var send aftur á Kondanai-barnaheimilið eftir úrskurðinn en Madonna dó ekki ráðalaus og hefur útvegað Mercy sinni barnfóstru og hjúkrunarkonu.

Madonna hefur áfrýjað úrskurðinum og á meðan munu starfsmenn á hennar vegum sjá til þess að Mercy skorti ekkert. Að sögn framkvæmdastjóra barnaheimilisins, Anne Chikhwaza, er ekkert rangt við þessar aðferðir poppstjörnunnar. „Þar sem ég er forráðamaður Mercy þá ræð ég hvert hún fer og með hverjum. Hún má vera með fólki frá Madonnu sem gestur og það er ekkert rangt við það,“ sagði Anne í samtali við þarlenda fjölmiðla.

Heimildarmaður breska blaðsins Daily Mirror greinir síðan frá því að bæði hjúkrunarkonan og fóstran hafi orðið eftir þegar kveðjuhóf Madonnu í Malaví rann sitt skeið. Áfrýjun Madonnu verður tekin fyrir þann 4.maí.



**DEYR EKKI RÁÐALAUS** Madonna hefur séð til þess að Mercy James sé með sína eigin fóstru og hjúkrunarkonu á meðan hún reynir að fá úrskurði dómstóls í Malaví hnekkt.



**SLAPP FYRIR HORN** Sacha Baron Cohen var stefnt fyrir viðtal við bandaríska rithöfundinn Gore Vidal. Kona taldi illa á sér brotið en hún er nafna fyrrum kærustu Ali G, einnar þekktustu persónu Sacha Baron. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ali G sleppur við skaðabætur

**Það er sjaldan lognmolla í kringum breska háðfuglinn Sacha Baron Cohen. Dómstóll í Los Angeles hefur nú sýknað hann af skaðabótakröfu vegna viðtals sem hann tók í sjónvarpsþáttunum um Ali G.**

Kona undir nafninu Jane Doe lagði fram skaðabótakröfu upp á 550 þúsund pund, eða 104 milljónir íslenskra króna, á hendur bresku sjónvarpsstöðinni Channel 4, bandarísku sjónvarpsstöðinni HBO og Da Ali G-Show. Konan sagðist hafa orðið fyrir líkamlegu, tilfinningalegu og efnahagslegu tjóni vegna viðtals sem Sacha Baron Cohen tók við bandaríska rithöfundinn Gore Vidal í hlutverki Ali G. Dómari í málinu, Terry Friedman, vísaði skaðabótakröfunni á bug og sagði að Ali G-þátturinn væri einfaldlega of fáránlegur til að hægt væri að taka hann alvarlega.

Eins og við mátti búast er málið eilítið fáránlegt. Ali G tók viðtal við Gore um stjórnarskrá Bandaríkjanna og velti því fyrir sér hvort það tæki því að breyta henni. Ali G minntist á fyrrverandi kærustu sína og nefndi hana á nafn. Sem svo skemmtilega vildi til að var nafnið á umræddri konu. „Er ekki stundum bara betra að losa sig við heila klabbið?“ sagði Ali í viðtalinu. „Fyrrverandi kærasta mín var alltaf að breyta sér, laga hárið á sér, fá sér húðflúr og raka öll líkamshár af sér en það breytti engu. Hún var alltaf jafn ljót. Svo varð hún ólétt og ég sagði bara við hana að ég væri farinn. Er þetta ekki svona svipað með stjórnaskrána ykkar?“ spurði Ali hinn virta rithöfund.

Dómarinn í málinu sagði að það ætti að vera hverjum manni ljóst að þáttastjórnandinn leitaðist síður en svo við það að láta taka sig alvarlega. „Það er óhugsandi að einhver manneskja geti hafa séð þetta sem hádramatískt viðtal,“ sagði dómarinn Friedman. Eins merkilegt og það kann að hljóma er þetta einungis í annað sinn sem dómur í Bandaríkjunum fellur sjónvarpsstöðvum í hag. Prash Naik, lögfræðingur Channel 4, fagnaði dómnum ákaft og sagði að loksins væri hægt að berjast við fáránlegar skaðabótakröfur.

- fgg



NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE LÚXUS | kl. 1 - 3.40-5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 - 8 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 1 - 3 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 10.15 | 12 |
| MALL COP | kl. 1 - 3 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 1 - 3 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 6 | 7 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ | | |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 4 ísl. texti | L |
| GOMORRA | kl. 3.30 - 8 ísl. texti | 16 |
| FROZEN RIVER | kl. 4 - 8 ísl. texti | 12 |
| WORDPLAY | kl. 6 ísl. texti | L |
| DIE WELLE | kl. 6 enskur texti | 12 |
| MAN ON WIRE | kl. 6 enskur texti | L |
| COCAINE COWBOYS 2 | kl. 10.30 ísl. texti | 14 |
| YOUNG AT HEART | kl. 10.10 ótextuð | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 5.50 - 8 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

ATH! 500 kr. VILTU VINNA MILLJARÐ?

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 6, 8 og 10 - POWER | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FRANKLÍN - Ísl. tal | kl. 2(500kr.) og 4 | L |
| MONSTERS VS. ALIENS | kl. 2(500kr.) og 4 | L |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 2(850kr.) og 4 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ(500kr.) | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6 - 8D - 10:10D | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 2 - 4 - 8 - 10:10 | VIP |
| THE UNBORN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE UNBORN | kl. 6 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PUSH | kl. 5:50 | 12 |
| MON.VS.. m/ísl. tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE UNBORN | kl. 6:10 - 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6:10D - 8:20D - 10:20D | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4(3D) - 6:10(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 3:30 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BOY IN THE STIPED PYJAMAS | kl. 6 | 12 |
| MALL COP | kl. 6 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 6 | 12 |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SparBíó 850kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU




# Safnkassi með plötum Pixies

Aðdáendur Pixies geta bæði glaðst og grátið yfir nýjustu fréttum af sveitinni. Í gær leit allt út fyrir að fyrsta platan með nýju efni frá sveitinni í 18 ár væri á leiðinni. Þær fréttir reyndust ekki réttar. Umrædd útgáfa, Minotaur, er í raun safnkassi með öllum plötum Pixies. Og aðdáendurnir geta glaðst yfir því að sú útgáfa er einstaklega vegleg.

Um að ræða svokallaða deluxe-útgáfu sem inniheldur allar fimm hljóðversplöturnar, Come on Pilgrim, Surfer Rosa, Doolittle, Bossanova og Trompe le Monde, á geisladiskum. Þá verður þar að finna DVD-disk með tónleikum og veglega bók.

Einnig verður í boði sérstök lúxusútgáfa í takmörkuðu magni. Þeir sem kaupa hana fá allt ofantalið en í kaupbæti allar plöturnar á vínyl, teikningar eftir Vaughan Olivier sem hannaði plötuumslög Pixies, og veglega útgáfu af bókinni.

Þessi Pixies-box eru alls ekki ókeypis; deluxe-útgáfan kostar um 23 þúsund krónur og takmarkaða lúxusútgáfan kostar tæpar 60 þúsund krónur. Safnkassarnir fara í almenna sölu um miðjan júní.

Breska blaðið Guardian vekur athygli á því að ekkert nýtt efni verði að finna í þessari útgáfu og engin áform séu um að breyta því. Það er sömuleiðis bent á það að ekkert er talað um að plöturnar séu stafrænt endurhljóðblandaðar, sem hlýtur að teljast sjálfsögð krafa þegar fólk pungar út viðlíka upphæðum og raun ber vitni. Sérstaklega þar sem flestallir aðdáendurnir eiga væntanlega enn með gömlu plöturnar sínar þótt þær hafi kannski látið á sjá í partíum síðustu tuttugu ára.



**PIXIES Í KAPLAKRIKA** Black Francis, Kim Deal og félagar spiluðu á tónleikum í Kaplakrika árið 2004. Nýr safnkassi með plötum sveitarinnar er væntanlegur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rafbyssa í höndum trúða

**Sjónvarpstrúðarnir Sveppi og Auddi völsuðu um fyrirtækið 365 og stuðuðu mann og annan með rafbyssu við mjög misjafnar undirtektir.**

„Það er allt vitlaust hérna. Við erum að vesenast með rafbyssu. Erum að rölta um fyrirtækið og stuða fólk,“ segir sjónvarpsmaðurinn Sveppi.

Blaðamaður Fréttablaðsins varð fyrir þeirri sérkennilegu reynslu í miðju símaviðtali við Loga Bergmann Eiðsson á þriðjudag að þá rekur viðmælandinn upp ógurlegt vein og síðan heyrist torkennilegur hávaði og læti á hinum enda línunnar. „Þetta voru bölvuð fífl-in þeir Sveppi og Auddi,“ sagði Logi móður eftir nokkrar mínútur skruðninga og læti. Sveppi segir að þeir hafi verið að stuða fólk fyrir skopmyndband sem gert var sérstaklega fyrir árshátíðina, en þá var forstjóri 365 miðla auk annarra stuðaður. Sveppi segir kjörið að nýta byssuna og rölta um fyrirtækið. „Logi lá svo vel við höggi. Hann brást við eins og smástelpa. Hann er afskaplega lítill í sér. Og svo varð hann skyndilega ofsareiður. Þessi stóri maður! Kjökrandi eins og smástelpa. Það var alveg þess virði að sjá það,“ segir Sveppi – og ljóst að honum er skemmt. Hann segir að meðal annarra fórnarlamba hafi verið útvarpsvaxtarræktarkappinn Ívar Guðmundsson og Skarphéðinn Guðmundsson í markaðsdeildinni auk forstjórans. Allt þetta eru þeir Sveppi og Auddi að taka upp í þátt sinn og munu sýna aðdáendum sínum 8. maí. Byssuna segir Sveppi að þeir hafi fengið hjá vini Audda á Sauðárkróki. „Benna Ólsara,“ segir Auddi, en reynist svo vera að gantast. Þeir vilja ekki kannast við að það sé ólöglegt að valsa um með rafbyssu. Og telja sig njóta velvildar Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra, sem var mikill stuðningsmaður þess að lögreglan yrði rafbyssuvædd. „Við ættum náttúrulega að prófa að stuða hann! Og Kristófer Helgason útvarpsmann sem er með umboð fyrir svona byssum,“ segir Sveppi.

jakob@frettabladid.is



**VALSA UM MEÐ RAFBYSSU** Ekki er víst að Björn Bjarnason hafi séð rafbyssuna fyrir sér í höndum þessara manna þegar hann talaði um að rafbyssuvæða lögregluna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**RAFBYSSA** Að sögn Sveppa kjökraði Logi Bergmann eins og lítil stelpa þegar þeir Auddi stuðuðu hann.





SparBíó SAMbio.is SAMBÍÓIN




**17 AGAIN**
kl. 1.30 í Álfabakka og 5.50 í Keflavík

**MONSTERS VS ALIENS** m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka kr. 550 og kr 850 í þrívídd
kl. 4 í Kringlunni kr. 550 og kr 850 í þrívídd
kl. 6 í Keflavík

**BOLTI** m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka

**CHIHUAHUA** m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka


GEFÐU SKEMMTILEGA SUMARGJÖF!
OPIÐ Í DAG
MADAGASCAR ESCAPE 2 AFRICA
SEXDRIVE
WARNING: Rude. Crude. Nude.
twilight
CITY OF EMBER
ROCKNROLLA
HIGH SCHOOL MUSICAL 3
SENIOR YEAR
THE SWORD IN THE STONE
SPACE CHIMPS
Sleeping Beauty
GOSI
Robin Hood
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

### > Henning nýr þjálfari kvennalandsliðsins

KKÍ réði í gær Henning Henningsson sem þjálfari kvennalandsliðsins í stað Ágústs Björgvinssonar sem KKÍ rak úr starfi vegna trúnaðarbrests. Henning er ráðinn fram yfir Evrópukeppnina í haust. „Ég er mjög ánægður og stoltur yfir að hafa fengið þetta tækifæri. Það er mikill heiður fyrir alla þjálfara að fá að þjálfa A-landslið. Ég hefði viljað taka við liðinu af betra tilefni en engu síður er þetta lið sem er vel skipað,“ sagði Henning sem hefur verið lengi viðloðandi kvennaboltann. Hann er heldur ekki alls ókunnur starfinu enda var hann aðstoðarmaður Ívars Ásgrímssonar á sínum tíma. Henning var aðstoðarþjálfari deildarmeistara Hauka í Iceland Express-deild kvenna í vetur.



**sport**
sport@frettabladid.is

N1-DEILD KARLA: TVEIR ÆSISPENNANDI ODDALEIKIR Á DAGSKRÁNNI Í KVÖLD

## *Verður engin linkind en samt engin boxkeppni*

Það dregur til tíðinda í úrslitakeppni N1-deildar karla í kvöld. Þá eru í boði tveir farseðlar í sjálf úrslitin. Það eru oddaleikir í báðum rimmum. Valur tekur á móti HK og Íslandsmeistarar Hauka fá Fram í heimsókn.

„Við munum vera fastir fyrir, ekki sýna linkind en að sama skapi ekki snúa þessu upp í neina boxkeppni,“ sagði Haukamaðurinn Gunnar Berg Viktorsson. Hann fór mikinn í síðasta leik og nánast skaut Haukana inn í oddaleikinn. „Ég veit ekki hvar ég fann þetta skot. Ætli þetta hafi ekki verið uppsafnað,“ sagði Gunnar Berg léttur.

Hann er einnig lykilmaður í líklega sterkustu vörn landsins. Aðalmennirnir þar eru allir Eyjamenn - Gunnar, Arnar Pétursson og Kári Kristjánsson.

„Við Arnar höfum spilað lengi saman og þekkjum hvor inn á annan. Við erum á síðustu dropunum og leggjum okkur alla fram til þess að ná árangri. Kári hefur svo tekið miklum framförum í vörninni í vetur,“ sagði Gunnar Berg sem viðurkennir fúslega að hafa ekki alltaf verið sá besti í vörninni. „Þetta kemur með aldrinum þegar maður nennir að spila vörn.“



Valur hefur enn ekki tapað á heimavelli í vetur og segir Ólafur Haukur Gíslason, markvörður liðsins, að leikmenn liðsins séu harðákveðnir í að breyta ekki af þeirri venju í kvöld.

„Það virðist sem að við þurfum að fá reglulega spark í afturendann til að vakna almennilega til lífsins. En ég er mjög spenntur fyrir kvöldinu og vona að það verði troðfullt hús af fólki,“ sagði Ólafur sem neitar því ekki að það sé áhyggjuefni hversu mikill munur sé á frammistöðu liðsins á heima- og útivelli. „Við höfum verið að reyna að finna svör við því. Munurinn er fáránlegur – það verður að viðurkennast. Í þeim leikjum sem við höfum verið að vinna á útivelli hafa ekki verið neinir glæsisigrar.“

Hann viðurkennir því að óneitanlega kjósi hann að halda heimavallarréttinum komist liðið í úrslit. „Við höfum ekki skoðun á einvígi Hauka og Fram því við viljum einbeita okkur að okkar verkefni. En auðvitað viljum við heimavallarréttinn sem þýðir að þá þyrftum við að mæta Fram í úrslitum,“ sagði Ólafur Haukur Gíslason.



**BJÓRBAÐ** Alfreð er hér allur blautur eftir að bjór var sturtað yfir hann.
NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Kiel fagnaði á heimavelli:

## Alfreð meistari

**HANDBOLTI** Það var mikil sigurhátíð í gær þegar áhorfendur í Kiel hylltu Þýskalandsmeistara Kiel sem Alfreð Gíslason þjálfar.

Liðið varð meistari á þriðjudag er HSV tapaði en Kiel lagði Wetzlar í gær og í kjölfarið var mikil sigurhátíð. - hbg

Meistaradeild VÍS:

## Stóðhestaveisla

**HESTAR** Meistaradeild VÍS heldur áfram í dag þegar boðið verður upp á stóðhestaveislu í Ármóti en ekki er keppt í Ölfushöll að þessu sinni.

Keppt verður í 150 metra skeiði og gæðingaskeiði. Samhliða mótinu verður stóðhestakynning. - hbg

# Einu skrefi nær meistaratitlinum

**Manchester United tyllti sér aftur á topp ensku úrvalsdeildarinnar í gærkvöld er liðið vann góðan 2-0 heimasigur á Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Portsmouth. Á sama tíma missti Chelsea af mikilvægum stigum í toppbaráttunni er liðið varð að sætta sig við markalaust jafntefli gegn Everton á heimavelli.**

**FÓTBOLTI** Man. Utd er með þriggja stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og hefur þess utan spilað einum leik færra en Liverpool sem er í öðru sæti. United steig stórt skref í átt að enska meistaratitlinum með 2-0 sigri á Portsmouth á Old Trafford í gær.

Wayne Rooney kom United yfir með smekklegu marki á 9. mínútu. Anderson átti frábæra stungusendingu á Ryan Giggs sem lagði boltann á Rooney sem var ekki í neinum vandræðum með að koma boltanum í netið. United fékk nokkur færi eftir það og besta færið kom eftir að Hermann Hreiðarsson hafði tapað boltanum afar klaufalega.

Portsmouth ógnaði nokkuð í stöðunni 1-0 en vörn United hélt. Stuðningsmenn félagins voru þó orðnir nokkuð stressaðir er Michael Carrick afgreiddi leikinn einum átta mínútum fyrir leikslok.

Frammistaða Man. Utd var ekkert sérstaklega sannfærandi í kvöld rétt eins og síðustu vikur. Það hlýtur einnig að vera áhyggjuefni fyrir stjórann, Sir Alex Ferguson, hversu illa liðinu gengur að ganga frá leikjum.

Everton sótti Chelsea heim á Stamford Bridge í gær en þessi sömu lið mætast í úrslitum ensku bikarkeppnninnar í lok maí. Við skulum vona að bikarúrslitaleikurinn verði meira fyrir augað en rimman í gær sem var ekki merkileg. Besta færi leiksins fékk Didier Drogba í uppbótartíma en skot hans fór í þverslána.



**MARKASKORARAR** Wayne Rooney og Michael Carrick skutu United aftur á toppinn í gær. Þeir fagna hér marki Carrick sem kom átta mínútum fyrir leikslok.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea sá því á bak tveimur mikilvægum stigum í toppbaráttunni. Er þremur stigum á eftir Liverpool og sex stigum á eftir toppliði United.

„Við virkilega þrýstum á Chelsea hérna í kvöld og þetta lofar góðu fyrir bikarúrslitaleikinn,“ sagði Leighton Baines, leikmaður Everton, en hann átti fínan leik.

„Við vissum að þetta yrði erfitt, sérstaklega þar sem við spiluðum um helgina. Úrslitin gefa okkur mikið sjálfstraust en bikarúrslitaleikurinn verður allt annar leikur,“ sagði Baines sem vildi fá vítaspyrnu í leiknum en fékk ekki.

„Ég tel að ég hafi verið klippt ur niður en ég var ekki með stjórn á boltanum þannig að ég skil vel að dómarinn hafi ekki flautað á þetta. Við sköpuðum samt nokkur ágæt færi í leiknum. Við reyndum að sækja hratt úr skyndisóknum og það fannst mér ganga vel hjá okkur.“ henry@frettabladid.is


# Aðalfundur 2009

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 30. apríl kl. 9 í húsakynnum félagsins, Síðumúla 24, Reykjavík.**

**Dagskrá:**
1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins eða hvernig mæta skuli halla.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
8. Önnur mál löglega fram borin.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Síðumúla 24, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikninga félagsins og tillögur má nálgast á vef TM, www.tm.is eða á aðalskrifstofu viku fyrir fundinn.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

**TM Síðumúla 24** // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**


Marel Jóhann Baldvinsson samdi við Valsmenn:

# Marel keyrir ekki á Harley á Hlíðarenda

**FÓTBOLTI** „Það verður ekkert Harley á Hlíðarendanum. Ég er búinn að selja hjólið,“ sagði nýjasti liðsmaður Vals, Marel Jóhann Baldvinsson, léttur í samtali við Fréttablaðið í gær. Marel vakti mikla athygli síðasta sumar þar sem hann þeystist um á Harley Davidson-mótorhjóli. Nú er aftur á móti kreppa á Íslandi og Marel mun keyra á æfingar á Volkswagen Golf árgerð 2000 þetta sumarið.

Marel skrifaði undir samning við Val í gær sem gildir út leiktíðina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru vanefndir á samningi Blika við Marel sem leiddi til þess að hann hætti að æfa með liðinu. Blikar voru að sama skapi ekki ánægðir með að Marel vildi ekki lækka laun sín við félagið. Heimildir Fréttablaðsins herma að hann hafi verið eini leikmaður félagsins sem neitaði að taka á sig launalækkun.

„Mér líst vel á Val sem er spennandi kostur. Hér er sterkt lið sem verður í toppbaráttu. Umgjörðin einnig góð og fær sjúkraþjálfari sem heldur mér vonandi gangandi,“ sagði Marel sem hefur verið óheppinn með meiðsli í gegnum tíðina.

„Ég er í fínu líkamlegu ástandi núna. Það vantar bara leikformið og mig klæjar í tærnar að fara að komast út á völl og spila fótbolta,“ sagði Valsarinn Marel Jóhann Baldvinsson. - hbg



**Í NÝJA BÚNINGNUM** Marel mun spila í þessum rauða búningi næsta sumar.
MYND/VALUR


nikefootball.com
Gleðilegt fótboltasumar!
Nike óskar Jóa Útherja til hamingju með 10 ára afmælið.
Þér er boðið á afmælishátíð Jóa Útherja í dag, sumardaginn fyrsta frá kl.11-16.
Haldin verður NIKE keppni í að halda bolta á lofti frá kl. 12-14. Komdu, taktu þátt og þú hefur möguleika á að vinna glæsilegan NIKE vinning.
Afmæliskaka, kynning á nýju NIKE fótboltaskónum og NIKE PRO afreksfatnaði frá kl. 12-14, tilboð á NIKE OMNI boltanum sem notaður er í ensku deildinni ásamt fleiri tilboðum.
Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN
Ármúli 36

## > Christian Bale

„Það ætti enginn leikari að vera vinsælli en þær kvikmyndir sem hann leikur í.“ Bale leikur sjónhverfingamanninn Alfred Borden í kvikmyndinni The Prestige sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPÁIR Í KRUMPUÐ HNÉ OG KLOBBASÝNINGAR

## *Halda lyklabörnin uppi mest lesnu fréttum landsins?*

Ég þori að veðja að ég er ekki eina manneskjan með algjört kosningaofnæmi þessa dagana og get ekki hugsað mér fleiri umræðuþætti um ESB, hrunið og fjármagnstekjuskatt. Enn meira ofnæmi er ég komin með fyrir Facebook-statusum fólks um pólitík þar sem það „besserwisserast“ um hvaða flokka skuli kjósa og ekki kjósa. Það er því alltaf notalegt að sjá að þrátt fyrir ótæpilegar stjórnmálafréttir þessa dagana kýs íslenska þjóðin frekar að lesa fréttir eins og „Sienna með krumpuð hné“, „Klobbi Jessicu Simpson“ og „Beit getnaðarliminn af sjálfum sér“. Slíkar fréttir tróna alltaf hæst á mest lesnu veffréttum landans og keppast nú slúðurblaðamennirnir við að færa okkur æ fleiri og meira sjokkerandi fréttir af erlendu stjörnunum. Sjokkerandi eru þær líka vel flestar. Hugsið ykkur að sést hefur til Heidi Klum án alls andlitsfarða í matvörubúð og Kate Moss vekur athygli fyrir hrukkur! Rasskinnar söngkvenna „Gæla við nærstadda ljósmyndara“ og leikkonur sjást berbrjósta í sleik á lystisnekkjum. Svona er víst hinn alþjóðlegi fjölmiðlaheimur orðinn og það er kannski ekki furða að slíkar fréttir fái lesningu því hver hefur ekki staðið sjálfan sig að því að klikka með músinni á svona brjálæðislegar fyrirsagnir? Ég held að minnsta kosti ekki að það sé vegna einskærs áhuga lesenda á krumpuðum hnjám. En maður spyr sig hvort það séu ekki líka saklaus átta, níu og tíu ára börn sem sitja við tölvuna heima hjá sér sem klikka aftur og aftur á klobbann hennar Jessicu Simpson og haldi uppi lesningunni. Börn sem fara að halda að fólk geti ekki hætt sér út fyrir dyr án farða eða með krumpuð læri. Foreldrar hafa kannski harðlæst tölvunum sínum fyrir óæskilegum klámsíðum en dettur ekki í hug að klobbasýningar geti átt sér stað á fréttamiðlum sem þeir bera traust til.



## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00 F1. Við rásmarkið** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 All of Us** SKJÁREINN



▶ **20.30 Big Day** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.05 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45 The Mentalist** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Áslákur api, Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Skordýrin í Sólarlaut, Franklín, Bitte nú!, Skúli Skelfir og Gæludýr úr geimnum.

**10.20 Pappírs-Pési**

**10.50 Bjallan Herbie á fullu** (e)

**12.30 Brot** (e)

**13.00 Maðurinn sem gatar** (e)

**13.30 Hetjur söngs og sagna** (e)

**14.15 Alþingiskosningar** (e)

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Allt á hvolfi** (e)

**17.45 Sprikla** (4:6)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Elísa** (e)

**18.45 Uss!** (Schhhhh!) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veður**

**19.30 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá oddaleikjum í undanúrslitum úrslitakeppni karla.

▶**21.05 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V)

**21.50 Super Mama Djombo á Listahátíð** Upptaka frá tónleikum hljómsveitarinnar á Listahátíð 2008.

**23.00 Nýgræðingar** (Scrubs VI)

**23.25 Sommer** (Sommer) (20:20)

**00.25 Svikarinn** (Breach) (e)

**02.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.10 Thank You for Smoking**

**10.00 Life Support**

**12.00 Over the Hedge**

**14.00 Thank You for Smoking**

**16.00 Life Support**

**18.00 Over the Hedge**

**20.00 The Prestige** Mynd sem lýsir því þegar heilbrigður metingur breytist í hatramman ríg milli tveggja sjónhverfingarmanna. Aðalhlutverk: Christian Bale og Hugh Jackman.

**22.10 Riding the Bullet**

**00.00 Uninvited Guest**

**02.00 Æon Flux**

**04.00 Riding the Bullet**

**06.00 Nacho Libre**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra, Sumardalsmyllan, Boowa and Kwala, Hvellur keppnisbíll, Þorlákur, Lalli, Ruff's Patch, Bratz, Háheimar og A.T.O.M.

**10.35 Cats & Dogs** Það eru gömul sannindi og ný að litlir kærleikar eru með hundum og köttum. Á jörðinni berjast þessir fjórfætlingar af hörku og kettirnir eru staðráðnir í að koma í veg fyrir framleiðslu bóluefnis sem læknar fólk af ofnæmi fyrir hundum.

**12.00 Hollyoaks** (174:260)

**12.25 Book of Eve**

**14.05 Ally McBeal** (22:24)

**14.50 Sneakers** Tölvuhakkarinn Bishop fer fyrir liði sérfræðinga sem CIA hefur ráðið til þess að komast yfir tölvukubb sem getur ráðið allt dulmál sama hversu flókið það er. Þeir félagar eru komnir út á hálan ís enda mikil hætta á ferðum ef kubburinn kemst í rangar hendur.

**16.55 Laddi 6-Tugur** Leiksýning þar sem Laddi fer með léttum leik yfir 40 ára feril sinn og bregður sér í hlutverk eftirminnilegustu karakteranna. Á sýningunni naut Laddi aðstoðar nokkurra af bestu grínurum þjóðarinnar þeirra Steins Ármanns Magnússonar, Eggerts Þorleifssonar og svo að sjálfsögðu Halla stóra bróður.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.30 Veður**

**19.35 The Simpsons** (20:20)

**20.00 Hell's Kitchen** Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi Gordon Ramsey er nú mættur í fjórða sinn.

▶**20.45 The Mentalist** (11:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**21.30 Twenty Four** (13:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**22.15 Goldeneye** Hörkuspennandi mynd með Pierce Brosnan í hlutverki spæjarans 007. Fyrrverandi bandamaður James Bonds er orðinn stórtækur í undirheimum Rússlands og svífst einskis. En illvirkin bitna ekki einungis á kommúnistaríkinu fyrrverandi því hinum vestræna heimi er einnig ógnað.

**00.20 Damages** (7:13)

**01.05 Book of Eve**

**02.40 Sneakers**

**04.40 The Mentalist** (11:23)

**05.25 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Barcelona - Sevilla** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**17.55 Barcelona - Sevilla** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

▶**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir komandi keppni. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

**20.30 NBA-tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**21.00 Atvinnumennirnir okkar** Fjórði í röðinni í þessari seríu er Grétar Rafn Steinsson sem leikur með Bolton á Englandi.

**21.35 HSBC Asian Golf Boom**

**22.00 Ultimate Fighter - Stripes** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**22.45 PGA Tour 2009 - Verizon Heritage** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**23.40 F1. Við rásmarkið**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.20 Chelsea - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 Goals of the Season 2004** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**22.40 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**23.10 Portsmouth - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.10 Nýtt útlit** (6:11) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Nýtt útlit** (6:11) (e)

**12.50 Óstöðvandi tónlist**

**18.35 Rachael Ray**

**19.20 Game Tíví** (12:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

▶**20.00 All of Us** (2:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.

**20.30 The Office** (15:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían.

**21.00 Boston Legal** (8:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Jerry Espenson er handtekinn fyrir líkamsárás og ákveður að verja sig sjálfur. Alan Shore og Shirley Schmidt hjálpa óléttri, kínverskri táningsstúlku við að ganga þvert á vilja foreldra sinna.

**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (5:22) Lík ungs manns af arabískum uppruna skolar á land. Goren og Eames lendir saman við alríkislögregluna sem telur málið geta tengst hryðjuverkasamtökum en við nánari rannsókn komast Goren og Eames að því að fórnarlambið var svikahrappur sem tók þátt í fjársjóðsleit.

**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 America's Next Top Model** (e)

**00.20 Painkiller Jane** (10:22) (e)

**01.10 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestir þáttarins eru á öndverðum meiði um pólitík.

**21.00 Maturinn og lífið** Fritz Már Jörgensen ræðir um mat og matarmenningu.

**21.30 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir frá Neytendasamtökunum ræðir um málefni neytenda.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Nú er **30% afsláttur**

af Lux veggljósum í apríl

Íslensk hönnun og framleiðsla

Opið alla virka daga frá 9 - 18.

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

LUMEX




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Hell's Kitchen

Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi, Gordon Ramsey, er nú mættur í fjórða sinn og nú svalari en nokkru sinni fyrr. Hann er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi. Ramsey notar auðvitað hvert tækifæri til að niðurlægja og húðskamma keppendur fyrir viðvaningsháttt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The Office

### Skjár einn kl. 20.30

Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Í þættinum í kvöld finnst Michael og Dwight tilvalið að skreppa til New York og koma Ryan á óvart. Skrifstofuliðið sem eftir situr þarf hins vegar að vinna á laugardegi og eru margir ósáttir við það.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Sumarkomuljóð eftir Matthías Jochumsson
**08.10** „Var mikið öðruvísi að vera barn þá heldur en núna?"
**09.03** Mókollur, Alli Nalli og allir hinir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**1.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Sól í Mánafjöllum
**14.00** Útvarpsleikhúsið: Engill í vesturbænum
**15.00** 127 dagar til Flórudags
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Flutter, flautukonsert eftir Þuríði Jónsdóttur
**16.45** Sumarvaka
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Hönd úr jörð upp
**18.27** Vorsónatan
**19.00** Leynifélagið
**19.30** Ungir einleikarar
**21.10** Sportsokkar og bleikar nátthúfur
**22.05** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Saga hlutanna
**23.10** Tónleikur
**00.05** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (173:260)
**16.30 Hollyoaks** (174:260)
**17.00 Seinfeld** (8:22)
**17.30 Big Day** (1:13)
**18.00 Skins** (9:9)
**19.00 Hollyoaks** (173:260)
**19.30 Hollyoaks** (174:260)

**20.00 Seinfeld** (8:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

▶**20.30 Big Day** (1:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.

**21.00 Skins** (9:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

**22.00 Gossip Girl** (12:25) Þættir sem eru byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**22.45 The Closer** (2:15) Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem stýrir sérstakri morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

**23.30 Idol-stjörnuleit** (9:14) Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir komast áfram með símakosningu.

**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.10** The Inspector Lynley Mysteries **11.55** My Hero **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** The Black Adder **14.40** The Weakest Link **15.25** The Inspector Lynley Mysteries **16.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder II **19.10** Dalziel and Pascoe **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** Blackadder II **21.50** Dalziel and Pascoe **22.40** The Inspector Lynley Mysteries **23.25** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Mission. Baby **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.40** S, P eller K **13.50** Boogie Update **14.20** S, P eller K **14.30** Mille **15.00** Lloyd i Rummet **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Min italienske drøm **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt med SAS liga **20.00** Magnolia **23.00** Backstage **23.30** Naruto Uncut **23.55** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Sirkusliv **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Ut i nærturen **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sørens ønskestøvler **16.05** Fritt fram **16.30** Plipp, Plopp og Plomma **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Pakket og klart **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Menneskejegeren **20.20** Folk i farta **20.50** Du skal høre mye ... mer **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Louis Theroux **22.45** Spooks

## SVT 1

**11.05** Andra Avenyn **12.15** Fråga doktorn **13.00** Vem tror du att du är? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Draknästet **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Packat & **22.30** Tonårsliv **23.00** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast skyrboozt. Stundum líka ristað brauð og appelsínusafa.“*

Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona.

# Deilt um auglýsingar Helga Björns í Berlín

„Lögreglustjórinn í Berlín hafði fengið umtalsvert magn af kvörtunum og mætti bara sjálfur á svæðið til að taka auglýsingarnar og herferðina út. Hann gaf í kjölfarið grænt ljós,“ segir Helgi Björnsson, leikhúseigandi í Berlín.

Leikhúsið sem hann rekur, Admirals Palast, frumsýnir um miðjan maí söngleikinn The Producers eftir Mel Brooks. Söngleikurinn fjallar um tvo misheppnaða leikhúsmenn sem ákveða að setja á svið söngleikinn Springtime for Hitler með ófyrirséðum afleiðingum. Eins og gefur að skilja er öll umræða um nasisma og Adolf Hitler nokkuð viðkvæm í Þýskalandi en Helgi segir þó að Þjóðverjar séu smám saman að taka þessa fortíð sína í sátt. „Þetta hefur lagast mjög mikið og kvikmyndir á borð við Der Untergang hafa lagt sitt á vogarskálarnar í þeim efnum.“

Helgi fór nokkuð djarfa leið til auglýsa söngleikinn og viðurkennir það sjálfur fúslega. Myndir af Adolf Hitler hafa verið hengdar upp á ljósastaurum og framan á leikhúsið var settur upp rauður borði með hvítum hring. „Hins vegar er bannað að notast við hakakrossinn þannig að við settum saltkringlu í staðinn.“ Og það var einmitt þessi borði sem fór mjög fyrir brjóstið á siðavöndum borgurum Berlínar og þeir lögðu fram kvartanir til lögreglustjórans. Hann sá hins vegar ekkert athugavert við þetta og leyfði Admirals Palast að halda uppteknum hætti.

Íslendingar hafa jafnframt verið aufúsugestir í Admirals Palast og nýverið léku Reykjavík! og múm á tónleikum í leikhúsinu. Og Helgi upplýsir að framundan séu tónleikar með Garðari Thor Cortes. „Það er svona óperukvöld hérna í Berlín og Garðar mun syngja hér af því tilefni,“ segir Helgi sem er staddur hér á landi til að undirbúa sig fyrir minningartónleika um Rúnar Júlíusson. Helgi mun bregða sér í hlutverk Hr. Rokk með hljómsveitinni Unun. **- fgg**



**ÖGRANDI AUGLÝSINGAHERFERÐ** Lögreglustjórinn í Berlín kom í heimsókn í Admirals Palast eftir að kvartanir höfðu borist vegna auglýsingaherferðar fyrir söngleikinn The Producers.



**LÁRÉTT**
**2.** ljúka við, **6.** skóli, **8.** ról, **9.** fugl, **11.** samtök, **12.** aðfall, **14.** fýsn, **16.** kveðja, **17.** yfirgaf, **18.** pota, **20.** á fæti, **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fiska, **3.** átt, **4.** veiðarfæri, **5.** keyra, **7.** kræsingar, **10.** flýtir, **13.** hluti verkfæris, **15.** mannvíg, **16.** undanhald, **19.** verkfæri.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** enda, **6.** fg, **8.** ark, **9.** lóa, **11.** aa, **12.** aðsog, **14.** gírnd, **16.** hæ, **17.** fór, **18.** ota, **20.** tá, **21.** pils.
**LÓÐRÉTT:** **1.** afla, **3.** na, **4.** dragnót, **5.** aka, **7.** góðgæti, **10.** asi, **13.** orf, **15.** dráp, **16.** hop, **19.** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Knútur Hauksson.
2. Gréta Ingþórsdóttir.
3. Draugaslóð.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

YNGVI PÉTURSSON: SKÓLAFÉLAGAR OG STARFSFÓLK MR Í LOSTI

# Gangaslagur í MR lagður af eftir hálsbrot hringjara

„Við erum öll í losti hérna. Bekkjarfélagar, skólafélagar og starfsfólk skólans,“ segir Yngvi Pétursson, rektor Menntaskólans í Reykjavík. Hræðilegt slys varð þegar Gangaslagur skólans fór fram á þriðjudag. Ragnar Stefánsson hringjari skólans, eða Inspector Platearum eins og embættið kallast, fékk högg á hálsinn í miðjum slagnum og síðar kom í ljós að hann hafði hálsbrotnað.

Gangaslagur MR gengur út á það að elstu bekkingar skólans, með hringjarann í broddi fylkingar, reyna að brjóta sér leið að bjöllu til að hringja inn næstu kennslustund. Yngri bekkingar reyna að varna þeim leið.

„Við gerðum okkur ekki grein fyrir því í fyrstu að þetta væri svo alvarlegt,“ segir Yngvi rektor. „Hann gekk til mín og bar við eymslum í hálsi. Eins og alltaf þegar slys verða í skólanum var honum ekið upp á slysavarðstofu og þar kom þetta í ljós.“

Fréttablaðið hafði samband við Ragnar hringjara í gær. Hann sagðist í samtali við blaðið dveljast heima við með kraga um hálsinn og líðan sín væri eftir atvikum góð. Hann baðst að öðru leyti undan viðtali.

Gangaslagurinn var stöðvaður þegar slysið uppgötvaðist. Yngvi segir að skólayfirvöld hafi reynt það sem þau geta til að tryggja öryggi nemendanna: „Þessi slagur er kominn í þá umgjörð að allt er undir ströngu eftirliti. Það er takmarkaður fjöldi sem fær að taka þátt hverju sinni og ef minnsti vafi er á að allt sé með felldu hefur þetta verið stoppað af,“ segir Yngvi.

Aðspurður segir Yngvi að Gangaslagur hafi tíðkast í skólanum síðan á árunum 1860-1870. Hann segist þó ekki vita nákvæmlega hversu lengi þessi hefð hefur viðgengist í þeim búningi sem slagurinn er í núna.

Þetta alvarlega slys setur þó strik í reikninginn að sögn Yngva: „Þetta er búið að vera á skilorði síðustu þrjú árin. Því miður kemur þetta svo upp núna. Ég geri ráð fyrir að þetta verði lagt af.“

**hdm@frettabladid.is**



**SLEGIST Á GÖNGUM MR** Gangaslagur hefur verið ein af hefðum félagslífs MR. Hefð þessa má rekja aftur til nítjándu aldar. Líklega verður Gangaslagurinn lagður af eftir að nemandi hálsbrotnaði í látunum. Myndin er frá Gangaslag fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**REKTOR Í LOSTI** Yngvi Pétursson, rektor MR, harmar atburðinn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Egill Ólafsson** er hættur í Stuðmönnum en það þýðir þó ekki að gullbarkinn sé hættur að syngja. Hann söng með Karlakór Hreppamanna við mikinn fögnuð í félagsheimili Hrunamanna á Flúðum og var eins og heima hjá sér. Svo vel tókst til að ákveðið hefur verið að endurtaka tónleikana í Selfosskirkju 9. maí en sögur herma að karlakórinn sé um þessar mundir að æfa sviðsframkomu, ákveðin spor og hreyfingar til að setja fútt í tónleikana.



Og meira af tónlistarlífi úti á landi. Í kvöld hefst Hammond-hátíð á Djúpavogi og þar kemur hver snillingurinn á fætur öðrum fram en í kvöld er það Hjálparsveit organista sem á sviðið auk Tónleikafélags Djúpavogs sem býður upp á sérstakt Pink Floyd-þema. Á föstudag eru það svo Dóri Braga ásamt **Ragnheiði Gröndal**, Davíð Þór Jónssyni, Guðmundi Péturssyni, Róberti Þórhalls og Bigga Baldurs sem leika og syngja. Laugardagskvöldið verður ekki síðra en þá er það KK og hljómsveit: Leifi, Jón Ólafs, Kristján Kristjáns og Geiri Óskars.

DV komst með puttana í það sem þeir kalla leyniskjöl Framsóknarflokksins en þar eru meðal annars tíundaðir nokkrir óvinir flokksins í bloggheimum. Helstu viðbrögð eru öfugsnúin. Þeir sem eru á listanum eru rífandi ánægðir með það meðan fjölmargir aðrir sem ekki eru þar móðgast eins og til að mynda **Illugi Jökulsson** sem bloggar „Ég er líka óvinur Framsóknarflokksins“. **- jbg**



NÝR RAUÐMAGI
GLÆNÝ STÓRLÚÐA
LÚÐUHAUS
GELLUR OG KINNAR
ATH ERUM ALDREI FISKLAUSIR
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Stjörnurnar fengu hjörtu Andreu

„Þegar ég varð þrítug hér um árið þá rann það upp fyrir mér að ég yrði ekki barnastjarna, það væri nokkuð ljóst. Kannski að maður slái bara í gegn í hönnunarheimum,“ segir hönnuðurinn Andrea Róbersdóttir. Fréttablaðið sagði í vikunni frá ráðstefnu sem Dorrit Moussaieff forsetafrú situr í Katar. Ráðstefnan er um sérþarfir barna og meðal ráðstefnugesta eru Cherie Blair, Maria Shriver og spretthlauparinn Carl Lewis. Jórunnarhjörtu Andreu komu óvænt við sögu á ráðstefnunni, en forsetafrúin fékk hana til að hanna hjörtu sem hún afhenti svo vel völdum ráðstefnugestum.

Jórunnarhjörtu Andreu hafa slegið í gegn á þeim skamma tíma sem liðinn er síðan hún byrjaði að hanna þau og selja hér á Íslandi. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum eru hjörtun virðingarvottur við Jórunni sem rak Jórunnarbúð á horni Skólavörðustígs og Klapparstígs þar til í fyrra er hún lést, 98 ára að aldri. Jórunnarhjörtun eru seld í Epal, Kraumi og Börnum náttúrunnar.

Andrea er vitanlega ánægð með viðtökurnar og ekki síður að hróður hjartanna berist nú út fyrir landsteinana. „Það gengur það vel að ég hef ekki náð að framleiða eins mikið og ég vildi en er glöð með að hafa náð að afgreiða þessa pöntun eins og hverja aðra pöntun,“ segir hún. **- hdm**



**ÁNÆGÐUR HÖNNUÐUR** Jórunnarhjörtu Andreu Róberts hafa slegið í gegn. Hún hannaði hjörtu fyrir Dorrit Moussaieff sem færði Cherie Blair, Mariu Shriver og Carl Lewis þau að gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mundu eftir þjóðargjöfinni!

## Til hamingju með sumarið og dag bókarinnar




eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



itferðir SPENNANDI gönguferðir
www.itferdir.is
Ferðaskrifstofa göngugarpsins





**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur


## *Gættu þín góða mín*

Fyrir skemmstu rak ég augun í auglýsingu í blaði þar sem líkamsræktarstöð auglýsti sumarkort í ræktina. Þetta var heilsíðuauglýsing þar sem stór mynd þakti síðuna og svo fylgdi einhver texti sem gaf til kynna verð og annað. Þetta var ágætis tilboð, en það sem vakti þó athygli mína var hvernig auglýsingin var myndskreytt en síðuna þakti stór mynd af sólbrúnum kvenmannsrassi í eldrauðum þvengbuxum. Á bera rasskinnina var búið að stimpla svörtum stöfum „sýndu þig í sumar!“.

**ÉG VEIT** ekki til hverra auglýsingin átti að höfða en mér þykir sennilegt að stöðin vilji ná til beggja kynja. Ég geri ráð fyrir að augu karlmanna hafi stöðvast við þessa mynd og jafnvel virkað hvetjandi á þá að kaupa sér kort í einmitt þessari rækt. Augu mín stöðvuðust einnig við myndina, en ég fór sannarlega ekki að hugsa um að kaupa mér líkamsræktarkort.

**ALLA** daga dynja á okkur skilaboð um hvernig holdafar og útlit stúlkna skuli vera og skilaboðin sem þarna voru stimpluð á rass sögðu okkur beinlínis að fara úr og sýna sem mest hold í sumar. Sýna hverjum? Fyrir stúlkur er vandlifað því ekki einungis eiga þær að líta út á ákveðinn hátt, það er heldur ekki sama hvernig þær haga sér.

**STUTTU** áður hafði ég nefnilega séð aðra auglýsingu. Úr henni mátti lesa þau skilaboð til stúlkna að ef þær drykkju ekki áfengi væru minni líkur á að þeim yrði nauðgað. Þeirri auglýsingu er þó búið að breyta og biðjast velvirðingar á eftir viðbrögðin sem hún fékk. Það er gott því það verður að eyða þeim hugsunarhætti að það að nauðga sé viðurkennd hegðun karlmanna við vissar aðstæður, sem konur verði bara að passa sig á, til dæmis með því að drekka ekki áfengi. En þó eiga þær að sýna meira hold í sumar…

**ÉG BOTNA** ekkert í þessu og finnst þetta ósanngjörn skilaboð. Hvernig eiga ungar stúlkur að finna út úr þessu öllu saman þegar krafist er af þeim að þær séu bæði sætar og eggjandi en gangi þær of langt er sjálfsagt að búast við því að þær verði fyrir ofbeldi?



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er fimmtudagurinn 23. apríl, 113. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.27 | 13.25 | 21.27 |
| Akureyri | 5.03 | 13.11 | 21.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


